

# Gengi Hjallabarna í grunnskóla

Hefur kynjaskipt leikskólastarf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?

Margrét Pála Ólafsdóttir

Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed. gráðu í uppeldis- og kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á stjórnslu.

Reykjavík janúar 2000

## Ágrip / Summary

„Gengi fyrrum Hjallabarna í grunnskóla“ er verkefni til fullnaðar M.Ed. gráðu við KHÍ. Markmiðið var að meta hvort áhrifa af kynjaskiptu starfi leikskólans Hjalla í Hafnarfirði gætti hjá börnum í grunnskóla og að skoða hvort munur væri milli stúlkna og drengja. Leitað var til yfir 100 Hjallabarna á aldrinum 6-8 ára og 11-13 ára. Foreldrar, kennarar og börnin sjálf svöruðu spurningakönnunum um færni, líðan og viðhorf þátttakenda. Lítil munur reyndist á Hjallabörnum og öðrum börnum. Samkvæmt mati kennara mældist þó almenn sjálfsvirðing og námsgeta meiri hjá eldri Hjallabörnum en samanburðarbörnum og Hjallabörn voru talin öruggari í samskiptum við börn af gagnstæðu kyni. Auk þess kusu Hjalladrengir öðrum fremur að leika og starfa með öðrum piltum. Munur var fyrir hendi milli stúlkna og drengja þegar svör þeirra voru skoðuð óháð fyrrum leikskólagöngu. Á heildina litið var útkoma stúlkna hærrí en drengja að sjálfsmýnd undanskilinni en þar var meðaltal drengja hærra.

This research was causal-comparative and participants were over 100 children from the Hjalli preschool. The aim was to find out if the Hjalli method of single sex classes influenced their skills and attitudes later on and also to find if there were differences between girls and boys. The children were 6-8 and 11-13 years old at the time of the research. In questionnaires the children, their parents and their teachers answered about the participants' skills, well being and attitudes. The findings were that in most fields the Hjalli children did not differ from their peers in the control group but teachers believed that the older Hjalli children were better students and their general self-worth was higher than their peers' in the control group. Also the Hjalli children seemed more confident in interaction with children of the opposite sex than children from the control group. The Hjalli boys were more positive to play and work only with other lads than boys from the control group. Sex differences were obvious regardless of former pre-school education. The girls' outcome was higher than boys' in most fields but the boys' self-esteem was higher.

# Efnisyfirlit

<b>ÁGRIP / SUMMARY .....</b>	<b>2</b>
<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>3</b>
<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>6</b>
<b>2. FRÆÐIKAFLI .....</b>	<b>9</b>
2 A KYNÍMYND OG KYNHLUTVERK .....	10
<i>Samantekt og álit.....</i>	<i>14</i>
2 B ALMENNUR KYNJAMUNUR .....	15
<i>Tilfinningalegur og sálrænn/félagslegur kynjamunur .....</i>	<i>15</i>
<i>Vitsmunalegur og námslegur kynjamunur .....</i>	<i>17</i>
<i>Félagslegur kynjamunur .....</i>	<i>20</i>
<i>Samantekt og álit.....</i>	<i>25</i>
2 C KYNJAMUNUR Í SKÓLASTARFI.....	26
<i>Stúlkur í skólum.....</i>	<i>26</i>
<i>Drengir í skólum .....</i>	<i>30</i>
<i>Samantekt og álit.....</i>	<i>33</i>
2 D SAMVISTIR OG FÉLAGAVAL STÚLKNA OG DRENGJA.....	33
<i>Samantekt og álit.....</i>	<i>38</i>
2 E OPINBER STEFNA Í JAFNRÉTTISUPPELDI .....	39
2 F SAMKENNSLA EÐA KYNJASKIPT KENNSLA .....	41
<i>Samskólar eða stúlkna- og drengjaskólar.....</i>	<i>42</i>
<i>Skólaverkefni varðandi kynjamun.....</i>	<i>47</i>
<i>Leikskólinn Hjalli.....</i>	<i>49</i>
<i>Nokkur verkefni með kynjaskipta kennslu.....</i>	<i>51</i>
<i>Niðurstöður tilraunaverkefna .....</i>	<i>54</i>

<i>Samantekt og álit</i> .....	58
<b>3. RANNSÓKNARTILGÁTA</b> .....	<b>59</b>
<i>Félagsleg færni</i> .....	62
<i>Einstaklingsfærni</i> .....	63
<i>Líðan</i> .....	65
<i>Viðhorf</i> .....	65
<b>4. RANNSÓKNARAÐFERÐIR</b> .....	<b>67</b>
<i>Rannsóknarsnið</i> .....	67
<i>Pátttakendur</i> .....	67
<i>Mælitæki</i> .....	70
<i>Félagsleg færni</i> .....	71
<i>Einstaklingsfærni</i> .....	72
<i>Líðan</i> .....	73
<i>Viðhorf</i> .....	73
<i>Gagnasöfnun</i> .....	74
<i>Úrvinnsla gagna</i> .....	75
<b>5. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>77</b>
5 A FÉLAGSLEG FÆRNI .....	77
<i>Félagsfærni</i> .....	77
<i>Hegðun</i> .....	80
<i>Námsgeta miðað við aðra</i> .....	81
<i>Samantekt á félagslegri færni</i> .....	83
5 B EINSTAKLINGSFÆRNI .....	84
<i>Sjálfsmynd yngri barna</i> .....	84
<i>Sjálfsmynd eldri barna</i> .....	86
<i>Sjálfsmynd, mat foreldra</i> .....	87
<i>Lunderni</i> .....	88
<i>Samantekt á einstaklingsfærni</i> .....	89

5 C LÍÐAN .....	90
<i>Líðan yngri barna í skólanum, með eigin kyni og gagnstæðu kyni .....</i>	90
<i>Líðan eldri barna í skólanum, með eigin kyni og gagnstæðu kyni .....</i>	91
<i>Kynjasamskipti barna að mati foreldra og kennara .....</i>	93
<i>Samantekt, líðan .....</i>	97
5 D VIÐHORF .....	98
<i>Viðhorf eldri barna til hegðunar kynjanna .....</i>	98
<i>Samkenndsla stúlkna og drengja eða kynjaskipt kenndsla .....</i>	101
<i>Upphaf skólagöngu og fyrrum leikskólaganga .....</i>	103
<i>Samantekt, viðhorf .....</i>	104
5 E SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM .....	105
<b>6. UMRÆÐA .....</b>	<b>107</b>
<i>Félagsleg færni .....</i>	109
<i>Einstaklingsfærni .....</i>	112
<i>Líðan barna í skólum .....</i>	115
<i>Viðhorf til hins kynsins og hegðunar stúlkna og drengja .....</i>	119
<i>Samskipti stúlkna og drengja .....</i>	122
<i>Samkenndsla eða kynjaskipt kenndsla .....</i>	124
<b>7. AÐ LOKUM .....</b>	<b>125</b>
<b>HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>127</b>
<b>MUNNLEGAR HEIMILDIR / VIÐTÖL .....</b>	<b>133</b>
<b>FYLGISKJÖL .....</b>	<b>134</b>

# 1. Inngangur

Sumar leiðir reynast lengri og torsóttari en nokkurn órar fyrir í upphafi ferðar. Árið 1981 lauk undirrituð námi frá Fósturskóla Íslands án þess að hugtakið „kynjamunur“ kæmi þar fyrir og börn voru ekki skilgreind sem stúlkur og drengir heldur einvörðungu sem „börn“. Átta árum síðar lagði ég af stað með kynjaskipta leikskólann Hjalla í Hafnarfirði eftir að hafa reynt í starfi að jafnrétti kynjanna væri ekki í höfn hjá leikskólabörnum. Kynjaskiptingin varð afar umdeild enda nýlunda á þeim tíma, Hjalli frægur að endemum og hefur verið nefndur einn umtalaðasti leikskóli Evrópu<sup>1</sup>. Nú eru tíu ár að baki og fyrsta tilraunin verið gerð til að meta áhrifin af starfinu hjá Hjallabörnum eftir að leikskóladvöl lýkur, þ.e. sú rannsókn undirritaðrar sem hér er lögð fram.

Rannsóknin var samanburðarrannsókn, viðfangsefnið var gengi fyrrum Hjallabarna í grunnskóla og markmiðið var að meta hvort áhrifa af kynjaskiptu leikskólastarfi gætti hjá börnum í grunnskóla. Leitað var eftir upplýsingum um færni, líðan og viðhorf barna sem dvalið höfðu á Hjalla svo og barna í samanburðarhópi. Auk rannsóknarinnar á gengi Hjallabarna var athugun á kynjamuni felld inn í verkefnið enda kynjamunur óaðskiljanlegur frá viðfangsefninu þar sem hann er orsök starfsháttanna Hjalla. Á Hjalla er kynjaskipt kennsla stúlkna og drengja lögð til grundvallar í skipulagi leikskólans, við nemendastjórnun og framsetningu námsefnis. Markmið kynjaskipta starfsins er að vinna gegn neikvæðum áhrifum kynjamunar, kynhlutverka og þeirra takmarkana sem þau fela í sér fyrir persónulegan þroska hvers einstaklings.

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. kynningu í tímaritinu „Nul til Fjorten, Pædagogisk Tidsskrift [...]“ frá 1995, 5 árg. 1. tbl.

Jafnframt er leitast við að styrkja stúlkur og drengi á þeirra forsendum með það fyrir augum að þau geti átt samskipti og samstarf án þess að neikvæð viðhorf til hins kynsins ráði ferðinni.

Leitað var eftir álitum barnanna sjálfa sem og mati kennara og foreldra á fyrrum Hjallabörnum og börnum í samanburðarhópi. Engra upplýsinga var aflað um menntun foreldra eða stétt, kynþátt, litarhátt og trúarbrögð og því ekki fjallað um möguleg áhrif þessara þátta á rannsóknina. Þrátt fyrir þessa afmörkun var rannsóknin það yfirgripsmikil að víða var ekki unnt að kafa eins djúpt í einstaka efnisþætti og æskilegt hefði verið.

Í þessari rannsókn var rannsakandi í sérkennilegri stöðu, þ.e. leikskóla-  
stjóri í umræddum leikskóla og því að rannsaka áhrif af eigin starfi. Deila má um ágæti þess og þá hættu að viðkomandi lendi í hagsmunaráreks-  
trum. Rannsóknaraðferðir, framkvæmd og úrvinnsla hefur því verið með þeim hætti að rannsakandi hefur aldrei verið í návígi við þátttakendur og við úrvinnslu hefur eingöngu verið unnið með talnagildi, þ.e. magnbundnar breytur. Þrátt fyrir þessa varnagla gengst höfundur fúslega við hlutdrægni sinni og efast reyndar um að hlutlausar rannsóknir séu til. Því er lesendum bent á að hafa þessa sérstöðu í huga ásamt þeirri staðreynd að viðkomandi hefur í áratug talað fyrir kynjaskiptri kennslu stúlkna og drengja sem möguleika til að auka jafnrétti kynjanna í skólum. Jafnframt skal tekið fram að áhugi á gengi fyrrum Hjallabarna kom ekki til vegna þeirrar skoðunar að fyrrum Hjallabörn væru betri öðrum börnum eða að leikskólinn Hjalli skilaði betri árangri en aðrir leikskólar. Því síður var álitnið að kynjaskipt kennsla stúlkna og drengja í leikskóla gæti ein og sér breytt þeirri staðreynd að jafnrétti kynjanna er ekki í höfn; hvorki í skólum, á vinnumarkaði né á heimilum. Meira þarf til að svo verði. Raunveruleg ástæða rannsóknarinnar var að kynjaskipt

kennsla er og hefur verið umdeild. Ýmsir telja aðferðina varasama, telja hana aðskilnaðarstefnu sem stækki kynjagjána, aðrir álíta þessa leið færa til að styrkja jafnréttisstarf í skólum og mæta þörfum beggja kynja betur en tekist hefur. Því er mikilvægt að afla traustra upplýsinga um möguleg áhrif og afleiðingar hennar í lengd og bráð. Slíkar niðurstöður verða haldbesta veganestið fyrir þá sem vinna að auknu jafnrétti stúlkna og drengja í stofnunum á öllum skólastigum. Von höfundar er að þessi rannsókn geti orðið lóð á vogarskálar.

Undirrituð þakkar fyrir mikilsverðan stuðning sem hún hefur notið við undirbúning og framkvæmd þessarar rannsóknar. Leiðsagnarkennarar mínir voru dr. Amalía Björnsdóttir og dr. Guðrún Kristinsdóttir og er þeim þakkað fyrir einkar gefandi samstarf og þann mikla stuðning sem þær veittu mér. Fjárhagsstuðningur Hafnarfjarðarbæjar var forsenda þess að ljúka verkinu og er það metið að verðleikum. Jafnframt er Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarbæjar og Máli og menningu þakkað fyrir mikilsverðan fjárstuðning. Fjölmargir aðrir hafa komið við sögu. Starfsliði Selásskóla og VSÓ Ráðgjafar er hér með þakkað fyrir aðstoð við forprófun gagna og öllu hinu frábæra starfsfólki leikskólans Hjalla er þakkað fyrir ómetanlega aðstoð og hvatningu. Loks er mér ljúft og skylt að þakka fjölskyldu minni og nánnum vinum - og þá sérstaklega henni Lilju minni, tengdaforeldrum mínum þeim Jónu og Sigurði og vinum mínum Matthíasi og Þórelfi - fyrir stuðning, uppörvun og hjálp en án þessa alls hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika.

Reykjavík í janúar 2000,

Margrét Pála Ólafsdóttir



## 2. Fræðikafli

Eru stúlkur öðruvísi en drengir? Er börnum mismunað eftir kyni og hver er staða kynjanna í skólum? Getur kynjaskipt kennsla verið leið til að auka jafnrétti í skólum eða er uppgjöf að aðskilja stúlkur og drengi? Spurningar sem þessar koma oft upp í umræðum skólafólks og annarra áhugasamra um jafnrétti og skólastarf. Hér á eftir er til umfjöllunar staða mála á Íslandi, á hinum Norðurlöndunum, í Bretlandi og í Bandaríkjunum bæði fyrr og nú. Ástæður þess að velja Norðurlöndin eru tengsl og skyldleiki sem nær alla leið inn í skólastofur og leikskóladeildir landanna. Einnig má ætla að stefnur og straumar í Bretlandi og Bandaríkjunum hafi átt greiðan aðgang að skólakerfi okkar þar sem enskukunnátta Íslendinga er yfirleitt nokkuð góð<sup>2</sup>.

Í eftirfarandi umfjöllun er gengið út frá því að kynjamunur og neikvæðar afleiðingar hans séu meðal stærstu hindrana sem skólafólk glímir við í viðleitni sinni til að efla jafnrétti meðal nemenda. Því er fyrst fjallað um kynjamun í þróun kynímyndar og kynhlutverks, því næst um almennan kynjamun og loks kynjamun í skólum. Að því búnu er fjallað um félagaval stúlkna og drengja, hvernig þau sækjast eftir samvistum og leikjum við börn af eigin kyni og hvernig kynjamunur birtist í þeim samskiptum. Opinber skólastefna þessara landa í jafnréttismálum er síðan skoðuð, hvernig og hvort landslög kveði á um viðbrögð við kynjamuni og hvaða viðhorf ríki til samkennslu og kynjaskiptrar kennslu sem leiða til að auka jafnrétti stúlkna og drengja í skólum. Því næst er fjallað um tvær leiðir sem farnar hafa verið í skólakerfinu til að mæta

---

<sup>2</sup> Enskukennsla kemur næst á eftir íslensku- og dönskukennslu í skólum

neikvæðum afleiðingum kynjamunarins. Annars vegar er fjallað um stúlkna- og drengjaskóla, þróun þeirra og stöðu í dag og hins vegar er fjallað um verkefni innan samskóla stúlkna og drengja þar sem kynja-skiptri kennslu hefur verið beitt til að mæta fyrrnefndum kynjamun. Þar er annars vegar starf sem ætlað er að mæta stúlkum og drengjum á mismunandi hátt vegna kynjamunarins og þar með ólíkra forsendna kynjanna og hins vegar að hamla gegn neikvæðum afleiðingum þessa munar s.s. einhliða kynhlutverkum. Leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði og Hjallastefnan eru meðal þessara verkefna en gengi fyrrum Hjallabarna er viðfangsefni þessarar rannsóknar.

## **2 A Kynímynd og kynhlutverk**

Sjálfsmynd einstaklings er sá grunnur sem viðkomandi byggir á allt sitt líf hvort sem tekið er mið af kenningum um að hún mótist á fyrstu aldursárum og verði óbreytt í farteskinu alla ævi eða sé síbreytileg í samspili einstaklings, umhverfis og aðstæðna<sup>3</sup>. Kynímyndin er órofa hluti af sjálfsmynd hvers og eins og er „ýmist skilgreind sem skynjun sjálfsins á því að vera kvenlegt eða karllegt eða sem skynjun manneskjunnar á sjálfri sér sem kvenkyns eða karlkyns veru“ bæði tilfinningalega og félagslega (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-a:151). Að mati Kohlberg (1978:92) er kynímyndin stöðugust af þeim félagslegu þáttum sem móta sjálfsmyndina.

Hlutverk og þar af leiðandi kynhlutverk má hins vegar skilgreina sem hegðun og starf sem er viðeigandi fyrir einstakling sem hefur tiltekna stöðu innan tiltekins félagslegs samhengis og hlutverkin eru mörg og mismunandi hvað varðar mikilvægi, sýnileika og áhrif (Colwill

---

<sup>3</sup> Sjá kenningar postmodernista um sjálfsmynd (Palmer 1997:142)

1982:36). Colwill (1982:20) álítur að kynhlutverkið sé áhrifamest allra hlutverka og bendir á að fólk notar „kyn“ sem fyrsta „merkimiðann“ sem það setur hvert á annað til að koma reiðu á óreiðu tilverunnar. Við þá flokkun styðst fólk við staðalmyndir, þ.e. að tiltekinn hópur fólks, í þessu tilviki „stúlkur“ og „drengir“, búi yfir sameiginlegum og fyrir-sjáanlegum einkennum og vegna þessara staðalmynda mæti börn hugmyndum og viðbrögðum sem eru talin hæfa kyni þeirra. Fleiri afdrifaríkir þættir en staðalmyndir hafa áhrif á mótun kynímyndar og kynhlutverks og skal þar fyrst nefna frumtengslamyndun barna, þ.e. tengsl barna við þá sem sinna frumpörfum þeirra. Þeim þætti verða þó ekki gerð skil hér.

Fræðimenn eru nokkuð sammála um að sjálfsmynd, kynímynd og vitund barna um kynferði sitt komi til á öðru aldursári. Þá fer barnið m.a. að tala um sjálft sig í fyrstu persónu og þekkir sig í spegli en álítur enn að það geti breytt um kyn. Á aldrinum tveggja til þriggja ára byrja börn að skilgreina sig og skynja sig sem stelpu eða stráka, 3-4 ára börn svara og skilgreina störf samkvæmt kynbundnum hugmyndum og 4-5 ára hafa þau þróað hegðun í samhljómi við kyn sitt samkvæmt rannsókn Huston o.fl. Hjá 6-7 ára börnum er kynímyndin orðin stöðug og varanleg (sjá Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-a:151, Lloyd og Duveen 1992).

Bresk rannsókn Davies (sjá Davies og Banks 1995) á kynbundnum hugmyndum 4-5 ára leikskólabarna frá 1989 og framhald Davies og Banks (1995:46,66) frá 1993 styðja það sem áður er fram komið. Þær rannsóknir bentu til þess að almennt líti börn á hið kvenlæga<sup>4</sup> eða hið karllæga<sup>5</sup> sem óumbreytanlegan hluta af persónuleika sínum og að

---

<sup>4</sup> Feminine

<sup>5</sup> Masculine

hugmyndir þeirra um kynhlutverkin breyttust ekki með auknum aldri og proska. Þær skipta viðhorfum barnanna til kynhlutverka í fjóra flokka eftir því hvernig börnin meta hegðun, áhuga, leiki og störf sem kven- eða karllæg og hversu mikla áherslu þau leggja á muninn milli kynjanna:

- Að mati barna í fyrsta hópnum er óbrúanleg gjá milli kven- og karllægrar hegðunar. Þeirra eigin kynímynd er sterk og hefðbundin og áhugi þeirra, leikir og störf eru einnig á hefðbundnum nótum. Þau eru sannfærðari en önnur börn um vald foreldra sinna og skyldu barna að hlýða fyrirskipunum.
- Að sögn barna í næsta hópi skiptir mögulegur mismunur á kven- og karllægri hegðun litlu máli. Þau sjálf sýna þó afar hefðbundna hegðun og áhugi þeirra, leikir og störf er í fullu samræmi við hefðbundið kynhlutverk.
- Að mati barna í þriðja hópnum er hefðbundinn munur á kven- og karllægri hegðun. Þau sjálf hafa þó mesta löngun til að brjóta gegn hefðinni og gera það sem er talið viðeigandi fyrir gagnstætt kyn. Hins vegar öðlast þau ekki viðurkenningu annarra þar sem hegðun þeirra fellur ekki að mynstrinu.
- Skoðun barna í síðasta hópnum er að í raun og veru ætti enginn munur að vera á kven- og karllægri hegðun. Þau telja að þau geti sjálf sýnt fjölbreyttari hegðun en hefðin gerir ráð fyrir og gera það. Hins vegar stangast það á við skoðanir annarra og því eiga þau í mikilli innri togstreitu (Davies og Banks 1995:49-67).

Niðurstöður rannsókna Davies og Banks sýna að staðalhugmyndir um kynhlutverkin lifa enn meðal barna og hafa áhrif á líf þeirra hvort sem þau uppfylla viðkomandi hlutverk eða búa við togstreitu ef þau uppfylla þau ekki. Sömu staðalhugmyndir hafa tekið litlum breytingum í aldanna rás og meginatriðin standa óhöggud. Stúlkur og konur hafa verið taldar mjúkar, umhyggjusamar og tillitsamar og drengir og karlar hafa verið taldir djarfir, sjálfstæðir og sterkir svo dæmi séu tekin. Í sókn gegn þessum kynhlutverkum hefur verið reynt að tengja kven- og karllægar víddir í sammannlega heild í stað þess að stilla þeim upp sem andstæðum (Holthe 1993:4, 1993b:3, Gulbrandsen 1996:21, Margrét

Pála Ólafsdóttir 1998:65-66). Forsendurnar hafa verið að hlutverk hvors kyns takmarki líf og færni barna og að bæði stúlkur og drengir verði að öðlast færni sem samkvæmt fyrrgreindum staðalmyndum hefur verið eignuð gagnstæðu kyni. Á þann máta er litið á alla eiginleika sem sammannlega og að öll börn verði að fá tækifæri til að þroska alla eiginleika til að verða „heilar“ manneskjur í stað þess að búa við takmarkanir gömlu kynhlutverkanna.

Þessi nálgun er skyld hugmyndum sálfræðingsins Jung sem notaði hugtakið „androgyn“ um einstakling sem væri laus úr viðjum kynhlutverkanna og hefði náð að þroska báðar víddirnar, þ.e. kvenlægnina sem Jung nefndi anima og karllægnina sem hann nefndi animus (sjá Holthe 1993:19-20, Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-a:138, Marecek 1995:108). „Androgyn“ einstaklingar myndu þannig leyfa báðum hliðum persónuleikans að njóta sín, þ.e. hinni kvenlægu hlið persónuleikans eða nálægð, tilfinningasemi, samúð, umhyggju og viðkvæmni svo og hinni karllægu hlið eða styrk, valdi, hlutlægni og einstaklingshyggju. Þessi uppsetning Jungs er samhljóma austurlenskri heimspeki þar sem Yin er hugtak kvenleikans og Yang hugtak karlleikans og allir einstaklingar taldir búa yfir báðum þáttum þó að Yin sé ráðandi hjá konum og Yang hjá körlum (sjá Holthe 1993:48-50).

Guðný Guðbjörnsdóttir (1994-a:153) hefur bent á að fyrir stúlkur hafi verið betra að hafa „androgyn“ sjálfsmynd fremur en kvenlæga en fyrir drengi hafi litlu skipt hvort sjálfsmyndin væri „androgyn“ eða karllæg. Rannsókn Guðnýjar á íslenskum menntaskólanemum leiddi í ljós að ólíklegra er að piltar tileinki sér kvenlæga sjálfsmynd en að stúlkur tileinki sér karllæga sjálfsmynd (sama rit bls. 29-52). Kenningar Jungs hafa einnig verið viðraðar á síðustu árum af þeim sem hafa gagnrýnt

skólakerfið og hinn „kvenstýrða“ skóla. Þar hefur verið bent á að kennarar taki ekki tillit til piltanna og afneiti þörf þeirra fyrir að nota líkamlega krafta og þróa sínar karllægu hliðar. Hafa gagnrýnendur talið að kvenlægt skólastarf og kvenlæg viðhorf væru að „vana“ drengina og vinna gegn því að þeir nái að verða heilsteyptir karlar (Reisby 1998:16).

Hér verður að hafa þann fyrirvara á að öll hugtök fela í sér staðlaðar hugmyndir um kven- og karllægni. Því er erfitt að henda reiður á hvaða hugtök megi telja sammannleg eða ókynbundin auk þess sem þau eru breytileg frá einum tíma til annars. Sem dæmi má nefna BSRI<sup>6</sup> kvarða sem var ætlað að mæla kven- og karllægni (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-a:151-157, Marecek 1995:108). Nýlegar rannsóknir í Bandaríkjunum hafa sýnt að hugtök þess kvarða duga ekki lengur því viðhorf til eiginleika kynjanna hafa breyst (Guðný bls. 157). Aðrir og nýrri kvarðar hafa síðan litið dagsins ljós og má ætla að kven- og karllæg einkenni verði áfram meðal viðfangsefna þeirra sem beina sjónum að málefnum stúlkna og drengja.

#### Samantekt og álit

Á heildina litið má segja að kynhlutverk og þróun þeirra virðast hafa mikil áhrif bæði til góðs og ills í lífi barna. Hlutverkin skipta börnin miklu máli hvort sem þau haga lífi sínu í samræmi við þau eða brjóta gegn hefðinni.

Að einhverju leyti virðast kynhlutverkin veita öryggi þar sem þau flokka óreiðu lífsins og setja stúlkur/drengi og konur/karla í ákveðna reiti með ákveðin verkefni og ákveðna hegðun. Hins vegar virðast neikvæðu þættirnir vega þungt. Kynhlutverkin eiga stóran þátt í að „stimpla“ og

---

<sup>6</sup> Bem Sex-Role Inventory, kvarði gerður af sálfræðingnum Söndru Bem fyrir um tveimur áratugum

niðurlægja einstaklinga, þ.e. alhæfa um hegðun þeirra, áhuga og langanir. Í rannsókn Davies og Banks (1993) kom í ljós að mikil fjölbreytni ríkti í áhuga og þrárn barnanna sjálfra og að þau börn sem kusu óhefðbundna hegðun bjuggu við innri togstreitu þess vegna. Að auki takmarka kynhlutverkin leiki, störf og hegðun barna þar sem krafa er gerð um að allir passi í kynbundinn „bás“ og mörg börn vilja fremur falla í mynstrið en að brjóta gegn því. Þannig geta kynhlutverkin staðið í vegi fyrir eðlilegum þroska og persónulegu sjálfstæði einstaklinganna. Hin hefðbundnu kynhlutverk eru andstæð hugmyndum Jungs og fleiri um hina „heilu“ manneskju sem ræður við bæði kvenlæga og karllæga eiginleika. Hvort sem litið er til þeirra kenninga eða ekki virðist skýrt að andæfa þarf gegn takmörkun kynhlutverkanna og stöðluðum viðhorfum jafnframt því sem efla þarf tilraunir til að auðga hugmyndaheim barnanna um getu og möguleika óháð kynferði.

## **2 B Almennur kynjamunur**

### Tilfinningalegur og sálrænn/félagslegur kynjamunur

Samantekt Jacklin og Maccoby á hundruðum rannsókna á kynjamuni á áttunda áratugnum benti til þess að fleira væri líkt en ólíkt með kynjunum (sjá Marecek 1995:105). Fabes (1994:20-21) komst að sömu niðurstöðu eftir skoðun á nýburarannsóknum en hann ályktaði að enginn óyggjandi munur væri fyrir hendi milli stúlkna og drengja við fæðingu. Munur hefur þó fundist í ýmsum rannsóknum, t.d. hefur rannsókn Fabes og fleiri (1994:21) á mismunandi viðbrögðum leikskólabarna bent til tilfinningalegs kynjamunar. Viðbrögðin voru metin út frá rafleiðni í húð barna við mismunandi aðstæður. Ef aðstæðurnar lutu að samkennd, brugðust stúlkur fyrr og sterkar við en drengir. Við álagsaðstæður voru viðbrögð drengja sterkari og þeir voru lengur að ná sér en stúlkur. Þessi

niðurstaða Fabes er samhljóma eldri rannsókn Frankenhaeuser o.fl. (sjá Fabes 1994:21) um að þegar kynin eru í tilraunaaðstæðum með miklu álagi og streitu, eykst adrenalínframleiðsla meira hjá körlum en konum. Rannsókn Fabes, Eisenberg og fleiri (1994:22-24) á tilfinningaákafa<sup>7</sup> barna hefur bent til fylgni milli þess þáttar og félagslegrar færni. Þannig töldu kennarar að áköf börn sem sýndu árásargirni og reiði væru félagslega vanhæfari en börn sem mældust síður áköf og forðuðust átök. Kennarar töldu drengi ákafari en stúlkur og skoðun á atferli barnanna í átökum staðfesti það álit kennaranna.

Samantekt Maccoby (1978) á fjölda rannsókna frá sjöunda og áttunda áratugnum benti til þess að kynjamunur væri á starfsaðferðum stúlkna og drengja. Sem dæmi má nefna að þegar stúlkur og konur í erfiðum verkefnum fengu neikvæða gagnrýni minnkaði löngun þeirra til að ná árangri og þær stóðu sig lakar en áður. Stúlkur á leikskólaaldri unnu skipulegar en drengir að lausn verkefnis en eftir því sem verkefnið varð erfiðara og villur gerðu vart við sig minnkaði áhugi stúlkanna og þær sýndu ríka löngun til að hætta. Í annarri rannsókn á leikskólabörnum virtist áhugi og virkni drengja aukast við erfiðar aðstæður en stúlkur urðu óvirkari. Einnig kom í ljós kynjamunur hjá 3-9 ára börnum þegar þeim var boðið að velja milli verkefna sem þeim hafði áður gengið vel eða illa að leysa. Drengir leituðu þangað sem þeim hafði mistekist en stúlkur sóttu í verkefni þar sem þeim hafði gengið vel (sjá Maccoby 1978). Á níunda áratugnum sýndu rannsóknir Licht og Dweck hliðstæðar niðurstöður. Sem dæmi má nefna að stúlkur virtust drengjum fremur halda sig við það sem þær kunnu vel og bæði léku sér og störfuðu „á öruggum nótum“ (sjá Shaw 1995:77).

---

<sup>7</sup> EI, Emotional Intensity



Samnorræn rannsókn á daglegri líðan og félagslegri færni 10 ára barna benti til þess að sjálfsmynd stúlkna væri síðri en drengja hvað varðaði líkamlega sjálfsmynd en vitsmunaleg og félagsleg sjálfsmynd þeirra var ámóta. Svör bæði barna og kennara leiddu hins vegar í ljós að stúlkur voru metnar félagslega færari en drengir en svör foreldra sýndu ekki þann kynjamun (Ogden 1998:133-134). Í sömu rannsókn kom í ljós að íslenskir drengir hafa oftar áhyggjur en stúlkur og áhyggjur drengja voru annars eðlis en stúlkna. Hjá drengjum tengdust þær fjármálum og ótta við stríðni en hjá stúlkum tengdust áhyggjurnar veikindum í fjölskyldunni eða því að foreldrarnir hefðu of mikið að gera (Guðrún Kristinsdóttir 1998:202-203). Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur (1998:18-19) sýndi að stúlkur voru oftar einmana og niðurdregnar en drengir. Þær sýndu „einkenni vanlíðunar, þunglyndis og kvíða og sjálfsmat þeirra [var] lægra“ en drengjanna.

#### Vitsmunalegur og námslegur kynjamunur

Margir telja að stúlkur þroskist hraðar en drengir. Rannsóknir Wiersén-Meurling (1996:27-28) benda til að kynjamunur í þróun heilans og á þroska ákveðinna heilastöðva nemi tveimur árum þar sem stúlkur þroskist hraðar en drengir. Telur hún að munur sé fyrir hendi fram undir tvítugt. Auk þess álítur hún að truflanir í taugakerfi barna séu tvisvar til fimm sinnum algengari hjá drengjum en stúlkum. Í framhaldi af þessu ályktar Wiersén-Meurling (1996:30-31) að fleiri stúlkur séu færari um að ráða vel við formlegt nám í grunnskóla en drengir. Úttekt Moir og Jessel (1991) á heilarannsóknum í Bandaríkjunum benda einnig í þá átt að kynjamunur sé á þroska heilans og starfsemi hans. Þrátt fyrir umræddar rannsóknir á mismunandi þroska stúlkna og drengja hafa margir haft uppi varnaðarorð við því að kynjamunur og ólíkur námsárangur stúlkna og drengja verði skýrður með ólíkri heilastarfsemi. Bent hefur verið á að

umhverfið hafi áhrif á þróun heilans og að umræddar rannsóknir séu komnar skammt á veg og varasamt sé að alhæfa á grundvelli þeirra (Reed 1999). Þessara rannsókna er þó getið hér í tengslum við umfjöllun um námslega stöðu stúlkna og drengja og árangurs þeirra í skólum.

Íslenskar rannsóknir benda til kynjamunar í nokkrum námsgreinum þar sem meðaleinkunnir stúlkna eru hærrí en drengja (Amalía Björnsdóttir 1999, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998:10). Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla sýna þennan kynjamun í íslensku. Í 10. bekk er einnig munur milli stúlkna og drengja í dönsku en í ensku er slíkur munur ekki fyrir hendi. Í stærðfræði eru einkunnir stúlkna og drengja svipaðar í 4. bekk en í 7. og 10. bekk eru stúlkur orðnar hærrí en drengir (Amalía Björnsdóttir 1999). Breskar rannsóknir á einkunnum stúlkna og drengja á landsvísu frá 1988 (GCSE<sup>8</sup>) sýna að frammistaða stúlkna er betri í ensku og hið sama gildir um stærðfræði og náttúruvísindi (Ofsted 1996:6). Eina undantekningin hefur verið í leikfimi og íþróttum en á þessu tímabili hafa drengir einu sinni fengið hærrí einkunn en stúlkur. Kynjamunur í einkunnum breskra barna hefur ekki minnkað á síðustu árum, þvert á móti virðist hann færast í aukana (Ofsted 1996:6-7, Smithers og Robinson 1995:7). Hins vegar hefur sýnt sig að breiddin í einkunnum drengja er meiri og þeir eru hlutfallslega fleiri meðal þeirra nemenda sem fá alhæstu eða allægstu einkunnirnar. Það kemur heim og saman við rannsóknir í öðrum löndum (Ofsted 1996:6, sjá Steenberg 1997:31).

Umræddur kynjamunur á námsárangri hefur lengi komið fram í rannsóknum. Í samantekt Maccoby (1978) á fjölda kynjarannsókna kom

---

<sup>8</sup> GSCE General Certificate of Secondary Education

fram að stúlkur sögðu fyrsta orðið fyrr, þær náðu fyrr skýrum framburði, þær notuðu lengri setningar og voru fyrr altalandi en drengir. Stúlkur náðu einnig fyrr valdi á lestri og glímdu síður við lestrarörðugleika en drengir. Rannsókn McGuinness leiddi í ljós að heyrn kynjanna er mismunandi, stúlkur skynja hljóð betur en drengir og hefur getum verið leitt að því að heyrn drengja hamli þeim í málþroska og lestri (sjá Shaw 1995:75). Úttekt Swann á fjölda rannsókna varðandi lestrargetu kynjanna benti til hins sama og fyrrnefnd úttekt Maccoby nær tveimur áratugum áður. Stúlkur stóðu drengjum oftast framar í lestri, þær voru oftast með hærri einkunnir í málfræði og stafsetningu og með betra vald á tungumálinu en drengir (sjá Shaw 1995:75-77). Stúlkum gekk því betur en drengjum að mæta formlegum námskröfum. Þessi staða hlýtur að hafa áhrif á afstöðu barna til námsins en íslenskar rannsóknir hafa sýnt að viðhorf barna til skólans hefur áhrif á námsárangur (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998:10). Rannsóknir APU<sup>9</sup> í Bretlandi hafa einnig sýnt fylgni milli áhuga og viðhorfs barna til námsefnisins og árangurs þeirra (sjá Orr 1992:13).

Ætla má að þessi gagnkvæmu áhrif viðhorfa, áhuga og árangurs efla stúlkur í námi en dragi úr drengjum. Jafnframt er líklegt að börn þekki þá umræðu að stúlkur nái betri námsárangri en drengir og að stelpur séu færari um að haga sér vel í skóla. Nýlegar rannsóknir Levy og fleiri hafa einmitt leitt í ljós að börn eru fljótust að tileinka sér færni sem samkvæmt hefðinni er talin tilheyra þeirra eigin kyni (sjá Martin 1994:37). Samkvæmt framansögðu er „stelpuleg“ geta og hegðun æskilegri en „strákahegðun“ í skólum og þar af leiðandi er jákvæður námsárangur fremur tengdur stúlkum en drengjum. Niðurstöður úr mati

---

<sup>9</sup> Assessment of Performance Unit

kennara á 10 ára börnum á Norðurlöndunum, þar með talið á Íslandi, leiddi í ljós að kennarar töldu stúlkur betri í námi, hegðun, samskiptum og annarri félagslegri færni (Ogden 1998:133). Rannsóknir á líðan 6-8 ára barna með kennurum sýndi að stúlkum leið betur í samskiptum við kennarana en drengjum (Juhasz og Munshi 1998:697). Styðja þessar niðurstöður framangreinda ályktun um að nám og skólaganga sé fremur talið sniðið að stúlkum en drengjum.

#### Félagslegur kynjamunur

Félagslegur kynjamunur kemur fram í málnotkun stúlkna og drengja. Samantekt Mahony (1985) á nokkrum rannsóknum sem náðu yfir meira en áratug leiddi í ljós að drengir töluðu meira en stúlkur í kennslustundum og orðanotkun þeirra var grófari en stúlkna. Jafnframt hrópuðu þeir og kölluðu, stjórnðu samtölum og einokuðu frásagnir í bekknum. Hliðstætt mynstur var til staðar hjá fullorðnum samkvæmt sömu samantekt; karlar töluðu meira en konur og stjórnðu bæði umræðufnum og þróun samræðna. Bæði drengir og karlar reyndust grípa fram í fyrir stúlkum og konum en töluðu sjálfir óáreittir. Nýrri rannsóknir og nýjar úttektir á rannsóknum á þessu sviði benda til hins sama. Flestir drengir virtust tala meira en stúlkur í skólum, bæði lengur og oftar, með lengri setningum og teygðu fremur lopann við að útskýra svör sín en stúlkur. Þær reyndust stutturðar og létu sér duga að gefa upplýsingar um staðreyndir málsins (Howe 1997:10, Kruse 1995:69, 1996:9). Íslensk rannsókn kennaranema sýndi að í skólastofum töluðu drengir yfir bekkinn en stúlkur hvísluðu fremur að sessunauti sínum (Ragnhildur Bjarnadóttir 1996:112). Samkvæmt rannsókn Jones og Gerigs reyndust stúlkurnar vera meirihluti þöglu nemendanna þó drengir fyndust einnig í því hlutverki (sjá Howe 1997:10). Samkvæmt rannsókn Leaper ein- kenndust tjáskipti pilta af tilraunum þeirra til að ná yferráðum og stjórn á

umhverfi sínu en stúlkurnar voru í gagnkvæmum tjáskiptum, notuðu málið til samstarfs og varð þessi munur meiri hjá eldri börnum (sjá Fabes 1994:25). Samhljóma þessari valdanotkun drengja á tungumálinu eru rannsóknir sem benda til þess að þeir drengir sem breiða úr sér á annarra kostnað séu málglöðustu börnin í hópnum (sjá Howe 1997:10).

Innihald í tali kynjanna er einnig mismunandi. Drengir reyndust ræða um daginn og veginn en stúlkur um námsefnið (Ragnhildur Bjarnadóttir 1996:112). Stúlkur virtust helst lýsa raunverulegum aðstæðum í frásögnum. Þær sögðu frá heimilis- og fjölskyldulífi og felldu prinsessur eða dýr að heimilishefðinni. Drengir sköpuðu fremur ævintýraheim með hetjum, ræningjum og skrímslum sem börðust upp á líf og dauða (Delamont 1980, Nordahl 1997-a, Paley 1985:3-4, 41).

Félagslegur munur stúlkna og drengja birtist einnig í stráka- og stelpuleikjum og í eftirfarandi yfirliti er fjallað um þau meginatriði sem einkenna þessa leiki.

Kynjamunur kom fram í rannsókn Lawry á tölvuleikjum. Stúlkum þótti mikilvægast að söguþráður væri fyrir hendi ásamt spennandi persónum og mikilsverðum markmiðum. Jafnframt vildu þær að leikurinn snérist um félagsleg samskipti, sköpun og ögrandi samskiptaverkefni. Drengjum fannst mikilvægast að skemmta sér í tölvuleikjunum. Þeir vildu hafa mikinn hraða og spennu í leikjunum, ævintýri, tilheyrandi ögranir og ofbeldi (sjá De Jean o.fl. 1999:208).

Í rannsókn Kvalheim (1980:35-36) á 3-7 ára börnum kom í ljós að þegar stúlkur og drengir léku sér saman voru þau annars vegar í hópnum sem drengir stýrðu, t.d. löggú og bófaleik þar sem stúlkur voru oftast mömm-

urnar sem voru heima, bjuggu til mat og pössuðu börn og fanga meðan drengirnir eltu hvern annan. Hins vegar tóku börn af báðum kynjum þátt í fjölmennum mömmuleikjum sem stúlkurnar stýrðu og drengirnir voru í hlutverkum hunda, varðmanna eða litla bróður en sjaldan í pabbahlutverkinu. Oftast léku stúlkur og drengir sér þó við börn af eigin kyni.

Sama rannsókn benti einnig til munar á valdastöðu og valdaleysi stúlkna og drengja. Leiðtogi drengja varð að hafa bæði kjark og greind til að bera og geta þróað leikina öðrum betur. Jafnframt styrkti það stöðu hans að búa yfir efnislegum gæðum eins og eftirsóttum leikföngum og geta stært sig af eignum sínum heima. Leiðtoginn hafði óskorað vald og átti sér fylgismenn en aðrir drengir lentu á jaðrinum. Ef einhver úr drengjahópnum var skilinn útundan réðist hann bæði að leikfélögum og leikföngum og reyndi að skemma fyrir (Kvalheim 1980:35-36). Leiðtogi stúlkna var sú sem best gat leitt mömmuleiki, útvegað það sem til þurfti og stjórnað bak við tjöldin. Leiðtoginn var ekki mjög áberandi og sá ekki alltaf um opinbera stjórnun leiksins heldur skiptust þær oft á um það hlutverk. Stúlkurnar léku sér í klíkum sem þær allar áttu aðild að og því voru engar stúlkur fastar á jaðrinum. Ef einhver úr klíkunni var skilin útundan um stund nálgast hún þögul, það gætilega um að fá að vera með og þáði minnst metna hlutverkið í leiknum (Kvalheim 1980:35-36).

Ný rannsókn Francis (1998-b:181-189) á leikjum 7-11 ára barna bendir einnig til kynjamunar á valdi og stjórnun í leikjum barna. Drengir voru stúlkum fremur við stjórnvölinn í sameiginlegum leikjum þeirra. Þeir notuðu valdið af ákveðni til að hafa stjórnina en stúlkur notuðu vald sitt síður. Í strákaleikjum hafði leiðtoginn óskorað vald og hið sama gildi í sameiginlegum leikjum. Í stelpuleikjum var þessu öfugt farið; hinar stúlkurnar höfðu leiðtogann að háði og spotti þegar þær vildu auka áhrif

sín. Í strákaleikjum var tekist opinskátt á um hlutverkin en stelpurnar skiptu hlutverkum og tókust á bak við tjöldin. Í sameiginlegum leikjum voru drengir oftast fyrstir til að velja sér hlutverk en stúlkur þáðu afgangshlutverk til að halda friðinn og sjá til þess að leikurinn gæti hafist. Jafnframt ákváðu drengir oftast hvað ætti að leika; stúlkurnar buðu þeim oft að ráða og drógu sig í hlé til að þeir gætu fengið vilja sínum framgengt. Í sameiginlegum leikjum breyttist hegðun drengjanna ekki en annað var uppi á teningnum hjá stúlkunum. Þær léku trúð og spauguðu og spottuðu í sínum hópi til að upphefja sig en í leikjum með drengjum voru þær ofurmáta ábyrgðarfullar og skynsammar.

Drengir voru ofbeldisfullir í eigin leikjum og einnig þegar þeir léku sér með stúlkum. Þær sýndu ekki ofbeldi á móti í sameiginlegu leikjunum en þegar þær léku sér einar áttu þær til að tengja ofbeldi inn í leikina. Má þar nefna morð á sjúkrahúsinu eða slys og morð á fjarstöddum drengjum. Francis (1998-b:179-194) bendir á að stúlkurnar hafi sýnt skynsemi og fórnfýsi í sameiginlegu leikjunum og lagað sig að kjánaskap og eigingirni drengina. Þær nutu hins vegar ekki góðs af þeirri fórnfýsi heldur voru undirmálshópur í leiknum. Það leiddi af sér að þær fengu valdaminnstu hlutverkin og þannig viðhélst valdaleysi þeirra.

Rannsóknir benda til kynjamunar í vali barna á verkefnum og leikföngum þar sem stúlkur og drengir sækjast eftir leikjum og leikföngum sem tilheyra þeirra kyni samkvæmt hefðbundum hugmyndum. Stúlkur sækjast eftir hlutverkaleikjum, heimilisleikjum, handavinnu og föndri en drengir sækjast eftir bygginga- og kubbaleikjum auk hreyfi- og bardagaleikja<sup>10</sup> (Holthe 1993-a, 1993-b, Lloyd og Duveen 1992,

---

<sup>10</sup> Hreyfi- og bardagaleikir er hér notað um „action“ leiki drengja

Kvalheim 1980, Paley 1985, Rithander 1991). Rannsókn Holthe (1993-  
b:30-35) á norskum leikskólabörnum sýndi að hlutur stúlkna í  
hreyfileikjum inni nam 15% á móti 85% hjá drengjum og í hreyfileikjum  
úti var hlutur stúlkna rösk 30% á móti nær 70% hlut drengja. Í  
byggingaleikjum var hlutur stúlkna innan við 40% en yfir 60% hjá  
drengjum. Dæmið snérist við þegar kom að hlutverkaleikjum. Hlutur  
stúlkna var nær 80% á móti röskum 20% hjá drengjum. Stúlkur sóttu  
einnig meira í föndurvinnu, þ.e. 60% á móti 40% og í „barnamenningu“  
s.s. að hlusta á segulband og skoða bækur þar sem hlutfallið reyndist  
vera tæp 60% á móti röskum 40%. Rannsókn Lloyd og Duveen  
(1992:173) benti einnig til kynjamunur á vali barna á leikföngum og  
verkefnum. Drengir kusu fremur byggingarleiki og hreyfileiki en stúlkur  
kusu skapandi leiki, föndur, hlutverkaleiki og skólaverkefni s.s. bækur  
og skriftar- og lestrarblöð. Allt bendir þannig til þess að stúlkur hreyfi  
sig minna en drengir og samnorræn rannsókn á 10 ára börnum leiddi í  
ljós að líkamleg sjálfsmynd stúlkna á öllum Norðurlöndunum var lakari  
en drengja þó að sjálfsmynd kynjanna væri að öðru leyti hliðstæð  
(Guðrún Kristinsdóttir 1998:195, Ogden 1998:127).

Í rannsókn Wolpe frá 1977 kom fram að á hefðbundnum skólaleik-  
völlum einokuðu drengir leiksvæðið en stúlkur voru á útjaðrinum (sjá  
Mahony 1985). Sambærileg skoðun nokkrum árum síðar leiddi hið sama  
í ljós. Drengir léku sér á opnum svæðum og gengu óhikað yfir þau en  
stúlkur léku sér á útjaðrinum og gengu á gangstígum sem lágu næst  
skólabyggingum. Drengir léku sér í fjölmennum flokkum þar sem  
ofbeldi, hávaði og hraði var einkennandi. Hjá stúlkum var tilhneigingin  
að fela sig tvær eða fjórar saman í skotum og hornum og í hreyfileikjum  
notuðu þær aðeins hluta af því svigrúmi sem drengirnir tóku. (Mahony  
1985). Í skólastofum gildi hið sama, drengir tóku sér meira svigrúm en



stúlkur og notuðu fremur miðju stofunnar (Mahony 1985, sjá Steenberg 1997:34). Nýleg úttekt Howe (1997:9-10) á rannsóknum þeirra French og French, Bousted og loks Swann og Graddol sýna einnig hið sama. Á heildina litið tóku piltar meira rými en stúlkur og voru sýnilegri í skólastofunni. Þeir sem tóku sér meira rými en þeim bar voru síðan öðrum nemendum málgláðari. Íslensk athugun kennaranema sýndi einnig að meira fór fyrir drengjum en stúlkum í skólastofum þó að drengir væru einnig í hópi fyrirferðarlitlu nemendanna (Ragnhildur Bjarnadóttir 1996:115-116).

### Samantekt og álit

Hér á eftir fer stutt samantekt á framangreindum niðurstöðum rannsókna á almennum kynjamuni. Í stuttu máli sagt ber rannsóknum og úttektum ekki saman hvað varðar sálrænan, vitsmunalegan og tilfinningalegan kynjamun og er fræðifólk ekki á eitt sátt um umfang, eðli og orsakir kynjamunar. Þó má ætla að flestir séu sammála um að ákveðinn meðaltalsmunur finnist á afmörkuðum sviðum og má þar sérstaklega nefna árangur stúlkna og drengja í skólum. Þar virðist sem stúlkum vegni að meðaltali betur en drengjum.

Meira sammæli virðist vera um félagslegan kynjamun sem birtist m.a. í rannsóknum á máli og leikjum kynjanna. Framangreindar leikjarannsóknir (Andresen, Lloyd og Duveen, Holthe, Kvalheim og Paley) benda til þess að á heildina litið velji bæði stúlkur og drengir leiki og verkefni í samræmi við kynhlutverkin. Því má segja að stúlkurnar einoki leiki og verkefni sem venjulega eru talin kvenlæg og drengirnir einoka á sama hátt karllæga leiki og verkefni. Á grundvelli þess þjálfu þau eiginleika og hegðun sem tilheyra hefðbundnu kynhlutverki. Á þennan máta vinnur val barnanna gegn hugmyndum um hina „heilu“ manneskju sem

ræður við alla mennska eiginleika óháð kynferði. Jafnframt má álykta að umrædd tilhneiging torveldi skólafólki að auðga hugmyndaheim barna þar sem stöðugar samvistir stúlkna og drengja virðast styrkja staðalmyndir um að stúlkur geri eitt og drengir annað. Niðurstöður úr nýrri leikjarannsókn Francis eru áhugaverðar en þær eru samhljóma niðurstöðum málrannsókna og rannsókna á rýmisnotkun um valdastöðu drengja og valdsmannslega hætti þeirra. Niðurstöður Francis benda til þess að stúlkur láti af sínu til að halda friðinn og afhendi þannig drengjum valdið. Þær breyta hegðun sinni og sýna yfirmáta skynsemi og fórnfýsi sem verður til þess að drengirnir ganga á lagið, notfæra sér fórnfýsina og halda völdum. Þessar niðurstöður eru sérlega ógnvekjandi með tilliti til þess að góður námsárangur stúlkna og betri líðan stúlkna en drengja í skólum hefur valdið því að margir hafa talið að hlutverk og hlutskipti stúlkna hafi tekið grundvallarbreytingum á síðustu áratugum og verður fjallað nánar um það síðar í þessu verkefni.

## **2 C Kynjamunur í skólastarfi**

Þrátt fyrir yfirlýst markmið skólakerfisins um jafnrétti stúlkna og drengja hafa fjölmargar rannsóknarniðurstöður á leik- og grunnskólastigi bent til að slíkt jafnrétti sé ekki fyrir hendi. Reynsla og líðan stúlkna og drengja í skólum virðist ólík. Talið er að kennarar mismuni stúlkum og drengjum á grundvelli kyns án þess að vera sér meðvitandi um það. Hér á eftir verður fjallað um þætti í skólastarfi þar sem kynin virðast ekki standa jafnt að vígi. Verður fyrst fjallað um stöðu stúlkna og vanda þeirra, því næst verður horft til sviða þar sem drengir standa höllum fæti.

### **Stúlkur í skólum**

Margt bendir til þess að stúlkur njóti sín vel í skólum. Námsárangur þeirra er góður og betri en drengja (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998, Ofsted

1996, Ogden 1998). Skólastarf á leik- og grunnskólastigi er af mörgum álitid svara þörfum stúlkna fremur en drengja. Kennarar á þessum skólastigum eru konur sem stúlkur geta litið upp til og haft sem fyrirmyndir. Margt bendir þó til þess að stúlkur fái ekki athygli, hvatningu og sjálfsstyrkingu í skólum í sama mæli og drengir en þeir fá bróðurpartinn eða um tvo þriðju af athygli<sup>11</sup> og leiðsögn kennara (Andresen 1985:18, Gulbrandsen 1996:19, Howe 1997:8, Rithander 1991:30, Spender 1989, Stanworth 1998). Mismunun á grundvelli kyns nemenda virðist vera hin sama óháð kyni og menntun kennara (Andresen 1985: 12-13,18-19).

Howe (1997:8-9) hefur gert úttekt á fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á skólastarfi í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu á síðustu 30 árum og hafa þær náð til barna á aldrinum 5-17 ára. Í meginráttum greinir hún niðurstöður á eftirfarandi hátt: Í skólastofum eru drengir þátttakendur í samskiptum og tjáskiptum við kennara og fá meiri svörun og hvatningu en stúlkur. Yfirráð drengja koma að hluta til vegna þess að kennarar hvetja drengi fremur en stúlkur til að leggja sitt til málanna í kennslustundum. Þessi mismunun hefur að öllum líkindum litla þýðingu fyrir námsárangur því staða stúlkna virðist þar sterkari en drengja. Hins vegar er talið að mismununin hafi mikil áhrif á námsaðferðir kynjanna, almennt sjálfstraust stúlkna og að síðast en ekki síst auki hún á aðgreiningu og aðskilnað kynjanna.

Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á tilurð þessarar mismununar. Bent hefur verið á að margir drengir séu óþolinmóðari en stúlkur og eigi erfiðara með að bíða eftir hjálp kennarans (sjá Steenberg 1997:50, Ve 1998). Í leikskólum þykja strákaeikur hávaðasamari og meira truflandi

---

<sup>11</sup> Sjá síðar um neikvæða athygli sem beinist að drengjum

en stelpuleikir sem getur útskýrt það að kennarar bregðist fyrir við drengjum en stúlkum. Auk þess þykja drengirnir tala hátt, taka orðið og krefjast athyglinnar meðan stúlkurnar bíða þögular (Rithander 1991:29-31). Afleiðingin verður m.a. að stúlkum er raðað á milli hávaðasamra drengja við matarborð og í samverustundum í leikskólum og hið sama er uppi á teningnum við nemendaborð í grunnskólum (Rithander 1991:31, Steenberg 1997:39). Hugtakið „félagslegt kítí“ er notað um þetta þjónustuhlutverk stúlkanna. Þær lána drengjunum strokleður og blýanta og blöð, hjálpa þeim að leysa verkefnin og vinna heimaverkefnin og lána þeim peninga fyrir nesti eða gefa þeim af sínu eigin (Mahony 1985). Í leikskólum hjálpa stúlkurnar til með yngri börnin og hússtörfin og er hrósað fyrir mikilvægi sitt. Þó eru þarfir þeirra látnar sitja á hakanum þar sem drengirnir ganga fyrir í starfi kennaranna (Rithander 1991:44, Steenberg 1997:39). Að lokum verða þær að smávöxnum aðstoðarkennurum sem axla ábyrgðina á að allt gangi eins og hinir fullorðnu krefjast enda búnað að þróa næman skilning á kröfum umhverfisins (Gulbrandsen 1993:18, Kruse 1995:73, Rithander 1991:46).

Í norskri rannsókn frá 1993 kom í ljós að hlutfall kynjanna var 60 á móti 40 drengjum í vil þegar metið var hversu mikil samskipti leikskólabörn höfðu við fullorðna (Holthe 1993-b:21). Áður hafði sýnt sig að fullorðnir í leikskólum áttu fremur frumkvæði að samskiptum við einstaka drengi og drengjahópa heldur en stúlkur og stúlknaþópa (Andresen 1985:18). Drengir voru sýnilegir og í aðalhlutverkum í skólum og taldir skemmtilegri og eftirminnilegri nemendur en stúlkur þrátt fyrir lakari hegðun (Kruse 1995:69, Gulbrandsen 1996:17). Bent hefur verið á að stúlkurnar fái ekki að vera í jafn frjálsllegu umhverfi og félagsleg hæfni þeirra gefi tilefni til, þar sem skólareglur og skólaskipulag er lagað að þörfum drengja sem þurfa félagslegt aðhald (Steenberg 1997:31). Að mati Kruse

(1992:14) og Rithander (1991:52-54) eru yfirráð drengjanna á kostnað stúlkna og jafnvel kennara sem missa stjórn á hópnum og yfirráðin verða viðurkennd sem „eðlilegt“ ástand þar sem hvorki nemendur né kennarar þekkja annað.

Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur (1998:18-19) sýndi að 14 og 15 ára stúlkur í reykvískum grunnskólum voru oftast einmana og niðurdregnar en drengir. Þær fundu fremur en drengir fyrir einkennum vanlíðunar, þunglyndis og kvíða og sjálfsmat þeirra var lægra en drengja. Sjálfsmynd 10 ára stúlkna og drengja í Reykjavík mældist hins vegar svipuð nema útkoma drengja var hærri en stúlkna hvað varðaði líkamlega sjálfsmynd (Guðrún Kristinsdóttir 1998, Ogden 1998:133-134).

Leikskólarannsókn Andresen (1985:18-19) sýndi að kennurum yfirsást oft að fylgjast með stúlkum en það gildi ekki þegar drengir áttu í hlut. Drengjum var svarað fyrr en stúlkum og fullorðnir tóku oftast frumkvæði að líkamlegri nálægð við drengi en stúlkur. Ef stúlka sóttist eftir nálægð var það nefnt að hún „hengi í“ hinum fullorðna. Drengur í fangi kennarans átti óskoraða athygli hans, ef það var stúlka var kennarinn jafnframt að sinna öðrum börnum í nágreininu. Á sama hátt rofnuðu samskipti fullorðinna við stúlku eða stúlknaóp ef drengur eða drengjaleikir í nágreininu kröfðust athygli. Jafnframt kom í ljós að kennarar ávörpuðu stúlkur sem hóp en drengi fremur sem einstaklinga (Andresen 1985:18, Spender 1989). Þegar kennarar ræddu við allan nemendahópinn, voru þeir oftast í augnsambandi við drengina (Andresen 1985:18). Sama tilhneiging kom fram í dagbóarskrifum kennara á leikskólanum Hjalla þar sem nöfn drengjanna voru skráð í lýsingum á starfi drengjahópa en orðið „stelpurnar“ var notað til að lýsa starfi stúlknaópa. (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:28-30).

## Drengir í skólum

Mat margra hefur verið að hlutskipti drengja sé gott í skólum. Þeir hafa hlotið „bróðurpartinn“ af athygli, hvatningu og leiðsögn kennaranna og leikir þeirra eru ráðandi á skólalóðum. Sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hefur mælst öflugra en stúlkna (Andresen 1985:18, Gulbrandsen 1996:19, Howe 1997:8, Kruse 1996:9, Rithander 1991:30, Spender 1989, Stanworth 1998, Steenberg 1997:50). Á síðustu árum hefur þó verið bent á að margt mætti betur fara til að drengir gætu notið skólagoöngu sinnar í ríkari mæli.

Leikskólastarf er mótað af konum og hið sama gildir æ meira um starf grunnskóla, konur eru þar í meirihluta og skapa menninguna samkvæmt kvenlægum gildum (Rithander 1991:35, Steenberg 1997:21). Í leikskólum halda kennarar sig í því herbergi sem rólegu leikirnir fara fram og stúlkur dunda í handavinnu. Drengir eru geymdir í öðrum herbergjum því leikir þeirra þykja trufla leikskólastarfið (Rithander 1991:25,35). Þörf drengja fyrir að reyna á líkamann, hreyfa sig og leika svonefnda villta leiki er ekki mætt innan skólanna að mati margra. Kryger (1995:47) er í hópi þeirra sem hafa gagnrýnt kennara fyrir að líta á líkama drengjanna og þörf þeirra fyrir hreyfingu sem „truflandi“ þátt í skólastarfi þar sem kurteisi og mannasiðir eigi að ráða ferðinni. Því hefur einnig verið haldið fram að drengir séu svo bældir í skólakerfinu að árásarhvöt þeirra brjótist ótamin út síðar í lífinu með alvarlegum afleiðingum (sjá Steenberg 1997:24).

Drengi vantar fyrirmyndir af sínu kyni í skólum og margir hafa bent á að þar af leiðandi velji drengir sér óraunverulegar hetjur úr sjónvarpi og kvikmyndum (Nordahl 1997-a, Rithander 1991:57). Kennarar eru hins vegar lítt hrifnir af hetjunum Rambó og He-Man og drengirnir fá að

heyra að áhugamál þeirra séu óviðeigandi í skólum og þar af leiðandi þeir sjálfir (Paley 1985:28-29). Sömu viðbrögð fá þeir strákar sem nota leikföng leikskólanna á óhefðbundinn hátt, en þau eru oftast nær stúlkna- og kvenmiðuð og leikföng drengjameningarinnar sjást varla (Holthe 1993:56, Paley 1985:9, Rithander 1991:36-38).

Mikið af athyglinni sem drengjum fellur í skaut felst í neikvæðum skilaboðum þar sem er verið að stöðva, skamma og banna og þar með yfirlýsa að umræddir drengir séu ekki húsum hæfir (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:87, Rithander 1991:37). Af þessu leiðir að „erfiðu“ drengirnir lenda í hlutverkum blóraböggla ef átök koma upp í nemendahópum (Rithander 1991:50). Rannsókn Kelly sýndi að neikvæð athygli og gagnrýni beindist að tveimur þriðju hlutum að drengjum og gildi það jafnt um námsframmistöðu og hegðun (sjá Lloyd og Duveen 1992). Bróðurpartinum af ávítum og áminningum getur fylgt að piltarnir þrói með sér þol gagnvart umvöndunum, taki þær ekki nærri sér og læri lítið af þeim (Steenberg 1997:50).

Á Íslandi og hinum Norðurlöndunum eru drengir meirihluti sérkennslunemenda eða um 70% á Íslandi og af skjólstæðingum geðlækna er hlutfall þeirra enn hærra (Dammert 1995:115-117). Ný athugun Yates á sérkennslunemendum í Bretlandi sýnir að meirihluti þeirra eru drengir og er fjöldi þeirra og hlutfall ámóta og var fyrir 20 árum (sjá Francis 1998-a:165). Rannsókn Kragh-Müller á börnum sem talin eru brjóta viðteknar reglur í samskiptum og hegðun sýndi að kennurum þótti erfitt að finna slíkar stúlkur í rannsóknina. Í fyrri rannsókn hennar voru þau börn sem vísað hafði verið til sérfræðipjónustu borin saman við önnur börn en sumir kennarar töldu að engir „venjulegir“ drengir væru í þeirra hópi (sjá Nordahl 1997-b:28-29). Í rannsókninni „Daglegar aðstæður og

félagsleg færni barna“ kom í ljós að á öllum Norðurlöndunum töldu nemendur, kennarar og foreldrar að drengir réðu yfir minni félagslegri færni en stúlkur (Ogden 1998:126). Í sömu rannsókn lögðu kennarar dóm á hegðunarerfiðleika nemenda og voru drengir taldir standa marktækt verr að vígi en stúlkur í tveimur tilvikum af þeim þremur sem metin voru. Drengir voru taldir glíma við hegðunarerfiðleika eins og að slást, trufla leik og starf og sýna ofvirkniseinkenni; glata einbeitingu og vera örur og eirðarlausir. Kennarar höfðu einnig minna álit á lunderni drengja, þ.e á virkni og einbeitingu, félagslegum sveigjanleika og viðeigandi tilfinningaviðbrögðum þeirra.

Drengjum virðist semja síður við kennara en stúlkum og þeim finnst einnig fremur en stúlkum að námið sé tilgangslítið (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998:10, 12) Áhugi og ánægja drengja með skóla virðist minni en stúlkna en samkvæmt fyrrnefndri Norðurlandarannsókn á 10 ára börnum var kynjabilið meira milli íslenskra drengja og stúlkna en var á hinum Norðurlöndunum (Guðrún Kristinsdóttir 1998:197). Samdóma þeim niðurstöðum reyndust foreldrar fremur hafa áhyggjur af drengjum en stúlkum. Drengir höfðu einnig minni áhuga á skólagöngunni en stúlkur (sama rit bls. 197, 203). Loks er mikil umræða á Vesturlöndum um slakan námsárangur drengja en einkunnir þeirra eru lakari en stúlkna á flestum sviðum (Amalía Björnsdóttir 1999, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998, Ofsted 1996, Smithers og Robinson 1995). Yates og Weiner hafa þó bent á að námsframmistaða drengja hafi ekki versnað á síðustu árum eða áratugum heldur hafi námsárangur stúlkna aukist og að samanburðurinn þar á milli skapi núverandi umræðu um tap drengja í skólum (sjá Francis 1998-a:165).



## Samantekt og álit

Framangreindar rannsóknir og úttektir virðast vísa í þá átt að á heildina litið megi margt betur fara í leik- og grunnskólum til að mæta þörfum stúlkna og drengja. Niðurstöður rannsókna benda til að stúlkur þyki að meðaltali betri nemendur, bæði í námi og hegðun. Þær fá þó minni athygli og hvatningu en drengir og þurfa að axla meiri ábyrgð í skóla-starfinu (Andresen, Gulbrandsen, Howe, Kruse, Rithander, Spender, Stanworth, Steenberg o.fl.). Getum hefur verið leitt að því að þetta félagslega hlutverk stúlkna í samkenndu valdi því að þær byggji ekki upp sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd sem skyldi (Howe). Hlutskipti drengja er einnig talið gagnrýnivert. „Bróðurparturinn“ af athygli, hvatningu, leikrými og tíma í skólum fellur aðeins hluta drengjanna í skaut, aðrir drengir lenda í hlutverki hinna þögulu nemenda. Jafnframt hefur sýnt sig að bróðurparturinn felst að hluta til í neikvæðri athygli þar sem kennarar telja fleiri drengi en stúlkur illa hæfa til að ráða við formlegt skólanám enda drengir í meirihluta þeirra sem þurfa séraðstoð á skólaaldri (Francis, Lloyd og Duveen, Margrét Pála Ólafsdóttir, Rithander, Steenberg o.fl.). Loks hefur verið bent á að skólarnir séu miðaðir að þörfum stúlkna þar sem konur ráði ferðinni og afneiti þörf drengja fyrir „karllæga“ leiki og starfsemi (Kryger, Nordahl).

## **2 D Samvistir og félagaval stúlkna og drengja**

Niðurstöður rannsókna sýna að börn sækjast fyrst og fremst eftir samskiptum við eigið kyn, þ.e. stúlkur jafnt sem drengir sækjast eftir leikfélögum af eigin kyni (Delamont 1980, Fabes 1994:19, Kruse 1992:14, Maccoby 1994:87, Powlishta 1995, Serbin 1994:7 o.fl.).

Áður hefur verið fjallað um þá kenningu að kyn sé fyrsti og mikilvægasti „merkimiðinn“ sem börn setji á aðra til að flokka umhverfið og koma reiðu á óreiðuna (Colwill 1982:37). Tilhneigingin til að sækjast eftir samvistum við börn af eigin kyni hefur verið túlkuð þannig að börn kjósi leikfélaga sem eru „eins“ til að þroska og afmarka eigin kynímynd (Kruse og Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:15). Tilgátur annarra lúta að því að þessi tilhneiging viðhaldist ef börn fá óáreitt að vera með leikfélögum af sama kyni og því verði kynin stöðugt ólíkari og samskipti milli stúlkna og drengja æ erfiðari (Serbin 1994 o.fl., Powlishta 1995).

Einnig má nefna þá tilgátu að bæði stúlkur og drengir sækist eftir að leika sér með börnum af eigin kyni því þeim þyki það skemmtilegra en að leika sér í hópi barna af báðum kynjum. Nýlegar rannsóknir Serbin o.fl. (1994:11-16) benda til þess að hegðun barna sem og eðli og innihald leikja sé ólíkt eftir því hvort börnin leiki sér með eigin kyni eða gagnstæðu kyni. Með því er átt við að leikir í samkynja hópi hvetji til meiri félagslegra samskipta, þ.e. samtala, snertingar, þátttöku í samvinnu sem leiðir að ákveðnu marki, en í blönduðum leikjum er meira um samhliða leik, þ.e. kynin eru á sama stað en ekki í samleik. Eins er algengara að einhver börn fari í áhorfendahlutverkið í hópum þar sem bæði kyn eru heldur en í samkynja hópi.

Tilgáta hefur verið sett fram um að ólíkur áhugi kynjanna á leikföngum valdi því að stúlkur kjósi að leika sér saman með stúlknaleikföng og drengir með drengjaleikföng. Þar á meðal má nefna tilgátu Maccobys (1994:89) í rannsókn hennar og Jacklins frá 1987. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sem og annarra hafa ekki stutt þessa tilgátu. Rannsókn Powlishta (1994) og fleiri á leikfangavali barna leiddi í ljós að leikföngin voru ekki orsök þar sem enginn munur var á leikfangavali barna sem

léku með sama kyni og börnum sem léku einnig við hitt kynið. Loks benti rannsókn Serbin o.fl. (1994:30) til þess að börn sem sækja í félag af hinu kyninu frá unga aldri, séu sér ekkert fremur meðvitandi um kynímynd og kynhlutverk heldur en önnur börn þannig að slík vitund eða skortur á henni útskýrir ekki hvers vegna bæði stúlkur og drengir sækja í samskipti við eigið kyn.

Að mati fræðimanna fara þriggja ára börn almennt að leita eftir samskiptum við börn af eigin kyni þó svo að tilhneigingarinnar verði vart fyrir. Þessi sókn eftir samskiptum við sama kyn verður æ meiri með hækkandi aldri (Lloyd og Duveen 1992, Maccoby 1994:87, Serbin o.fl. 1994:7). Einnig hefur komið í ljós að stúlkur leita fyrir eftir leikfélögum af sama kyni en drengir (Fagot 1994:53-63, Serbin 1994:10). Í norskri leikskólarannsókn á börnum á aldrinum þriggja til sjö ára reyndust þátttakendur í 70% leikja vera af sama kyni (Kvalheim 1980). Hið sama er uppi á teningnum hjá eldri börnum í grunnskólum. Þar sækjast kynin ekki eftir vináttu við hitt kynið nema í undantekningartilvikum og fá þá gjarnan neikvæð viðbrögð frá bekkjarfélögum og eru ýmist ásökuð fyrir að vera „skotin í“ eða þá að kynferði viðkomandi er dregið í efa (Mahony 1985).

Rannsókn Fabes (1994:29) sýndi að félagslega færar stúlkur að mati kennara voru öðrum líklegri til að velja sér leikfélag af sama kyni. Mat þeirra var hins vegar að félagslega færir drengir sóttu í leiki með báðum kynjum en þeir lakari sóttust eftir leikfélögum af eigin kyni.

Bæði stúlkur og drengir reyndust stríða þeim einstaklingum sem brutu óskráðar reglur um hegðun kynjanna (Martin 1994:48). Drengir sýndu þó öðrum drengjum harðari viðbrögð en stúlkur sýndu kynsysturum

sínum sem höguðu sér á óhefðbundinn hátt (Maccoby 1994). Í leikskólum voru þeir drengir gagnrýndir harðlega sem léku sér í stúlkna-  
hópum eða sóttu á leiksvæði sem venjulega tilheyrði stúlkunum (Fagot  
1994:53).

Getum hefur verið leitt að því að neikvæð viðbrögð barna við hinu  
kyninu sé aðferð þeirra til að skapa sem jákvæðasta mynd af eigin kyni  
og þannig styrki þau og afmarki vaknandi kynímynd (Kruse 1996,  
Mahony 1985). Í samskiptum kynjanna gerir sú tilhneiging það að  
verkum að hin hefðbundnu kynhlutverk styrkjast og ýkjast þar sem bæði  
stúlkur og drengir sýna yfirdrífna kven- eða karllæga hegðun til að  
aðgreina sig frá hinu kyninu (Holthe 1993-a:18-19, Kruse 1992:14).  
Tilgáta Kruse (1995:73) er að börn skapi svonefndar „óvinamyndir“ af  
hinu kyninu í þessu skyni og drengir gangi lengra þar sem leit þeirra að  
sjálfsforræði frá mæðrum sínum leiði af sér blendnar og ógnandi  
tilfinningar í garð stúlkanna. Mahony (1985) bendir á hið sama; að í  
samskiptum stúlkna og drengja sýna drengirnir tilhneigingu til að undir-  
stríka sérstöðu sína og þar með karlmennsku með því að vera eins ólíkir  
stúlkunum og þeir geta. Í úttekt Stanworth á athugasemdum drengja um  
stúlkur kom fram að síst af öllu vildu þeir vera stelpur og á þessu  
viðhorfi var engin undantekning (sjá Mahony 1985).

Drengir eru kallaðir kvennöfnum í niðurlægingskyni (Delamont 1980)  
og ef drengur notar kvenlæg hugtök í frásögnum eða leikjum er hann  
strax gagnrýndur af félögum sínum (Paley 1986:4). Hér er rétt að benda  
á að þessar kenningar byggja vitaskuld á samfélagslegri mótun kynjanna  
í hefðbundin hlutverk. Félagsmótun ungra drengja og vígsla þeirra inn í  
heim karlmenskunnar kostar sitt og setur þeim stólinn fyrir dyrnar; þeir  
geta ekki þróað eða viðhaldið vináttu við stúlkur án þess að fórna stöðu

sinni meðal félaganna. Þeir verða að taka þátt í töffaraskap piltanna, allt annað vekur þeim ótta og kvíða um að vera álitnir veikgeðja eða hlægi- legir. Stúlkurnar eru eldri þegar kemur að þeim að þræða þau svipugöng sem áreitni, kynniðrandi uppnefni og aðsúgur piltanna eru fyrir kyn- þroska stúlkur (Shaw 1995:46), en margar rannsóknir hafa bent til niðurlægjandi hegðunar og orðbragðs drengja gagnvart stúlkum (Delamont 1980, Francis 1998-b:87-91, Mahony 1989).

Aðrar skýringar hafa verið settar fram á neikvæðum viðhorfum barna gagnvart gagnstæðu kyni. Þar má nefna tilgátu Powlishta (1995:64-65) um að stúlkur og drengir líti á sig og kynfélaga sína sem jákvæðan „innhóp“ eða „okkur“ en líti á börn af gagnstæðu kyni sem „hina“ eða fjarlægán „úthóp“. Hugmynd Powlishta er að auknar samvistir stúlkna og drengja geti styrkt sameiginlega „við“-hugmynd barnanna óháð kyni.

Kenningar um inn- og úthópa ganga út á að fólk hafi tilhneigingu til að hafa jákvæðar staðalmyndir af einstaklingum í sínum hópi, þ.e. innan fjölskyldu, í nánnum vínahópi eða á vinnustað. Neikvæðari viðhorf og staðalmyndir ríkja gagnvart fólki í öðrum og ótengdum hópum sem verða „hinir“. Þessi tilhneiging er svo öflug að í upphafi kynna einstaklings af nýjum hópi tengir hann strax jákvæða staðalmynd við hópinn til að styrkja „við-kenndina“ (Colwill 1982:22-25). Þetta lögmál ætti að gera það að verkum að einstaklingar væru jákvæðari gagnvart eigin kyni heldur en hinu kyninu. Colwill (1982) bendir á veigamikil frávík frá lögmálinu, þ.e. að þar sem karlar eru handhafar valds og ábyrgðar í þjóðfélaginu, njóti þeir jákvæðrar staðalmyndar innhópsins en valdaleysi kvenna skapi neikvæða staðalmynd úthópsins í augum beggja kynja. Niðurstaða Kohlbergs (1978) var hin sama í rannsókn hans frá áttunda áratugnum, þ.e. að bæði kyn mátu hlutverk karla jákvæðara og

mikilvægara en hlutverk kvenna og stúlkurnar gáfu eigin kyni sjaldan jákvæða umsögn öfugt við það sem drengirnir gerðu.

Í rannsókn Powlishta (1995:64) voru átta og níu ára nemendur fengnir til að horfa á ókunnug börn á myndbandi og meta bæði börnin og frammistöðu þeirra. Bæði kyn töldu börn af sínu kyni greindari og skemmtilegri heldur en börn af gagnstæðu kyni. Jafnframt mátu þau hegðun ókunnna barnanna samkvæmt stöðluðum kynhlutverkum og álitu t.d. drengina vera kjarkaðri og draslaralegri en stúlkurnar blíðari og grátgjarnari.

#### Samantekt og álit

Sammæli virðist ríkja meðal fræðifólks um að bæði stúlkur og drengir sækist eftir samskiptum við börn af eigin kyni. Ólíkar tilgátur eru uppi um mögulegar afleiðingar þessarar tilhneigingar og hvernig beri að bregðast við í skólastarfi. Annars vegar eru tilgátur um að orsökina sé þörf fyrir að þroska og afmarka eigin kynímynd. Í því skyni vilja börn leika sér og starfa með börnum af eigin kyni og afmarka sig frá hinu kyninu með hegðun sem er ólík hegðun hins kynsins (Holthe, Kruse, Mahony). Þannig er talið að stöðugar samvistir kynjanna styrki hefðbundna hegðun hjá stúlkum og drengjum og auki enn á kynjamun en kynjamunur minnki í skiptum hópum þar sem stúlkur læra af stúlkum og drengir af drengjum. Hins vegar eru tilgátur um „okkur og hina“ þar sem tilhneiging barna til að eiga samskipti við önnur börn af sínu kyni styrkist stöðugt ef börnin fá óáreið að eiga slík samskipti (Powlishta, Serbin). Þar með er talið að hugmyndir þeirra ýkist um að kynferði skipti meira máli en aðrir þættir í fari hvers einstaklings og að fremur beri að hvetja til aukinna samvista stúlkna og drengja. Þannig læri þau hvort af öðru og það vinni gegn kynjamuni og hugmyndum um „okkur“ og „hina“.

## 2 E Opinber stefna í jafnréttisuppeldi

Hvarvetna á Norðurlöndum er jafnrétti stúlkna og drengja eitt þeirra leiðarljósa sem skólum er ætlað að taka mið af samkvæmt opinberum námsskrám auk þess sem jafnrétti kynjanna er lögfest í sérstakri jafnréttislöggjöf í hverju landi (Aðalnámskrá leikskóla 1999, Aðalnámskrá grunnskóla 1999, Berge 1998:75, Holthe 1993:25, Hultinger 1998:158, Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28 III/1991, Reisby 1998:30). Mismunandi leiðir hafa verið farnar til að auka jafnrétti í skólum og sýnist sitt hverjum um árangur og aðferðir þó hvergi sé deilt um mikilvægi þess sem ýmist er nefnt jafngildi nemenda óháð kynferði, jöfn staða kynjanna eða jafnrétti í skólastarfi.

Í Bretlandi hafa gilt lög frá 1975<sup>12</sup> um bann við mismunun stúlkna og drengja í skólum og er kveðið skýrt á um jafnan rétt beggja kynja. Þar er stúlkum og drengjum kennt saman í ríkisskólum en hins vegar eru margir stúlkna- og drengjaskólar í einkarekstri, enda byggja Bretar á gamalli hefð slíkra skóla (Ofsted 1996:3). Í Bandaríkjunum er samkensla kynjanna fyrirskipuð og bannað að skipta í bekki eftir kynjum. Stúlkna- og drengjaskólar eru þó starfræktir en til að kynjaskiptur skóli fái starfsleyfi verður bæði stúlkna- og drengjaskóli að vera innan sama fræðsluumdæmis eða þá að skólayfirvöld kynjaskipta skólans heimili nemendum af hinu kyninu aðgang (Riordan 1990:3, Miller 1998).

Á Norðurlöndunum eru engin lagaboð með eða móti kynjaskiptri kennslu; hvorki kynjaskiptum deildum, bekkjum né skólum. Þó er bannað samkvæmt jafnréttislögum að mismuna einstaklingum á grund-

---

<sup>12</sup> SDA, Sex Discrimination Act.

velli kyns og því er væntanlega óheimilt að neita einstaklingi um skólavist vegna kynferðis. Þar sem kynjaskipting hefur verið notuð sem tímabundin aðgerð eða aðferð til að reyna að bæta hlut beggja kynja, hafa yfirvöld stutt slíkt. Má þar nefna bæjaryfirvöld í Hafnarfirði sem reka leikskólann Hjalla en kynjaskipt kennsla leikskólans, Hjallastefnan, hlaut verðlaun Jafnréttisráðs árið 1997.

Í aðalnámskrá leikskóla á Íslandi frá 1999 er jafnrétti kynjanna ekki nefnt í meginmarkmiðum. Í upptalningu undirmarkmiða er talað um að „efla jafnréttisvitund barns“ (Aðalnámskrá leikskóla 1999:10). Í fyrri námskrá<sup>13</sup> var talað um að „efla félagsvitund með starfsháttum sem stuðla að jafnrétti kynja“ (Uppeldisáætlun 1985:25). Markmiðssetning hins opinbera virðist skýrari og yfirgripsmeiri fyrir grunnskóla en leikskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla segir „að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu“ og „... verkefni skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna“ (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:16). Jafnframt er skýrt kveðið á um jafnræði nemenda þar sem segir að skólum og skólayfirvöldum beri „að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda“ (sama rit bls. 16). Í lögum um jafnan rétt kvenna og karla frá 1991 er einnig kveðið sterkt að orði: „Í skólum og öðrum menntastofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skyld skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur

---

<sup>13</sup> Upphaflega „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir“ frá 1985



séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað ...“ (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28 III/1991, 10. gr.).

Af framansögðu er ljóst að stefna íslenska ríkisins er að leik- og grunn-skólar veiti nemendum sínum uppeldi sem stuðlar að jafnrétti kynjanna og veiti þeim fræðslu um jafnréttismál. Leiðir eru þó ekki tilteknar og samkvæmt því hafa stjórnendur og kennarar hvernar skólastofnunar frjálssræði til að velja þær leiðir sem færar þykja. Í kafla 2.6. hér á eftir verður fjallað um nokkrar tilraunir sem gerðar hafa verið til að auka jafnrétti stúlkna og drengja í skólum.

## **2 F Samkennsla eða kynjaskipt kennsla**

Sá kynjamunur sem fjallað er um hér að framan hefur orðið til þess að nú við aldarlok skoða æ fleiri hvort kynjaskipt kennsla geti betur mætt þörfum stúlkna og drengja en samkennslan. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur áhugi foreldra á stúlkna- og drengjaskólum aukist að nýju (Miller 1998, Shaw 1995). Innan samkennsluskóla hefur einnig verið reynt að bregðast við til að mæta þörfum beggja kynja. Víða um lönd hafa sérstök verkefni verið sett á laggirnar til að vinna skipulega gegn neikvæðum afleiðingum kynjamunarins og/eða taka tillit til hans í kennslu og þjálfun kynjanna. Má þar nefna 62 norræn jafnréttisverkefni sem unnin voru undir samheitinu NORD-LILIA sem var jafnréttisátak á vegum norrænu ráðherranefndarinnar á árunum 1992-1994 (Arnesen 1998:11, Guðný Guðbjörnsdóttir 1994:30).

Hér á landi má nefna kynjaskipt leikskólastarf Hjalla sem hófst 1989 og er hluti af þessari víðtæku þróun í skólastarfi. Þar er stefnt að því að byggja upp aðstæður og þróa starfshætti sem taka mið af kynjamuninum til að auka á jafnrétti milli stúlkna og drengja í skólum. Þannig er litið á

kyn og kynjamun sem mikilvæga þætti sem verði að taka tillit til í skólasterfi jafnhliða því sem unnið er af skilningi og með vitund um fjölbreytileikann sem ríkir meðal einstaklinga af báðum kynjum (Arnesen 1998:13, Reisby 1998:27). Nokkrir leikskólar hafa siglt í kjölfarið og tekið upp kynjaskipt leikskólasterf (María Ölversdóttir 1999). Frá 1990 hafa nokkrir grunnskólar hér á landi einnig gert tilraunir með kynjaskipta kennslu. Má þar nefna Gagnfræðaskólann á Akureyri sem kynjaskipti kennslu um tveggja ára skeið (Kristján M. Magnússon o.fl. 1991). Innan Grandaskóla í Reykjavík hefur verið unnið skipulega að því að styrkja viðhorf nemenda til þess að geta og starfsmöguleikar einstaklinga ráðist ekki af kynferði (Ragnildur Bjarnadóttir 1996:117) og í Myllubakkaskóla í Keflavík var unnið hliðstætt verkefni (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-b:29).

Hér á eftir verður fjallað um aðferðir sem skólafólk hefur gripið til vegna kynjamunar og neikvæðra afleiðinga hans. Fyrst verður fjallað um stúlkna- og drengjaskóla og þróun þeirra yfir í þá samkenndu sem hefur verið ríkjandi á tuttugustu öld. Síðan verður greint frá nokkrum skóla-verkefnum á Norðurlöndum þar sem kynjaskiptingu hefur verið beitt til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum kynjamunar.

#### Samskólar eða stúlkna- og drengjaskólar

Umræðan um kynjamun er ekki ný af nálinni innan skólakerfisins. Þvert á móti var munur kynjanna og ólík kynhlutverk kvenna og karla meðal hornsteina skólakerfisins í upphafi. Þannig var hið evrópska skólakerfi sniðið fyrir karla og af körlum, stúlkur og konur komu þar hvergi nærri (Mahony 1985, Coleman 1990:ix). Þegar farið var að huga að menntun fyrir stúlkur og konur var byggt á þeirri hugmynd að kynin þörfuðust mismunandi náms vegna mismunandi hlutverka sem biðu þeirra (Kruse

1989:46, Valgerður Bjarnadóttir 1991:24). Kynjaskipt kennsla var því talin sjálfgefin og sú aðferð á sér lengri sögu og lengri hefð en samkennslan (Riordan 1990:34). Úttekt Riordan bendir til þess að félagsleg viðhorf og efnahagsleg atriði hafi ýtt samkennslu kynjanna úr vör (Riordan 1990:39-49). Til dæmis var samkennsla stunduð í strjálbýli Bandaríkjanna og einnig þar á Norðurlöndum sem ekki var unnt að kosta rekstur bæði stúlkna- og drengjaskóla (Kruse 1989:47, Riordan 1990:2, 39-40). Hið sama gildi um fræðslu fyrir verkalyðstéttir í Bretlandi (Shaw 1996:5). Öld eftir upphaf samkennslunnar rannsakaði Greenough orsakir samkennslu í 105 löndum. Reyndist það fyrirkomulag oftast til komið af hagkvæmnisástæðum en menntunarinnar vegna (sjá Riordan 1990:3).

Sá hópur skólafólks sem aðhylltist samkennsluna í upphafi voru fylgjendur nýrrar og þá róttækrar framfarastefnu í opnum skólum í Ameríku eða voru undir áhrifum frá Fröbel og öðrum talsmönnum rómantísku stefnunnar (Kruse 1989:55-65, 1995:71, Shaw 1995:132). Ætlun þeirra var að samkennsla gæti brotið upp staðalhugmyndir um kynhlutverkin. Rök þeirra hnigu einnig að því að kynjamunur myndi minnka í samkennslu, þ.e. að kynin gætu bætt hvort annað upp, lært hvort af öðru og að eiginleikar hvors kyns myndu hafa áhrif á gagnstæða kynið. Jafnframt var talið að daglegar samvistir myndu auka þekkingu á hinu kyninu og skapa jákvæð viðhorf milli stúlkna og drengja (Kruse 1989:55-65, 1995:71). Slíkt var talið æskilegt til að undirbúa kynin fyrir að lifa og starfa saman en margir fylgjendur samkennslu bæði fyrr og nú hafa bent á að drengjaskólar hvetji piltana til samkynhneigðar og samkennslan geti hjálpað til að skapa gagnkynhneigð sambönd (Riordan 1990:22, 41, Shaw 1995:142).

Rök jafnréttis og jafnra möguleika eru þó oftast nefnd sem ástæða samkennslu, þ.e. leið til að jafna möguleika kynjanna. Þegar jafnréttis-kröfur síðustu aldar náðu hámarki snérust þær ekki hvað síst um skólamálin. Krafa var að konur nyttu jafnréttis til náms á við karla og fengu inngöngu í þá skóla sem voru þeim lokaðir<sup>14</sup> (Mahony 1985, Riordan 1990:29). Hluti kvenfrelshreyfingarinnar<sup>15</sup> barðist áfram fyrir samkennslunni á grundvelli þess að „eins væri jafnt“ og að formlegir möguleikar kynjanna í skólakerfinu fælust í samskonar tilboðum (Acker 1994:44-45).

Á tuttugustu öld hefur samkennsla kynjanna verið jafn sjálfsögð og óumdeild og kynjaskiptingin á síðustu öld og að mati Coleman (1990:x) hafa minnstu efasemdir um réttmæti samkennslunnar hafa verið lagðar að jöfnu við efasemdir um jafnrétti kynjanna. Á síðustu tveimur áratugum hefur þó gagnrýni á samkennsluskólana komið upp. Á sjöunda áratugnum reis bylgja í Bandaríkjunum sem gagnrýndi grunnskólana harkalega fyrir að vera kvenmiðaða og að drengir gyldu þess. Á áttunda og níunda áratugnum gagnrýndu síðan margir feministar sama skólaumhverfi fyrir að draga úr stúlkunum og upphefja drengina (Acker 1994:49, Delamont 1980, Mahony 1989, Spender 1989). Þar á meðal var sú gagnrýni að skólakerfið „endurframleiddi“<sup>16</sup> kynferðislegt og félagslegt vinnuafli fyrir fjölskyldur og vinnustaði, þ.e. konur til að vera í undirmálshlutverkum á vinnumarkaði, til að verða húsmæður og mæður svo og hjásvæfur karla sem héldu völdum heima og heiman. Því væru stúlnaskólar góður kostur til að forða stúlkum frá þessum örlögum

---

<sup>14</sup> 1911 fengu konur lagalegan rétt til náms við allar menntastofnanir á Íslandi

<sup>15</sup> Hér er átt við svonefnda liberal feminista eða skrifræðisfeminista en þeir hafa aðrar áherslur en marxískir og róttækir feministar

<sup>16</sup> Reproduction eða endurframleiðsla er grundvallarhugtak marxískra feminista

(Acker 1994:48). Jafnframt var talið að skólakerfið í sinni núverandi mynd „endurframleiddi“ og viðhélldi yfirráðum drengja og karla á kostnað stúlkna og kvenna og neitaði stúlkum um raunverulegt aðgengi að námi og þekkingu, sjálfstrausti og frelsi frá ótta og áreitni (Acker 1994:50, Mahony 1989, Spender 1989). Nú á síðasta áratug aldarinnar hafa enn orðið kaflaskipti í gagnrýninni. Aftur er horft til drengja og bent á að námsárangur þeirra standi árangri stúlkna langt að baki og að drengir séu þolendur í kvennastofnunum sem mæti ekki drengjaþörfum, enda sniðnar að forsendum stúlkna og kvenna (Kryger 1995:47, Nordahl 1997-a). Þó stendur gagnrýni margra feminista enn um að stúlkur séu hinir raunverulegu þolendur og loks þegar skólinn mæti þörfum stúlkna betur en hann hafi gert, eigi að karlmiða hann að nýju - m.a. á forsendum umdeilda rannsókna á heilastarfsemi stúlkna og drengja (Reed 1999:57). Einnig hefur verið bent á að drengir hafi ekki breyst, heldur hafi samfélagið breyst og áhyggjur af stöðu drengja tengist efnahagslegum breytingum þar sem karllægir eiginleikar henti ekki lengur á vinnumarkaði (Mahony 1999:49).

Hvað sem mismunandi kenningum líður eru þó flestir gagnrýnendur sammála um að úrbóta sé þörf í skólakerfinu fyrir stúlkur jafnt sem drengi. Æ fleiri horfa til kynjaskiptra skóla að nýju en hart er deilt rétt eins og var fyrir nákvæmlega einni öld. Hvergi eru fyrirbyggjandi rannsóknir sem svara með óbyggjandi hætti til um gæði og gildi samskóla eða stúlkna og drengjaskóla en hér verða tilfærð nokkur dæmi.

Árið 1992 birtu hin bandarísku kvennasamtök AAUW<sup>17</sup> skýrslu um neikvæð áhrif samkennslu á námsárangur og sjálfstraust stúlkna og

---

<sup>17</sup> AAUW, American Association For University Women

fjölgaði stúlnaskólum í kjölfar þess (Miller 1998). Ný skýrsla frá AAUW bendir til þess að námsárangur stúlkna hafi ekki aukist í kynjaskiptri kennslu. Sumir telja að rökin fyrir aukinni kynjaskiptingu í skólum séu þar með fallin um sjálf sig. Aðrir benda á að námsárangur stúlkna hafi aldrei verið vandamál heldur sjálfstraust þeirra og líðan í skólum (Miller 1998).

Bresk skólarannsókn Dales á áttunda áratugnum sýndi að í stúlnaskólum og drengjaskólum var meiri áhersla á námsárangur og vísindaleg fræði en í samskólum og námsárangur stúlkna var betri í kynjaskiptri kennslu en í samkennslu. Hann túlkaði m.a. niðurstöður sínar á þann veg að áhersla á menntunina væri ekki í fyrirrúmi í samkennslu því skólinn væri fremur talinn gefa tækifæri til að þróa jákvæð samskipti við hitt kynið (Riordan 1990:41). Sú niðurstaða er samhljóma svörum foreldra í rannsókn West og Hunters. Þeir svöruðu að meginástæða þess að þeir sendu börnin sín í samskóla væri að þeir gæfu betri undirbúning fyrir lífið sjálft. Þeir foreldrar sem höfðu valið stúlkna- eða drengjaskóla fyrir börn sín nefndu hins vegar aukið sjálfstraust barnanna og ólíkt þroskaferli kynjanna sem skýringu (Smithers og Robinson 1995:11). Í sömu rannsókn var leitað til fjölda barna og þau beðin um álit sitt. Meirihluti þeirra kaus samskóla eða um 77% stúlkna og 91% drengja. Nær 70% þeirra töldu meginkost samskólanna að nemendur lærðu að koma vel fram við hvern annan. Stúlkur voru á því að stúlnaskólar væru hvetjandi til að standa sig vel í námi og skólavist þar styrkti vilja þeirra og ákveðni og gæfi þeim kost á betri árangri í stærðfræði og vísindum (Smithers og Robinson 1995:12).

Hin breska hefð fyrir stúlkna- og drengjaskólum hefur haldist þar sem efri stéttir samfélagsins hafa verið verið íhaldssamar í skólamálum og

sent börn sín í gamalreynda stúlnaskóla og drengjaskóla. Í breskum úttektum<sup>18</sup> hefur það sýnt sig að nemendur þessara skóla ná bestum námsárangri og þá sérstaklega stúlkurnar (Ofsted 1996:24, Shaw 1995:112, Smithers og Robinson 1995:1). Höfundar skýrslunnar hafa þó fyrirvara á að fleira þurfi að meta til að skera úr um gildi þessara kennsluáferða. Til dæmis nefna skólarannsóknarmenn bæði þróunarstarf og sérlega hæfa og metnaðarfulla stjórnendur oft í skýrslum sínum um stúlkna- og drengjaskóla en um samskóla. Rannsókn Steedmans á 7.500 börnum sýnir auk þess að ungmenni sem velja stúlkna- og drengjaskóla á framhaldsskólastigi hafa verið með betri námsárangur í grunnskóla en þau sem fara í samskólana og þau koma einnig úr efri stéttum samfélagsins (Smithers og Robinson 1995:4). Jafnframt er minnt á að stúlkna- og drengjaskólar eru undantekningar í breska menntakerfinu þar sem um 99,8% grunnskóla<sup>19</sup> og nær 90% framhaldsskóla eru samskólar (Ofsted 1996:24-26). Stúlkna- og drengjaskólum fer þó fjölgandi núna en um 30% ríkisstyrktra einkaskóla<sup>20</sup> eru orðnir kynjaskiptir þar sem foreldrar kjósa slíka skóla í æ ríkari mæli fyrir börn sín (Shaw 1995:46).

#### Skólaverkefni varðandi kynjamun

Kennarar á öllum skólastigum hafa byggt upp tilraunir og þróunarverkefni þar sem unnið hefur verið skipulega gegn neikvæðum afleiðingum kynjamunar innan samskólanna. Gerðar hafa verið tilraunir með að breyta námsefni þannig að báðum kynjum sé gert jafnhátt undir höfði og kynniðrandi þættir eða einhæfar kynjafyrirmyndir hafa verið fjarlægðar úr námsefninu. Annars staðar hafa kennarar unnið að því að efla

---

<sup>18</sup> Mælingar Ofsted (Office for Standards in Education)

<sup>19</sup> Primary og secondary schools

<sup>20</sup> Grant maintained schools

kynjavitund sína og vinna að breytingum þar sem vitað er að stúlkur og drengir standa ójafnt að vígi. Þar má nefna reglur um að stúlkur og drengir tali á víxl og séu spurð á víxl, svigrúm hefur verið skapað fyrir villta strákaleiki og strákaleikföng og jafnhliða verið reynt að styrkja sjálfstraust stúlkanna (Eidem og Halsius 1994, Mahony 1996:386-389, Rithander 1991:69-71). Tilraunir hafa verið gerðar til að auka jákvæðni í garð einstaklinga af gagnstæðu kyni með sérstökum starfsháttum og eru niðurstöður misvísandi. Sem dæmi má nefna að athugun íslenskra kennaranema benti til þess að samskipti stúlkna og drengja væru óþvingaðri og betri þar sem kennarar stýrðu stúlkum og drengjum saman til sætis en þar sem þau fengu óáreitt að sitja og vinna með börnum af eigin kyni (Ragnhildur Bjarnadóttir 1996:115). Rannsókn Lloyd og Duveen (1992:176) á leikjum og félagavali sýndi hins vegar að kennarar sem höfðu lagt mikla áherslu á samvinnu stúlkna og drengja til að hvetja til aukinna samvista utan skólastofunnar náðu ekki tilætlaðum árangri. Í rannsókn Lockheeds á tilraunaverkefni kennara til að auka samskipti stúlkna og drengja kom í ljós að samskipti í verkefnavinnslu jukust lítillega miðað við samanburðarbekkina en enginn breyting varð á félagavali þeirra eða samskiptum þeirra í leikjum. Var mat Lockheeds að tilraunin hefði ekki skilað þeim árangri sem vænst var (sjá Riordan 1990:45). Úttekt Howe (1997:8-9) á rannsóknum tengdum viðhorfum barna til stúlkna og drengja leiddi af sér sömu ályktun, þ.e. að aðskilnaður milli stúlkna og drengja hafi aukist þrátt fyrir samvistir þeirra í skólastofum, m.a. vegna þess að drengjum er gert hærra undir höfði en stúlkum.

Auk þess sem að framan er nefnt hafa verið gerðar tilraunir með kynjaskipta kennslu til lengri eða skemmri tíma. Fyrst verður gerð grein



fyrir verkefninu á Hjalla og síðan verður fjallað um nokkrar tilraunir á Norðurlöndum.

### Leikskólinn Hjalli

Mat á fyrrum leikskólabörnum frá Hjalla í Hafnarfirði er viðfangsefni þessarar rannsóknar. Leikskólinn Hjalli hefur starfrækt stelpudeildir og strákodeildir frá haustinu 1989. Markmiðin voru að bregðast við þeim kynjamun sem komið hefur fram í samkenndu stúlkna og drengja og „gefa báðum kynjum kost á að þjálfa þá hæfileika sem hafa verið vanræktir“ (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:13). Starfshættir Hjalla hafa hlotið nafnið Hjallastefnan og hefur umrædd stefna verið tekin í notkun í nokkrum íslenskum leikskólum og einnig í leikskólum á öðrum Norðurlöndum (María Ölversdóttir 1999, Sjöquist o.fl. 1998). Kynjaskipta leikskólastarfið er einn af hornsteinum Hjallastefnunnar og sá sem hefur hlotið mesta athygli og umfjöllun.

Kjarni kynjaskiptingarinnar á Hjalla er þríþættur. Í fyrsta lagi er kynjaskipt starf grunnurinn að skipulagi skólans þar sem hvort kyn hefur eigin deildir, skólastofur og kennara. Á þann máta er reynt að vinna gegn neikvæðum afleiðingum kynjamunarins þar sem stúlkur og drengir í samkenndu mæta ólíku viðmóti og fá misstóran skerf af því sem skólinn býður nemendum. Í öðru lagi hafa öll hefðbundin leikföng verið fjarlægð og óbundið leikefni<sup>21</sup> og ómótaður efniviður notuð þess í stað. Þannig hverfa kynbundin leikföng sem minnkar staðalhugmyndir í leikjum barnanna. Í þriðja og síðasta lagi er kynjaskiptingu beitt við nemendastjórnun og skipulag námsinnihalds þar sem sérstakar áherslur eru fyrir hvort kyn til að auðga störf og leiki barnanna umfram hefðbundin kyn-

---

<sup>21</sup> Open material

hlutverk (Margrét Pála Ólafsdóttir 1998:60-64). Síðastgreindi þátturinn er svonefnd uppbótarvinna fyrir stúlkur jafnt sem drengi þar sem Hjallastefnan byggir á þeirri hugmynd að bæði stúlkur og drengir eigi rétt á að öðlast ímynd og hlutverk sem takmarkast ekki af hefðbundnum kynhlutverkum heldur ráðist af fjölbreyttum áhuga og hæfni hvers einstaklings. Til að svo megi verða þarf að hvetja og styðja bæði kyn til að æfa fjölbreytilega hegðun og glíma við kvenlæg jafnt sem karllæg verkefni. Þannig er kynjaskiptu deildastarfi Hjalla ætlað að gefa báðum kynjum þessa styrkingu á sviðum sem hitt kynið einokar venjulega í krafti kynferðis síns. Stúlkur fá sérstaka einstaklingsstyrkingu þar sem þær eru hvattar til sjálfstæðis og til að taka sér svigrúm í leikjum og starfi. Jafnhliða fá drengirnir sérstaka félagsstyrkingu sem byggir á að bæta hegðun þeirra og hvetja til nálægðar og umhyggju (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992, 1995, 1998).

Starfshættir Hjalla taka mið af ólíkum leikjum barna og með kynjaskiptum deildum er markmiðið að styrkja stúlkur og drengi sitt í hvoru lagi. Jafnframt er verið að skapa þeim leikaðstæður á eigin forsendum sem er ætlað að vinna gegn neikvæðum þáttum í samspili stúlkna og drengja í samleikjum. Eins og að framan greinir virðist það samspil skapa yfirráð drengja á kostnað stúlkna (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992, 1995, 1998).

Kynjaskiptu starfi á Hjalla er ætlað að bregðast við því að kynjagjáin hefur ekki minnkað þrátt fyrir auknar samvistir kynjanna. Þvert á móti er gert ráð fyrir að aðskilnaður stúlkna og drengja geti fremur stuðlað að jákvæðum viðhorfum gagnvart hinu kyninu. Ástæður þess eru taldar vera að aðskilnaður stúlkna og drengja við ákveðnar aðstæður og á ákveðnum tímabilum minnki sjálfkrafa þörfina fyrir að afmarka sig og

kynímynd sína með ýktri kynbundinni hegðun. Jafnframt er talið að stúlkur læri mest og best af kynsystur sínum og drengir af kynbræðrum sínum en að stöðugar samvistir geti ýtt undir kynbundin viðhorf um að ákveðin hegðun og ákveðin verkefni tilheyri einu kyni öðru fremur. Aðskilnaður kynjanna í sérstaka stúlkna- og drengjaskóla er þó ekki talinn æskilegur, heldur er álitíð nauðsynlegt að stúlkur og drengir vinni daglega saman til að æfa samskipti við hitt kynið við verndaðar aðstæður (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992, 1995, 1998).

#### Nokkur verkefni með kynjaskipta kennslu

Hér á eftir verður greint frá nokkrum verkefnum sem unnin hafa verið á síðustu 10 árum á Norðurlöndunum. Verkefni Gagnfræðaskólans á Akureyri er eitt elsta verkefnið og skólinn hefur þá sérstöðu að hafa gengið lengst skóla á grunnskólastigi og beitt kynjaskiptingu í öllum fögum í 4 bekkjardeildum um tveggja ára skeið. Hordalandskólinn í Noregi er dæmi um upphaf jafnréttiskennslu sem varð m.a. fyrirmynd að verkefni Myllubakkaskóla í Keflavík (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994b:30) og Storsjöskólans í Holmsund í Svíþjóð (Arnesen 1998:15). Síðastnefndi skólinn er dæmi um langvarandi þróunarverkefni þar sem skiptingu og samkennslu hefur verið beitt á víxl. Einnig er samantekt á mörgum smærri tilraunum innan danskra grunnskóla, þar sem einstakir kennarar hafa unnið að þróunarverkefnum þar sem kynjaskipt kennsla hefur verið viðhöfð tímabundið. Er eftirfarandi umfjöllun ætlað að gefa yfirlit um umræðuna og dæmi um það sem hefur verið efst á baugi í kynjaskiptri kennslu á Norðurlöndum síðasta áratuginn.

Ávinningur af tímabundinni kynjaskiptri kennslu hefur komið í ljós í dönskum tilraunum sem gerðar hafa verið frá 1989. Rannsóknir Kruse á fjölda slíkra tilrauna hafa sýnt að stúlkurnar sýna meiri samkennd og

minni kvenlega staðalhegðun en áður. Þegar breidd samkennsluhópsins var ekki lengur fyrir hendi jókst vitund stúlkanna um fjölbreytileikann innan eigin hóps sem og umburðarlyndi þeirra á milli. Feimnu og óvirku stúlkurnar urðu öruggari með sig og þorðu að taka þátt í starfi og umræðum. Stúlknaþóparnir lýstu allir ánægju yfir auknum áhrifum sínum á innihald kennslunnar og vinnutilhögun; áhrif sem þær skynjuðu ekki að þær hefðu haft í samkennslunni (Kruse 1996:434). Reynslan af kennslu drengjahópa hefur ekki sýnt sömu ávinninga. Piltarnir hafa bæði lýst erfiðleikum og reiði innan drengjahópsins en hafa þó verið stoltir af því að hafa getað unnið úr málum sjálfir. Reyndar töldu flestir að samstaða og vinátta hefði aukist þeirra á meðal, en aukin vitund þeirra um fjölbreytileikann í hópnum hafði neikvæðar afleiðingar. Örfáir drengir lentu neðst í virðingarstiganum og urðu fyrir þeirri áreitni sem áður beindist að stúlkunum. Kynjaskiptingin gerði þannig neikvæða þætti í drengjameningunni meira áberandi en áður var. Metingur, hávaði og gróft málfar einkenndi því hópana í byrjun og þurftu kennararnir að finna leiðir til að hamla gegn því. Drengirnir reyndust sakna gagnstæða kynsins meira en stúlkurnar gerðu og meðal þess sem þeir söknuðu var framlag stúlkanna til að halda friðinn og aðstoða í bekknum. Í lok skiptingartímans kváðust drengirnir þó vera ánægðir með tilraunina, þeir höfðu haft meiri áhrif á námsaðferðir og innihald kennslunnar en áður og fannst kennararnir hafa verið jákvæðari gagnvart þeim en áður (Kruse 1996:434). Ávinningur kynjaskiptu kennslunnar var sýnilegur í bekkjunum eftir að samkennsla hófst að nýju. Stúlkurnar kröfðust þess að drengirnir tækju tillit til þeirra; voru meira áberandi og létu meira í sér heyra en áður. Þróunarferlið var þó hvorki stúlkum né drengjum sársaukalaust (sama rit bls. 434-435).

Gagnfræðaskóli Akureyrar starfrækti tvo stúlknaþekki og tvo drengjaþekki frá haustinu 1990 til vorsins 1992. Hvatinn að verkefninu var reynsla stærðfræðikennara skólans af mismunandi nálgun kynjanna á námi og áhugaleysi stelpna á stærðfræði. Í markmiðssetningu sagði að kennsluna þyrfti að laga „að þörfum og getu hvors kyns, gera þannig skólann hæfari til að mæta þörfum allra nemenda og loks að veita kennurum tækifæri til að þróa eigin kennsluaðferðir m.t.t. stúlkna og drengja“ (Kristján Magnússon 1991). Tilraunin í Hordalandsfylki í Noregi stóð frá 1988 til 1990. Nokkrir kennarar í fylkinu tóku sig til í kjölfar jafnréttisnámskeiðs og brutu upp kennsluna í sínum bekkjum til að vinna að auknu jafnrétti í eigin starfi. Þeir skiptu bekkjunum upp í verkefnahópa einn dag í viku þar sem mismunandi verkefni, bæði kvenlæg og karllæg voru í boði á stöðvum og í krókum. Þessi leið var valin til að gefa börnunum sérstaka þjálfun í verkefnum sem samkvæmt hefðinni tilheyra gagnstæðu kyni og einnig til að stúlkur og drengir gætu séð gagnstætt kyn vinna í óhefðbundnum verkefnum. Þannig var krafa skólans um að bæði kyn réðu við kvenlæg og karllæg verkefni gerð sýnileg (Ve 1998). Markmið kennara í Myllubakkaskóla í Keflavík var að hafa áhrif á viðhorf nemenda til eigin getu svo og til launaðra og ólaunaðra starfa en könnun hafði leitt í ljós að hugmyndir nemenda um getu sína og starfsmöguleika voru afar kynbundnar. Börnin störfuðu reglubundið í starfskrókum þar sem hefðbundin kven- og karllæg verkefni voru til staðar og umræður voru um starfsval og starfsmöguleika ásamt athugunum á starfsvettvangi (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994b:32). Tilraunin í Storsjöskólanum í Holmsund í Svíþjóð hófst 1990 og stóð til 1996. Upphafleg ætlun var að stöðva yfirráð drengjanna og gefa stúlkunum betra tækifæri. Bekkjardeildunum var á stundum skipt upp í stúlkna- og drengjahópa og kennarar þróðu innihald og aðferðir

fyrir kynjaskipta kennslu. Þessi aðferð var valin á grundvelli þeirrar skoðunar að hvorki sameiginlegir né skiptir bekkir myndu í sjálfu sér tryggja „stúlknævæna“ bekki án kvenniðrandi námsefnis og þar sem kennurum þætti áhugaverðara að kenna drengjum, gætu stúlknabekkir endað á botninum (Berge 1996).

#### Niðurstöður tilraunaverkefna

Fáar rannsóknir hafa farið fram á áhrifum þessara verkefna og ber að hafa hugfast að formlegt mat hefur ekki verið gert á þeim öllum. Hér er að mestu leyti um þróunarverkefni að ræða þar sem mikilvæg hliðaráhrif geta haft víðtækar afleiðingar. Má þar nefna að jafnréttisverkefni getur orðið til þess að auka áhuga kennara á nýjum aðferðum við framlögn námsefnis og þar með eykst mögulega árangur nemenda án þess að jafnréttisverkefnið sé beinn orsakavaldur. Því er erfitt að leggja mat á orsök og afleiðingu í þessum verkefnum. Upplýsingar frá kennurum, viðtöl við börn og svör foreldra eru í sumum tilvikum lögð til grundvallar við mat á árangri auk misformlegra athugana og rannsókna.

Niðurstöður Ve (1998) voru að færni barnanna í Hordalandsverkefninu jókst í óhefðbundnum störfum og reyndist meiri en í samanburðar-bekkjum sem ekki höfðu fengið þessa þjálfun. Jafnframt lýstu bæði stúlkur og drengir í rannsókninni aðdáun sinni á því hversu vel hitt kynið réði við að leysa óhefðbundin verkefni. Kynjaskipt kennsla reyndist að mati kennara góð til að kenna fög sem eru tengdari öðru kyninu en hinu og má þar nefna heimilisfræði, sauma og umönnun annars vegar og hins vegar tækni, tölvur, tré- og járnsmíði. Merkasta niðurstaðan að mati Ve var þó að viðhorf kennaranna til jafnréttisstarfs innan skólans tók jákvæðum breytingum. Viðhorf kennara í Akureyrartilrauninni breyttist einnig. Reynslan styrkti þá skoðun kennara að tímabundin aðgreining

gæti jafnað stöðu kynjanna í námi en hluti þeirra var þó á þeirri skoðun að aðgreining kynjanna þyrfti ekki í sjálfu sér að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna. Jafnframt styrktust kennarar í þeirri skoðun að aðgreining hefði jákvæð áhrif á námsárangur, námsáhuga og sjálfsmynd stúlkna og einnig á námsáhuga drengja. Skoðanir kennaranna skiptust í tvö horn hvað varðaði námsárangur og sjálfsmynd drengjanna. Stór hluti kennaranna taldi í lok tilraunarinnar að stúlkur og drengir öfluðu sér þekkingar á ólíkan hátt og sýndu mismunandi námshegðun. Tæpur meirihluti taldi samt að ekki þyrfti að nota mismunandi kennsluaðferðir (Kristján Magnússon 1991). Niðurstöður kennaranna í Holmsundsverkefninu var að kynjaskipta kennslan hefði reynst gjöfuleg aðferð þegar í hlut áttu kynjanæmar kennsluaðferðir og kynjanæmt innihald. Sérstaklega var árangursríkt að beita kynjaskiptingu þegar í hlut áttu námsgreinar sem höfðu fremur verið tileinkaðar öðru kyninu. Jafnframt þótti skiptingin heppileg við aðstæður þar sem kynjamunur birtist, svo sem við ólíkar aðferðir stúlkna og drengja til að leysa deilur. Loks töldu kennarar að kynjaskipt kennsla hefði gefið góða raun í umræðum um samskipti, tilfinningar, kynlíf og samlíf (Berge 1996).

Samkvæmt skýrslu Akureyrarhópsins blómstruðu stúlkurnar og sjálfs-traust þeirra jókst og var það samhljóma svörum foreldra við spurningakönnun. Á tímabili þótti kennurum stúlkurnar fullákveðnar og erfiðar í hegðun og þurfti að taka á þeim málum. Svipað ferli var uppi á teningnum í Holmsundsverkefninu. Námsárangur beggja kynja jókst í flestum námsgreinum í Akureyrarverkefninu og meirihluti nemenda taldi æskilegt að hafa kynjaskipta kennslu áfram í 8. bekk (Valgerður H. Bjarnadóttir bls. 34). Holmsundsbornin tóku hugmyndum um áframhaldandi kynjaskipta kennslu vel en bæði stúlkur og drengir sögðu frá

vandamálum í samkenndslunni og notuðu þau sem rök fyrir að halda áfram með kynjaskipta hópa (Berge 1996).

Í Gagnfræðaskólanum á Akureyri lýstu nokkrar stúlkur söknuði eftir drengjunum og fannst sem fjörið hefði verið meira í samkenndslunni, þ.e. fjör sem drengirnir stóðu fyrir. Bendir það til þess að þær hafi ekki fundið hjá sjálfum sér þá eiginleika sem þær sóttust eftir í öðrum (Valgerður Bjarnadóttir 1991:24-37). Hið sama kom í ljós í Holmsundsverkefninu þar sem bæði kyn áttu erfitt með að fóta sig fyrstu vikurnar án þeirra þátta sem gagnstætt kyn var vant að leggja til (Berge 1996).

Í Holmsundsverkefninu voru viðhorf kynjanna til kynjaskiptrar kenndslu jákvæð, líka hjá drengjunum og átök milli þeirra minnkuðu (Berge 1996). Það gekk þvert á reynsluna frá Danmörku þar sem átök drengjanna jukust (Kruse 1996:434) og var einnig í ósamræmi við reynsluna frá Akureyri. Þar höfðu komið upp erfiðleikar í drengjabekkjunum, einelti, ofbeldi, átök og slys. Gripið var til sérstakra aðgerða s.s. viðtala, hópvinna og stuðningsaðgerða fyrir fórnarlömbin og náðist viðhlítandi árangur (Valgerður Bjarnadóttir 1991). Í skýrslunni er þó einnig tekið fram að einelti og ofbeldi hafi síst verið minna hjá þessum árgangi þegar hann var í barnaskóla þannig að varasamt er að alhæfa um að átök drengjanna hafi verið vegna skiptingarinnar. Þó hefur verið bent á að í kynjaskiptum hópum geti einkenni hvors kyns magnast upp til góðs eða ills þar sem hitt kynið hafi áður dregið úr einkennunum.

Í Akureyrartilrauninni var afstaða foreldra barna í kynjaskiptu bekkjunum jákvæð til þessa kenndsluforms en slík jákvæðni var ekki fyrir hendi hjá foreldrum barna í þeim eina bekk sem var áfram í samkenndslu. Fyrrgreindu foreldrarnir töldu í ríflega þriðjungu tilvika að sjálfstraust



barna hefði aukist og um þriðjungur nefndi aukinn námsárangur. Hinir síðarnefndu töldu hins vegar að námsárangur hefði versnað í meira en helmingi tilvika (Kristján Magnússon 1991). Þessar niðurstöður gefa þó lítið tilefni til ályktana þar sem samkenntubekkurinn var ekki samanburðarhópur heldur afleiðing þess að þriðjungur kennara tók ekki þátt í verkefninu. Foreldrar barna í leikskólanum Hjalla hafa hins vegar lýst ánægju sinni með kynjaskipt leikskólustarf og í könnunum hefur meira en 95% foreldranna talið kynjaskipta kennslu jákvæða eða mjög jákvæða (óbirt samantekt 1994-1999). Hér skal þó bent á að flestir foreldrar á Hjalla hafa valið leikskólann sérstaklega vegna þeirra starfshátta sem þar eru notaðir og þá ekki síst vegna kynjaskipta skólustarfsins.

Guðný Guðbjörnsdóttir (1994-b:29) rannsakaði áhrif jafnréttisverkefnis í Myllubakkaskóla í Keflavík og taldi að það hefði ekki skilað þeim árangri sem til stóð. Viðhorf barnanna til eigin getu breyttist ekki frá upphafi til loka verkefnisins og enginn munur var á viðhorfum kynjanna. Viðhorf barnanna í verkefninu breyttust að hluta til launaðra starfa en breytingin fólst helst í að viðhorf þeirra til starfa og launa varð raunhæfara en áður. Í stað þess að ná markmiði verkefnisins um að öll störf geti verið á færi bæði kvenna jafnt sem karla og að laun eigi að fara eftir einhverju öðru en kynferði, virtist verkefnið hjálpa börnunum til að kynnast sannleika vinnumarkaðarins (sama rit bls. 43). Loks var mat Guðnýjar (1994-b:45-50) að viðhorf barnanna í verkefninu hafi að hluta breyst til ólaunaðra starfa og þá þannig að eftir þjálfunina í verkefnakrókunum töldu börnin fleiri heimilisstörf vandasöm en áður og sérstaklega breyttust viðhorf drengjanna. Þrátt fyrir að mælingar bendi til að verkefnið í Myllubakkaskóla hafi ekki skilað þeim árangri sem vænst var bendir Guðný á að mat sem byggir á upplýsingum og athugunum kennara gefi jákvæðari en um leið ógagnrýnni útkomu og er

það í samræmi við niðurstöður úr Hordalandsverkefninu. Því bendir hún á að beita verði margbreytilegum aðferðum við mat á þróunarverkefnum af þessu tagi.

Sjöquist (1999) hefur fylgst með börnum sem koma af kynjaskiptum leikskóla í Svíþjóð í grunnskóla. Telur hún að ávinningar sem sjást í leikskóla með sérstakri styrkingu stúlkna og drengja hverfi að mestu leyti fyrstu mánuðina og jafnvel fyrstu árin í grunnskóla en komi síðan aftur í ljós. Rannsókn hefur þó ekki verið gerð á gengi þessara barna og hið sama gildir um gengi Hjallabarna í grunnskóla enda þetta verkefni fyrsta tilraunin til að leggja mat á áhrifum kynjaskipts leikskólastarfs.

#### Samantekt og álit

Fram til síðustu aldamóta var kynjaskipt kennsla ráðandi á grundvelli náttúrulegs kynjamunar og ólíkra kynhlutverka. Samkennsla stúlkna og drengja var aldamótabylting sem sætti gagnrýni, m.a. á grundvelli þess að þarfir stúlkna og drengja voru taldar kynbundnar. Engar óyggjandi rannsóknarniðurstöður sýna hvort samkennsla eða kynjaskipt kennsla þjóni nemendum eða skólakerfinu betur og nú er ágreiningur meðal skólafólks um gildi þessara aðferða rétt eins og var fyrir einni öld. Erfiðleikar í samkennslu, neikvæðar afleiðingar vegna kynjamunar og hægfara þróun í jafnréttisátt hefur ýtt við mörgum kennurum sem hafa síðan lagt upp með verkefni til að bæta samskipti eða hafa reynt kynjaskipta kennslu tímabundið.

Niðurstöður eru misvísandi hvað varðar árangur af skólatilraunum til að minnka þá kynjagjá sem er ríkjandi. Þó virðist ljóst að vera stúlkna og drengja innan sömu veggja í skólum skilar ekki sjálfkrafa auknum eða bættum samskiptum heldur þarf að vinna sérstaklega með samskiptin. Þó

Það sé gert liggja ekki fyrir óyggjandi niðurstöður um að auka megi samskipti stúlkna og drengja með sérstakri hvatningu. Ekki eru heldur óyggjandi niðurstöður um að auka megi jákvæðni milli kynjanna eða breyta kynjabundnu félagavali með sérstökum starfsháttum. Reynolds kennara af kynjaskiptu starfi hefur verið jákvæð en þessar tilraunir hafa oftast verið þróunarverkefni eða starfendarannsóknir sem erfitt er að bera saman við hefðbundið skólastarf þar sem samkensla er viðhöfð. Jafnframt er slíkur samanburður varasamur þar sem nýbreytni á einu sviði getur skapað áhuga sem skilar sér á öðrum sviðum. Slíkt var einmitt nefnt í skýrslu hinnar bresku Ofsted skrifstofu sem benti til betri námsárangurs barna í stúlkna- og drengjaskólum en í samkenslu. Að auki eru þeir skólar sóttir af börnum úr efri stéttum samfélagsins en námsárangur getur að einhverju leyti reynst stéttbundinn. Í jafnréttisverkefnum virðist sem reynsla kennara, nemenda og foreldra hafi verið jákvæð. Mælingar á árangri þessara verkefna hafa þó verið ólíkar og má nefna að rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur á áhrifum af einu verkefninu sýndi að tilætlaður árangur náðist aðeins að hluta til.

### **3. Rannsóknartilgáta**

Lítið er um rannsóknir á skammtíma- og/eða langtímaáhrifum verkefna eins og Hjallastarfseminnar þar sem kynjaskiptingu er beitt til að auka jafnrétti stúlkna og drengja í skólum. Höfundur þessa verkefnis taldi því brýnt að reyna að leggja mat á afleiðingar og möguleg áhrif kynjaskiptingar í leikskóla á gengi barnanna þegar í grunnskóla væri komið. Kemur þar tvennt til: Annars vegar hversu umdeild kynjaskipt kennsla hefur verið og hins vegar hversu lítið er um rannsóknir á áhrifum aðferðarinnar í lengd og bráð.

Eins og áður segir eru niðurstöður misvísandi á áhrifum þeirra jafnréttisverkefna sem kynnt hafa verið hér að framan. Oftar en ekki virðast þó verkefnin ekki skila tilætluðum langtímaáhrifum en jákvæðni hefur ríkt meðan nemenda, kennara og foreldra meðan verkefnin eru í gangi. Hjallastarfið hefur að einhverju leyti sérstöðu meðal þessara verkefna því börnin eru í kynjaskiptu starfi megnið af leikskóladvölinni og eins býr Hjalli að óvenju langri, samfelldri reynslu eða 10 ára starfi að þessu jafnréttisverkefni. Þar af leiðandi má ætla að áhrifa af starfinu þar gæti í ríkari mæli hjá fyrrum Hjallabörnum en börnum sem hafa tekið þátt í stuttu þróunarverkefni. Þetta er þó aðeins getgáta enda hér ekkert fyrirbyggjandi sem svarar til um hvort tímalengd verkefna hefur áhrif á árangur þeirra.

Á grundvelli alls þessa var tilgáta rannsóknarinnar sett fram. Hún var að gengi fyrrum Hjallabarna væri frábrugðið gengi annarra barna þegar í grunnskóla væri komið, þ.e. færni þeirra, líðan og viðhorf. Ekki var spáð fyrir um að gengi Hjallabarna væri betra eða verra en annarra skólabarna þar sem sitt sýndist hverjum um mögulega ávinninga eða tap af kynjaskiptri kennslu. Því var sett fram tilgáta fyrir tvíhliða prófun<sup>22</sup>.

Ávallt er erfitt að meta orsakir og afleiðingar í rannsókn af þessu tagi því margir þættir eru mikilvægir áhrifavaldir fyrir gengi barna. Kynjaskipt leikskólastarf er aðeins hluti af starfsháttum Hjallastefnunnar og aðrir þættir skipta einnig máli. Heimili og fjölskyldur barnanna eru enn stærri áhrifavaldir en engum upplýsingum var safnað þar að lútandi. Grunnskólar og starfshættir þeirra hafa mikil áhrif á gengi nemenda sem og

---


<sup>22</sup> Nondirectional hypothesis

félaga- og vinahópar. Því verða áhrif leikskóla seint einangruð frá öðrum þáttum. Rannsókn af þessu tagi getur þó gefið mikilvægar vísbendingar.

Jafnhliða rannsókn á gengi Hjallabarna var athugun á kynjamuni felld inn í verkefnið. Hjallaverkefnið og 10 ára þróun þess er til komið vegna þess kynjamunar sem fjölmargar rannsóknir hafa bent til og fjallað er um í kaflanum hér að framan. Verkefninu var ætlað að hamla gegn neikvæðum afleiðingum kynjamunar, vinna gegn takmörkum sem stöðluð kynhlutverk setja börnum og þjálfa fjölbreytta færni óháð kynferði. Má þar nefna þjálfun í kvenlægu jafnt sem karllægu starfi til að efla sammannlega eiginleika. Jafnframt var kynjaskiptum deildum ætlað að mæta þeirri tilhneigingu að börn sæktust eftir samskiptum við önnur börn af eigin kyni. Kynjamunur hefur lítið verið rannsakaður hér á landi og hefur því skort traustar upplýsingar um stöðu mála innan íslenska skólakerfisins. Athuguninni var því ætlað að svara hvort forsendur Hjallaverkefnisins stæðust en án kynjamunar er bæði verkefnið og rannsókn á áhrifum þess marklítið.

Mynd 1 sýnir uppbyggingu tilgátunnar í þessari rannsókn en hún er eins og fyrr segir að gengi Hjallabarna sé frábrugðið gengi annarra barna þegar í grunnskóla er komið. Hugtakið gengi er hér notað í víðri merkingu þess orðs og vísar til farsældar barna í hvívetna. Þannig er talið að bæði félagsleg færni og einstaklingsfærni séu gildir þættir í farsæld barna. Þó hugtökin félagsleg færni og einstaklingsfærni séu hér notuð, má minna á að vitanlega er ekki um andstæður að ræða þar sem báðir þættir hljóta að þróast í nánum tengslum og með gagnkvæmum áhrifum. Auk þessa er gengið út frá því að líðan barna skipti máli fyrir gengi þeirra eða farsæld og loks að viðhorf þeirra hafi ekki síður áhrif en í þessari rannsókn er leitað eftir viðhorfum þeirra í kynjamálefnum á

grundvelli þess að neikvæð og stöðluð kynjaviðhorf geti hindrað þau í að njóta sín til fulls.



Mynd 1. Líkan af rannsóknartilgátu og undirflokkum hennar

Eins og líkanið á mynd 1 sýnir skiptist gengi í þrjá undirflokka; færni, líðan og viðhorf. Hver flokkur felur síðan í sér nokkra þætti sem rannsakaðir voru. Þeir eru tilgreindir á mynd 1 og skilgreindir hér á eftir.

#### Félagsleg færni

Félagsleg færni er í þessari rannsókn greind í þrjá þætti; félagsfærni, hegðun og námsgetu miðað við aðra. Byggt er á skilgreiningum Gresham og Elliotts (1990) enda kvarði þeirra notaður í rannsókninni fyrir mælingar á þessum þáttum.

## 1. Félagsfærni er flokkuð í fimm undirflokkum sem eru:

- Samvinna; að deila með öðrum, hjálpa öðrum og fylgja reglum og fyrirmælum.
- Hæfni til að hafa sig í frammi; að leita eftir upplýsingum, kynna sig og bregðast við öðrum og aðgerðum annarra.
- Sjálfstjórn; að geta skipst á og beðið eftir að röðin komi að sér, að miðla málum og bregðast við áreitni á viðeigandi hátt.
- Gagnúð; að sýna umhyggju og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum annarra.
- Ábyrgð; að eiga samskipti við fullorðna og sýna starfi og eigum tilhlýðilega virðingu (Backe-Hansen og Ogden 1998:60, Gresham og Elliott 1990:2, Guðrún Kristinsdóttir 1995:16, Ogden 1998:109-115).

## 2. Hegðun er annar hluti af félagslegri færni og er hún flokkuð í eftirfarandi þrjá undirflokkum:

- Hegðunarerfiðleikar sem beinist út á við s.s. árásgirni og stjórnleysi.
- Hegðunarerfiðleikar sem beinist inn á við s.s. hræðsla, einmanaleiki og lítið sjálfstraust.
- Hegðunarerfiðleikar sem benda til ofvirkni s.s. yfirdrífna hreyfingar, óróleiki og hvatvís viðbrögð (Backe-Hansen og Ogden 1998:62).

3. Námsgeta miðað við aðra er þriðji og síðasti þátturinn af félagslegri færni eins og hún var mæld í þessari rannsókn. Námsgetan er skilgreind í félagslegu samhengi þar sem hver nemandi var metinn með tilliti til stöðu annarra í bekknum eða væntinga á skólastiginu. Auk þess var áhugi barnanna sjálfra á eigin velgengni og stuðningur heima fyrir hluti af þessu mati (Backe-Hansen og Ogden o.fl. 1998:61).

### Einstaklingsfærni

Einstaklingsfærni er sjálfsmynd og lunderni og byggja eftirfarandi skilgreiningar á þeim kvörðum sem notaðir voru við matið, þ.e. myndræn könnun þeirra MacCreary Juhasz og Munshi (1990) sem notuð var til að

meta sjálfsmynd yngri barna, kvarði Harters (1991) til að meta sjálfsmynd eldri barna og loks spurningar Keogh (sjá Backe-Hansen og Ogden 1998) til kennara varðandi lunderni þátttakenda.

1. Við mat á sjálfsmynd yngri barna er lagt til grundvallar að sjálfsmyndin mótist af líðan barna innan fjölskyldna, með fólki sem er þeim nákomid<sup>23</sup> og af líðan þeirra við mismunandi aðstæður. Orsök þessa er talin vera að viðbrögðin sem börnin fá við hegðun sinni vekir tilfinningar sem þau túlka og færa yfir á sjálfsmyndina sem verður þá ýmist jákvæð eða neikvæð í samræmi við tilfinningarnar (MacCreary Juhasz og Munshi 1990:693). Sjálfsmyndin er annars vegar samsett af líðan barna með móður sinni, föður sínum, fjölskyldu, vinum, kennurum og öðrum sem standa þeim nálægt og hins vegar líðan heima og í skólanum (MacCreary Juhasz og Munshi 1990:691-702).

Við mat á sjálfsmynd eldri barna var byggt á skilgreiningu Harter (sjá Ogden 1998:61). Þar er gert ráð fyrir að börn skynji sig missterk við mismunandi aðstæður og að sjálfsmyndin sé samsett á grundvelli þess. Í fyrsta lagi er vitsmunaleg sjálfsmynd, þar sem áhersla er lögð á frammistöðu í námi, í öðru lagi er félagsleg sjálfsmynd með tilliti til vina og félagasamskipta og í þriðja lagi er líkamleg sjálfsmynd á grundvelli útivistar og þátttöku í íþróttum. Loks er almenn sjálfsvirðing talin hluti af sjálfsmyndinni og byggir sjálfsvirðingin á því hversu vel barninu líkar við sjálf sig (Harter 1982:91, Backe-Hansen og Ogden 1998:61).

2. Auk sjálfsmyndar er lunderni hluti af einstaklingsfærni. Jákvætt lunderni er talið tengjast félagslegri hæfni en neikvætt lunderni er

---

<sup>23</sup> Significant others



fremur tengt hegðunarvandkvæðum. Lunderni er skipt í þrjá eftirfarandi þætti:

- Verkefnamiðun; virkni í starfi, virknistig, úthald og einbeiting.
- Persónuleg félagshæfni og félagslegur sveigjanleiki; aðlögunarhæfni og viðbrögð við nýjum áreitum og loks skaplyndi.
- Viðbrögð; styrkur og einlægni viðbragða og þolþröskuldur við erfiðar aðstæður (Ogden 1998: 105).

### Líðan

Líðan er mikilvægur hluti af sjálfsmynd barna eins og að framan greinir. Í þessu verkefni var líðan barna auk þess skoðuð sérstaklega í samræmi við eðli og tilgang verksins. Þannig skiptist líðan í þrjá þætti, líðan í skólum, líðan með börnum af sama kyni og líðan með börnum af gagnstæðu kyni. Nánari upplýsingar um þennan þátt er að finna í fylgiskjölum með sérsömdum spurningum höfundar fyrir þetta verkefni.

- Líðan í skóla; ánægð/ur að fara í skólann, líður vel í kennslustundum, frímínútum og með kennaranum sínum, þorir að segja skoðanir sínar og kvarta undan áreitni.
- Líðan með börnum af sama kyni í leikjum, verkefnavinnu og í tómskundastarfi sem og framkoma og öryggi í samskiptum.
- Líðan með börnum af gagnstæðu kyni við sömu aðstæður og nefndar eru varðandi líðan með sama kyni.

### Viðhorf

Viðhorf til kynjamálefna voru skoðuð sérstaklega samkvæmt eftirfarandi skilgreiningum. Auk viðhorfa sem varða rannsóknartilgátu verksins var leitað eftir viðhorfum foreldra til sam- og kynjaskiptrar kennslu sem og viðhorfa þeirra til fyrrum leikskólagöngu barnanna til að bregða betra ljósi á forsendur Hjallaverkefnisins.

- Svonefnd strákaleg hegðun; börn sem þora miklu, eru í íþróttum, segja skoðanir sínar, glöð að fara út, jafna mál sín á milli, eru með hávaða og læti, brjóta reglur, slást og hrekkja.
- Svonefnd stelpuleg hegðun; börn sem eru dugleg að læra, hafa allt í röð og reglu, kurteis, haga sér vel, hjálpsöm, skilja aðra útundan og klaga.
- Álit á gengi og líðan stúlkna og drengja í skólum; börn sem líkar vel við kennarann, hjálpa honum og hlusta á hann, eru ánægð í tímum og telja að kennaranum líki vel við þau og álíti þau dugleg að læra.
- Mat foreldra á samkenndu; stúlkum og drengjum ber að kenna saman því enginn munur er á kynjunum, þau ná vel saman í leikjum, þau verða að læra að vera saman og kynnast hinu kyninu.
- Mat foreldra á kynjaskiptri kenndu; stúlkur og drengi ber að hafa sitt í hvoru lagi við ákveðnar aðstæður því þau hafa ólíkar þarfir, námsárangur myndi aukast, þau gætu lært á eigin forsendum og fengju stundum frið hvert fyrir öðru.
- Mat foreldra á fyrrum skólagöngu; leikskólinn uppfyllti kröfur foreldra, börnin voru vel undirbúin, sjálfbjarga miðað við aldur, höfðu lært góða hegðun og sjálfstjórn, þjálfað einbeitingu og úthald, hlustun, tjáningu og fín- og grófhreyfingar.
- Mat foreldra á upphafi grunnskólagöngu; voru börnin jákvæð að byrja í skóla, voru væntingar þeirra uppfylltar eða voru aðlögunarvandamál? Er námsárangur góður, hafa átök, árásargirni og einelti gert vart við sig?

## 4. Rannsóknaraðferðir

### Rannsóknarsnið

Viðfangsefni rannsóknarinnar var gengi fyrrum Hjallabarna í grunnskóla og borin var saman færni, líðan og viðhorf Hjallabarna og annarra grunnskólabarna úr samanburðarhópi. Markmiðið var að leggja mat á hvort skipulag og starfshættir Hjalla, Hjallastefnan, hefði áhrif á gengi barnanna á næsta skólastigi. Þetta verkefni fól einnig í sér athugun á kynjamuni þar sem neikvæðar afleiðingar hans eru ástæðan fyrir kynjaskiptu leikskólastarfi Hjalla og þar með þessari rannsókn.

Heiti rannsóknarinnar var „Gengi Hjallabarna í grunnskóla; hefur kynjaskipt leikskólastarf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?“. Rannsóknartilgátan var að kynjaskipt kennsla í leikskólanum Hjalla hafi þau áhrif að gengi Hjallabarna, þ.e. færni, líðan og viðhorf væri frábrugðið gengi annarra barna. Gengi var þannig skipt í þrjá undirþætti; færni, líðan og viðhorf sem skilgreint var hér að framan.

Rannsóknin var samanburðarrannsókn, byggð á meginleggri rannsóknarhefð þar sem spurningakannanir voru lagðar fyrir börnin sjálf, foreldra þeirra svo og kennara í grunnskólunum. Undirbúningur fór fram veturinn 1997-1998, forprófun í mars og apríl og rannsóknargögnum var safnað í apríl og maí 1998. Gögnin voru skráð í árslok 1998, í ársbyrjun 1999 hófst úrvinnsla í SPSS tölfræðiforritinu sem lauk haustið 1999.

### Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru börn í Hafnarfirði og dreifðust þau á alla grunnskóla í bænum. Rannsóknarhópur var tvískiptur, yngri börn í

fyrstu tveimur bekkjum grunnskóla (fædd 1990 og 1991) og eldri börn í 5. og 6. bekk (fædd 1986 og 1987). Eldri börnin tilheyra fyrstu árgöngum Hjallabarna sem voru nægilega fjölmennir til að mynda rannsóknarhóp. Fjórir árgangar voru valdir til að fá nægjanlegan fjölda í rannsóknarhópinn og af sömu ástæðu var ekki tekið úrtak, heldur öll Hjallabörn í árganginum höfð með í rannsókninni. Börn sem dvöldu skemur en tvö ár á Hjalla, hættu áður en kom að grunnskólagöngu eða bjuggu ekki lengur í Hafnarfirði voru tekin af listanum. 220 börn höfðu dvalist á Hjalla úr þessum fjórum árgöngum en 90 börn uppfylltu ekki skilyrðin hér að framan þannig að heildarfjöldinn nam 130 börnum. Sami fjöldi, 130 börn, var í samanburðarhópi og voru þátttakendur valdir úr sömu bekkjum og Hjallabörnin. Fyrir hvert Hjallabarn í rannsókninni var valið það barn af sama kyni sem var næst Hjallabarninu í aldri í bekknum. Þannig var tryggt að samanburðarhópur og tilraunahópur væru líkir í aldri og byggju við svipuð skilyrði í grunnskólum.


Forráðamenn 231 barns af 260 heimiluðu þátttöku barna sinna og tóku þau öll þátt að því undanskildu að þrjú börn voru veik rannsóknar- dagana. Þar sem kennarar þeirra og/eða foreldrar skiluðu sínum listum voru umrædd börn áfram skráð sem þátttakendur. Skil þeirra þriggja hópa sem til var leitað voru eins og sést á töflu 1.

<b>Þátttaka</b>	Fjöldi svara	Svaraði ekki	Alls	Svarhlutfall
Yngri börn	125	0	125	100
Eldri börn	103	3	106	97,2
Kennarar	206	25	231	89,2
Foreldrar	151	80	231	65,4

*Tafla 1. Skil barna, foreldra og kennara á spurningakönnunum rannsóknarinnar*

Eins og sést á töflu 1 náðist til allra yngri barna í hópnum og nær allra eldri barna. Skil kennara voru nokkru minni en barnanna, um 90% og


skil foreldra voru um 65%. Skipting þátttakenda eftir kyni og hvort þeir tilheyrja rannsóknar- eða samanburðarhópi sést á mynd 2.



Mynd 2. Skipting á svörum barnanna eftir aldri, hópi og kyni

Mynd 2 sýnir svör barnanna eftir kyni og hópi. Skil Hjallabarna voru betri þar sem fleiri foreldrar Hjallabarna en foreldrar samanburðarbarna heimiluðu þátttöku barna sinna í rannsókninni. Stúlkur voru nær helmingi færri en drengir í eldri hópunum.

Mynd 3 hér að neðan sýnir skiptingu á svörum kennara og foreldra.



Mynd 3. Skipting á svörum kennara og foreldra eftir aldri, hópi og kyni barnanna

Mynd 3 sýnir skiptingu á svörum kennara og foreldra eftir aldri, kyni og hópi barnanna. Skil kennara voru sérlega góð eins og áður segir en skil foreldra voru lakari. Talsvert fleiri Hjallaforeldrar svöruðu könnuninni en foreldrar samanburðarbarna. Hér skal einnig tekið fram að mæður barnanna svöruðu listanum í 63% tilvika, feður í 3% tilvika og báðir foreldrar saman í 34% tilvika.

Foreldrar voru spurðir um þroskafrávik og hegðunarvandamál barna sinna til að sjá hvort munur væri á Hjallabörnum og samanburðarbörnum. Reyndist svo ekki vera þar sem 14 Hjallabörn voru talin með slík vandamál á móti 16 samanburðarbörnum. Hins vegar var munur á stöðu stúlkna og drengja þar sem 23 drengir en aðeins 7 stúlkur voru álitin glíma við sérstök hegðunarvandkvæði og þroskafrávik.

Heimildar Tölvunefndar var leitað áður en sótt var um leyfi til skólayfirvalda í Hafnarfirði. Að leyfum fengnum var forráðamönnum barnanna send kynning á rannsókninni og eyðublað til undirritunar til að heimila þátttöku barna sinna. Kynningunni var fylgt eftir með símtölum. Forráðamönnum var heitið trúnaði og nafnleynd bæði bréflaga og munnlega og þeim kynntar reglur Tölvunefndar um meðferð gagna og birtingu niðurstaðna.

#### Mælitæki

Spurningakannanir voru lagðar fyrir yngri og eldri börn, foreldra þeirra og kennara. Lagt var mat á félagslega færni og einstaklingsfærni með kvörðum sem notaðir voru í viðamikilli norrænni rannsókn á daglegum aðstæðum barna og félagslegri færni (Guðrún Kristinsdóttir 1995, Backe-Hansen og Ogden 1998). Kostur þess að nota umrædda kvarða er að til eru upplýsingar um svör íslenskra barna sem og annarra norrænna

barna sem gefur kost á samanburði með þeim fyrirvara að börnin í norrænu rannsókninni voru 10 ára en í þessari rannsókn eru þau 6 og 7 ára og 11 og 12 ára. Sérstakar spurningar voru auk þess samdar fyrir þessa rannsókn til að leggja mat á líðan og viðhorf. Alls voru notaðir fjórir spurningalistar í rannsókninni. Yngri börn lögðu mat á 15 atriði með myndrænum svarkostum, eldri börn svöruðu 107 spurningum, kennarar svöruðu 89 spurningum og foreldrar svöruðu 106 spurningum.

#### Félagsleg færni

Kvarði<sup>24</sup> Gresham og Elliott (1990) var notaður til að mæla félagslega færni, þ.e. félagsfærni, hegðun og námsgetu miðað við aðra. Eldri börn, foreldrar og kennarar lögðu mat á félagsfærni þátttakenda þannig að börnin svöruðu 34 spurningum, foreldrar 17 og kennarar 30. Spurningarnar lutu að jákvæðri, félagslegri hegðun og var beðið um mat á hversu oft viðkomandi hegðun birtist, þ.e. „aldrei“, „öðru hvoru“, „oft“ og „mjög oft“. Eins og áður er nefnt var félagsfærni skipt í 5 svið og spurt var um samvinnu, hæfni til að hafa sig í frammi og sjálfstjórn í öllum þremur spurningalistunum en nemendur voru eingöngu spurðir um gagnúð og foreldrar um ábyrgð.

Kennarar einir mátu hegðun og svöruðu 17 spurningum þar sem þeir lögðu mat á hversu oft neikvæð hegðun birtist; „aldrei“, „öðru hvoru“, „oft“ og „mjög oft“. Kennarar voru einnig einir um að meta félagslega námsgetu þar sem þeir svöruðu 8 spurningum um það hvort staða viðkomandi nemenda væri „léleg“, „í meðallagi“, „góð“ eða „mjög góð“. Viðmið þeirra voru aðrir í bekknum, væntingar til nemenda á skólastiginu, áhugi þeirra á eigin velgengni og stuðningur heima fyrir.

---

<sup>24</sup> „Social Skills Rating System“ eða SSRS

## Einstaklingsfærni

Sjálfsmynd yngri barna var metið með staðfærðri útgáfu<sup>25</sup> af teikni-könnuninni „Faces and Feelings“ (MacCreary Juhasz og Munshi 1990:691-702). Sú könnun er ætluð börnum frá fimm ára og upp í fyrstu bekki grunnskóla. Börnin teikna þá einstaklinga og þær aðstæður sem er verið að kanna og velja síðan milli myndrænna svarkosta í formi misglaðlegra andlita (sama rit bls. 693). Í þessari útgáfu voru sjö einstaklingsmyndir, þ.e. barnið sjálft, mamma, pabbi, fjölskylda, kennari, vinur og „aðrir“ sem barnið valdi sjálft að teikna af öðrum sér nákomnum. Aðstæðum var hins vegar fækkað úr sjö í upphaflegu útgáfunni í fimm til að stytta verkefnið, þ.e. börnin lögðu mat á líðan sína heima, í kennslustund, í frímínútum, í leik með vini og að leika sér ein. Bætt var við fjórum aðstæðum sem snertu viðhorf til eigin kyns og hins kynsins, þ.e. líðan þeirra í leik og starfi með stelpum eða stráku. Loks var svarkostum fjölgað frá þremur í upphaflegu útgáfunni í fimm, „mjög glöð/glaður“, „glöð/glaður“, „allt í lagi“, „leið/ur“ og „mjög leið/ur“ til að sjá hvort börnin kysu að skilgreina líðan sína nákvæmar en mælitækið gerði upphaflega ráð fyrir.

Sjálfsmynd eldri barna var metin með kvarða Harters, „The Perceived Competence Scale for Children“ (Harter 1982:87-97). Börnin tóku afstöðu til 28 staðhæfinga sem lýstu ólíkum þáttum sem mynda vitsmuna-, félags- og líkamlega sjálfsmynd auk almennrar sjálfsvirðingar (Harter 1982:91, Backe-Hansen og Ogden 1998:61). Þannig svöruðu þau hvort staðhæfingin ætti „dálítið“ eða „alveg“ við þau. Harterskvarðinn er eingöngu ætlaður börnum en í þessari rannsókn var gerð tilraun til að nýta kvarðann fyrir foreldra. Yfirskrift kvarðans var breytt þannig að

---

<sup>25</sup> Staðfærð og aukin fyrir þessa rannsókn



„það sem mér finnst um sjálfa/n mig“ varð að „ég held að barninu mínu finnst það sjálft...“. Á sama máta var svarkostum breytt og foreldrar beðnir að taka afstöðu til staðhæfinganna með fyrirgjöf á bilinu 1-10 eftir því hversu vel þeir töldu þær lýsa viðkomandi börnum.

Lunderni þátttakenda var metið með kvarða Keogh o.fl., „Teacher Temperament Questionnaire“ (Backe-Hansen og Ogden 1998:62, Guðrún Kristinsdóttir 1995:17). Kennarar lögðu mat á 23 staðhæfingar um lunderni og höfðu 6 kosti til að svara hversu oft nemendur sýndu tiltekna hegðun eða viðbrögð.

#### Líðan

Sérstakar spurningar voru samdar fyrir þessa rannsókn til að leita eftir upplýsingum um líðan barna í skólum, með börnum af eigin kyni og gagnstæðu kyni. Eldri börnin svöruðu 22 spurningum og völdu milli 5 svarkosta um líðan sína með stúlkum og drengjum. Foreldrar svöruðu 12 spurningum og kennarar 9 um hvort viðkomandi liði best í leikjum og starfi með börnum af sama kyni, gagnstæðu kyni eða jafnt börnum af báðum kynjum.

#### Viðhorf

Sérstakar spurningar voru einnig samdar fyrir eldri börn til að meta viðhorf þeirra til staðalhugmynda um hegðun stúkna og drengja og stöðu kynjanna í skólum. Þátttakendur tóku afstöðu til 23 staðhæfinga með að svara til um hvort stelpur, strákar eða börn af báðum kynjum jafnt sýndu tiltekna hegðun.

Jafnframt voru samdar spurningar fyrir foreldra þar sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til 13 staðhæfinga sem lutu að samkenntu stúlkna og drengja, kynjaskiptri kenntu, stöðu stúlkna og drengja í skólum og um

þörfina fyrir nýjar leiðir til að bæta stöðu þeirra í skólakerfinu. Loks svöruðu foreldrar 20 spurningum um fyrrum leikskólagöngu og upphaf grunnskólagöngu.

#### Gagnasöfnun

Öllum skólustjórum og hlutaðeigandi kennurum var skrifað og beðið um að spyrjar á vegum rannsakanda fengju að leggja könnun yngri og eldri barna fyrir innan skólanna. Jafnframt voru hlutaðeigandi kennarar beðnir að svara spurningakönnun fyrir börn í rannsóknarhópnum, senda rannsóknargögn heim með börnunum og taka við svarpósti. Undantekningarlítið var samstarf afar gott við starfsfólk skólanna.

12 leikskólakennaranemar lögðu teikniverkefni fyrir yngri börnin samkvæmt nákvæmum leiðbeiningum. Þeir höfðu áður æft fyrirlögnina með leikskólabörnum. Hver og einn vann með 8-14 barna hópi og hitti hópinn daglega í viku. Á fyrstu fjórum fundunum teiknuðu börnin þær aðstæður sem þau áttu síðar að meta. Á fimmta fundinum voru spyrjarnir búnir að líma fimm svarkosti, þ.e. fimm mismunandi glöð andlit inn á hverja teikningu og lituðu börnin það andlit sem best lýsti líðan þeirra þegar þau hugsuðu um viðkomandi einstakling eða aðstæður. Þrír leikskólakennarar lögðu könnunina fyrir eldri börnin samkvæmt nákvæmum leiðbeiningum. Ef nemendur voru fjarverandi var reynt að skipuleggja fund með þeim á öðrum tímum.

Spurningakannanir til kennara voru sendar í skólana og kennarar dreifðu spurningakönnun til foreldra. Skil foreldra voru dræm og því var leitað til hafnfirska fréttablaðsins „Fjarðarpóstsins“. Blaðið birti tilkynningu um rannsóknina og framlengdan svarfrest og skilaði það góðum árangri.

## Úrvinnsla gagna

Öll gögn voru skráð í tölfræðiforritið SPSS. Athuganir á gögnum beindust annars vegar að því að prófa rannsóknartilgátuna og sjá hvort marktækur<sup>26</sup> munur reyndist á Hjallabörnum og samanburðarbörnum og hins vegar að prófa svör stúlkna og drengja óháð leikskólagöngu samkvæmt fyrrnefndri athugun á kynjamuni sem var byggð inn í þetta verk. Marktektarmörk voru 0,05 og allar spurningar og undirþættir voru borin saman með t-prófum. Í niðurstöðum hér á eftir er t-gildi merkt \* ef munur hafði reynst marktækur. Eftir því sem meðalútkoma er hærri hafa svarendur talið sig ánægðari með þær aðstæður sem um var spurt en þeir sem fengu lægri útkomu. Einnig skal tekið fram að þar sem einstöku spurningum hafði ekki verið svarað var skráð meðaltal allra svara við spurningunni og það er tekið með í samanburðinum. t-gildi eru hér á eftir ávallt með jákvæðu formerki þegar útkoma Hjallabarna er hærri en barna í samanburðarhópi. Í samanburði á kynjunum er t-gildið jákvætt ef útkoma drengja er hærri en stúlkna. Meðaltöl eru ávallt gefin upp á kvarðanum 1-10 þar sem því er við komið.

Eldri stúlkur voru nær helmingi færri en drengir enda fáar eldri Hjallastúlkur sem náðu tilskildum mörkum til þátttöku í rannsókninni. Því var svörum eldri stúlkna gefið vægið 1,8 á móti 1 hjá drengjum og þannig náðist sambærilegur svarafjöldi fyrir bæði kyn. Þessi aðferð var notuð við samanburð spurningalista eldri barnanna svo og þegar samanburður á mati kennara og foreldra var gerður fyrir eldri stúlkur og eldri drengi. Umrædd aðferð var ekki notuð þegar allur rannsóknarhópurinn var skoðaður s.s. þegar svör allra Hjallastúlkna voru borin saman við svör stúlkna úr samanburðarhópi.

---

<sup>26</sup> Hér á eftir verður einvörðungu talað um mun þegar hann er marktækur

Í úrvinnslu voru Hjallabörn borin saman við börn úr samanburðarhópi og síðan var útkoma Hjallastúlkna og drengja borin saman við útkomu stúlkna og drengja úr samanburðarhópi. Útkoma yngra hóps og eldra hóps var skoðuð og loks var útkoma stúlkna og drengja borin saman óháð fyrrum leikskólagöngu. Spurningar sem voru sérsamdar fyrir þessa rannsókn voru flokkaðar í undirþætti en þar sem bæði spurningarnar sjálfar og flokkun þeirra er tilraun í þessari rannsókn ber að taka niðurstöðum með þeim fyrirvara.

## 5. Niðurstöður

Í upphafi hvers undirkafla í niðurstöðukaflanum er stutt samantekt um viðfangsefni kaflans, um hvað var spurt og hvaða mælitæki voru notuð. Í lok hvers undirkafla er samantekt á niðurstöðum og í lok kaflans er heildarsamantekt. Til frekari glöggvunar er bent á meðfylgjandi spurningalista með spurningum sem höfundur samdi fyrir þessa rannsókn.

### 5 A Félagsleg færni

#### Félagsfærni

Foreldrar og kennarar yngri og eldri barna lögðu mat á félagsfærni barnanna. Auk þess svöruðu eldri börnin sjálf hliðstæðum spurningum en yngri börnin lögðu ekki mat á félagsfærni sína. Spurningarnar byggðust á kvarða Greshams og Elliotts. Töflur 2, 3 og 4 sýna álit allra þriggja hópanna og tóku foreldrar og kennarar afstöðu til þess hversu oft ákveðin hegðun sæist hjá börnunum.

Mat á félagsfærni; Hjallabörn – samanb.- börn. Meðaltal 1-10	Eldri nemendur		Kennarar, yngri og eldri		Foreldrar, yngri og eldri	
	Hj.börn	S.börn	Hj.börn	S.börn	Hj.börn	S.börn
Samvinna	7,40	7,25	7,90	7,95	7,30	7,30
Hæfni að hafa sig í frammi	7,54	7,26	7,15	6,95	8,24	8,16
Ábyrgð					7,16	7,20
Gagnúð	7,37	7,00				
Sjálfstjórn	6,19	5,89	7,36	7,45	6,93	7,19
Heildarútkoma	7,37	7,10	7,47	7,45	7,54	7,55

Tafla 2. Félagsfærni Hjallabarna og samanburðarbarna

Eins og sést á töflu 2 hér að framan var enginn munur á börnum úr Hjallahópi og samanburðarhópi hvort sem litið var til svara barnanna

sjálfra, foreldra þeirra eða kennara. Útkoma úr svörum hópanna var einnig hliðstæð en lægsta meðalútkoman var 5,9 en sú hæsta var 8,2. Sjálfstjórn fékk lakasta dóma en samvinna og hæfni til að hafa sig í frammi fékk besta dóma. Útkoma úr mati foreldra og kennara var hærri en útkoma barnanna en foreldramatið nam 7,55, mat kennara nam 7,46 og heildarmat barnanna sjálfra nam 7,30.

Þegar rannsóknarhópnum var skipt eftir fyrrum leikskólagöngu og kyni reyndist mat á félagsfærni Hjalladreggja og drengja úr samanburðarhópi vera svipað og niðurstaðan var hin sama þegar tekið var tillit til aldurs. Hið sama gilti um stúlkur nema hvað útkoma eldri Hjallastúlkna reyndist hærri hvað varðaði gagnúð ( $t(66)2,350$   $p \leq 0,05$ ) en útkoma stallsystra þeirra úr samanburðarhópi.

Munur reyndist hins vegar á mati á félagsfærni pilta og stúlkna og sést umræddur munur á töflum 3 og 4. Fyrrnefnda taflan sýnir meðaltalsútkomu þeirra þriggja hópa sem svöruðu til um félagslega færni barnanna og síðarnefnda taflan sýnir t-gildi og frelsisgráður fyrir sömu spurningar. Í tveimur af fimm undirþáttum sem metnir voru var útkoma stúlkna hærri en drengjanna í svörum kennara, foreldra og barnanna sjálfra. Þannig mátu allir þrír hóparnir að geta stúlkna í samvinnu væri meiri en geta drengja á því sviði og hið sama gilti um sjálfstjórn þar sem útkoma stúlkna var ávallt hærri en drengja. Að auki var heildarútkoma stúlkna fyrir félagsfærni hærri en drengja að mati kennara, foreldra og barna.

Mat á félagsfærni drengja og stúlkna. Meðaltal 1-10	Eldri nemendur		Kennarar, yngri og eldri		Foreldrar, yngri og eldri	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
Samvinna	7,14	7,64	7,26	8,66	7,02	7,56
Hæfni að hafa sig í frammi	7,27	7,64	6,53	7,65	8,10	8,32
Ábyrgð					7,02	7,35
Gagnúð	7,17	7,23				
Sjálfstjórn	6,73	7,21	6,79	8,09	6,78	7,31
Heildarútkoma	7,10	7,48	6,86	8,13	7,36	7,75

Tafla 3. Félagfærni stúlkna og drengja

Mat á félagsfærni drengja og stúlkna, t-gildi og frelsisgráður f. töflu 3	Eldri nemendur	Kennarar, yngri og eldri	Foreldrar, yngri og eldri
	t-gildi og frelsisgr.	t-gildi og frelsisgr.	t-gildi og frelsisgr.
Samvinna	t(101) = -2,492*	t(204) = -6,390*	t(150) = -2,855*
Hafa sig í frammi	t(101) = -1,951	t(204) = -4,602*	t(150) = 1,041
Ábyrgð			t(150) = -1,349
Gagnúð	t(101) = -0,277		
Sjálfstjórn	t(101) = -2,118*	t(204) = -5,772*	t(150) = -2,25*
Heildarútkoma	t(101) = -2,118*	t(204) = -6,159*	t(204) = -2,458*

Tafla 4. Félagfærni stúlkna og drengja \* =  $p \leq 0,05$

Töflur 3 og 4 hér að ofan sýna eins og áður segir að útkoma stúlkna var hærri hvað varðar samvinnu og sjálfstjórn. Auk þess var heildarútkoman hærri hjá stúlkum en drengjum. Mat foreldra og barna var sambærilegt hvað varðar hæfni stúlkna og drengja til að hafa sig í frammi en útkoman úr svörum kennara var hærri þar fyrir stúlkur en drengi. Foreldrar einir lögðu mat á ábyrgð barnanna og var þar ekki munur milli kynja og börnin ein lögðu mat á gagnúð og var þar ekki munur milli kynja. Mesti kynjamunurinn reyndist vera í svörum kennara

og töldu þeir í öllum tilvikum að félagsfærni stúlkna væri meiri en drengja.

### Hegðun

Kennarar lögðu mat á hegðun nemenda og var það með kvarða Gresham og Elliotts. Mat þeirra sýndi lítinn mun á Hjallabörnum og samanburðarbörnum. Tafla 5 hér á eftir sýnir útkomu Hjallastúlkna og stall-systra þeirra úr samanburðarhópi fyrir þá þrjá hegðunarþætti sem um var spurt. Tafla 6 sýnir síðan útkomu Hjalladrengja og féлага þeirra í samanburðarhópi fyrir sömu hegðunarþætti.

Mat á hegðun stúlkna í yngri og eldri hópi	frelsis-gráður	t-gildi	meðaltal 1-10	
			Hjallastúlkur	Samb.stúlkur
Beinast inn á við	95	1,052	8,38	7,99
Beinast út á við	95	-0,312	9,04	9,13
Ofvirkniseinkenni	95	-0,418	8,76	8,88

Tafla 5. Mat kennara á hegðun Hjallastúlkna og stúlkna úr samanburðarhópi

Mat á hegðun drengja í yngri og eldri hópi	frelsis-gráður	t-gildi	meðaltal 1-10	
			Hjalladrengir	Sam.drengir
Beinast inn á við	107	0,953	8,22	7,89
Beinast út á við	107	-1,100	7,42	7,88
Ofvirkniseinkenni	107	-0,987	7,16	7,56

Tafla 6. Mat kennara á hegðun Hjalladrengja og samanburðardrengja

Töflur 5 og 6 sýna að Hjallabörn fengu hliðstæðan dóm kennara og samanburðarbörn hvað hegðun varðar. Hins vegar var kynjamunur á dómum kennara þar sem útkoma piltanna var lægri. Þessi munur sést glögglega í töflu 7 þar sem mat kennara á stúlkum og drengjum er borið



saman óháð fyrrum leikskóladvöl og munur er fyrir hendi í tveimur tilvikum af þremur.

Hegðun stúlkna og drengja í yngri og eldri hópi	frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Beinast inn á við	204	-0,526	8,06	8,20
Beinast út á við	204	-5,831*	7,63	9,08
Ofvirkniseinkenni	204	-5,922*	7,34	8,81

Tafla 7. Mat kennara á hegðun stúlkna og drengja \* =  $p \leq 0,05$

Í töflu 7 hér að ofan kemur fram að drengir voru stúlkum fremur taldir sýna hegðun sem einkenndist af ofvirkni eða áttu við hegðunarerfiðleika að stríða sem beindust út á við og trufluðu aðra nemendur og skólastarfið. Er það samhljóma svörum foreldra þar sem drengir voru meira en 80% þeirra barna sem talin voru með hegðunaryvandamál s.s. árásargirni, einbeitingarleysi og ofvirkniseinkenni.

#### Námseta miðað við aðra

Kennarar lögðu mat á námsetu þátttakenda með kvarða Gresham og Elliotts og heildarútkoma úr svörum þeirra var hærri fyrir eldri Hjallabörnin en fyrir samanburðarbörnin. Auk þess var útkoma Hjallabarnanna í einstökum atriðum hærri en samanburðarbarnanna í fjórum atriðum af níu eða í rösklega 44% tilvika. Þessi munur er sýndur í töflu 8 hér á eftir. Staða yngri Hjallabarna var hins vegar talin sambærileg við stöðu samanburðarbarna með einni undantekningu. Það var mat kennara að yngri Hjallabörn væru lakari í stærðfræði en væntingar standa til í 1. og 2. bekk ( $t(120) = -2,131$   $p \leq 0,05$ ; sp. 53).

Mat á námsgetu Hjallabarna og samanburðarbarna í eldri hópi	Frelsis gráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hj.börn	S.börn
Námsframmistaða m.t.t.annarra í bekknum.	105	2,743*	7,78	6,35
Lestrargeta miðað við hina í bekknum.	105	1,787	8,03	7,13
Stærðfræðigeta miðað við hina í bekknum.	105	2,142*	7,65	6,50
Staða í lestri m.t.t. væntinga á skólastiginu.	105	2,167*	8,03	6,95
Staða í stærðfræði m.t.t.væntinga á skólast.	105	1,872	7,58	6,55
Áhugi á eigin velgengni í skólanum.	105	1,690	8,13	7,28
Stuðningur foreldra við velgengni nem.	105	0,936	8,45	8,00
Námshæfileikar miðað við aðra í bekkn.	105	3,472*	8,25	6,58
Hegðun miðað við aðra í bekknum.	105	-1,063	7,53	8,10
Heildarútkoma á bilinu 1 - 10	105	2,065*	7,93	7,05

Tafla 8. Námsgeta barna í eldri hópi og staða þeirra í skólanum \* =  $p \leq 0,05$

Í töflu 8 sést að þegar námsgeta, námsáhugi og námsstuðningur var metinn samtímis var útkoma eldri Hjallabarna nær 8 á móti röskum 7 hjá börnum í samanburðarhópi. Hjallabörnin voru einnig talin sýna betri frammistöðu í námi en samanburðarbörnin og hið sama gilti um námshæfileika þeirra. Geta eldri Hjallabarna í lestri var talin meiri en væntingar standa til hjá börnum í 5. og 6. bekk og stærðfræðigeta þeirra var sögð meiri en hjá bekkjarfélögnum.

Loks var mat kennara á námsgetu, námsáhuga og námsstuðningi skoðað hjá stúlkum og drengjum óháð fyrrum leikskóladvöl þeirra. Stúlkur voru taldar standa betur að vígi en drengir og mat kennara var ávallt stúlkum í vil. Í töflu 9 hér á eftir sést að einu undantekningarnar voru staða barnanna í stærðfræði og stærðfræðigeta þeirra með tilliti til væntinga á skólastiginu. Þar var geta stúlkna og drengja talin ámóta mikil.

Námsgeta stúlkna og drengja í yngri og eldri hópi	Frelsis gráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Námsframmistaða m.t.t.annarra í bekknum.	204	-2,703*	6,70	7,68
Lestrargeta miðað við hina í bekknum.	204	-2,399*	6,95	7,80
Stærðfræðigeta miðað við hina í bekknum.	204	-1,440	7,03	7,55
Staða í lestri m.t.t. væntinga á skólastiginu.	204	-2.898*	7,15	8,13
Staða í stærðfræði m.t.t.væntinga á skólast.	204	-1,302	7,10	7,55
Áhugi á eigin velgengni í skólanum.	204	-4,206*	7,03	8,40
Stuðningur foreldra við velgengni nem.	204	-2,478*	7,95	8,73
Námshæfileikar miðað við aðra í bekkn.	204	-2,215*	7,18	7,93
Hegðun miðað við aðra í bekknum.	204	-5,514*	6,88	8,80
Heildarútkoma á bilinu 1 – 10	204	-3,519*	7,11	8,08

Tafla 9. Námsgeta stúlkna og drengja og staða þeirra í skólanum \* =  $p \leq 0,05$

Stúlkur voru álitnar sýna betri námsframmistöðu og hafa meiri náms-  
hæfileika en piltar. Lestrargeta þeirra var talin meiri og heildarútkoma  
þeirra var hærri eða röskir 8 á móti röskum 7 hjá drengjum. Stúlkur voru  
einnig álitnar hafa meiri áhuga á eigin frammistöðu og hegðun þeirra var  
talin betri en drengja. Loks var talið að foreldrar stúlkna veittu dætrum  
sínnum meiri stuðning í námi en foreldrar drengja.

#### Samantekt á félagslegri færni

Enginn munur var á félagsfærni hjá fyrrum Hjallabörnum og öðrum  
börnum að mati barna, foreldra og kennara nema hvað útkoma eldri  
Hjallastúlkna var hærri en stallsystra þeirra úr samanburðarhópi hvað  
varðaði gagnúð. Hegðun Hjallabarna fékk sömu útkomu hjá kennurum  
og hegðun annarra barna. Þessar niðurstöður styðja því í meginráttum  
ekki rannsóknartilgátu um að gengi Hjallabarna sé frábrugðið gengi  
annarra barna. Námsgeta eldri Hjallabarna var talin meiri en saman-  
burðarbarna og styður það tilgátu rannsóknarinnar um að gengi fyrrum

Hjallabarna sé frábrugðið gengi annarra barna. Námsgeta yngri Hjallabarna var hins vegar talin svipuð og samanburðarbarna nema að þau fyrrnefndu voru talin lakari í stærðfræði en þau síðarnefndu.

Munur reyndist á útkomu stúlkna og drengja. Í félagsfærni voru stúlkur álitnar færari í samvinnu og sýna meiri sjálfsstjórn en drengir og heildarútkoma stúlkna var hærri en drengja. Auk þess töldu kennarar að stúlkur væru færari um að hafa sig í frammi en drengir. Hegðun drengja var talin lakari en stúlkna og þeir sýndu fremur ofvirkniseinkenni en stúlkur. Loks voru stúlkur taldar standa betur að vígi í námi en drengir í 10 tilvikum af þeim 11 sem um var spurt. Þessi athugun er því samhljóma rannsóknum sem hafa bent til kynjamunar í félagslegri færni.

## 5 B Einstaklingsfærni

### Sjálfsmynd yngri barna

Yngri börnin í rannsókninni lögðu mat á líðan sína með öðrum og við mismunandi aðstæður með teikniverkefninu „Andlit og tilfinningar“. Í töflu 10 er mat yngri Hjallabarna borið saman við mat barna í samanburðarhópi en þar sést að sjálfsmynd hópanna tveggja eins og hún er mæld hér er sambærileg nema að munur reyndist á líðan barnanna með vinum sínum. Það voru fyrrum Hjallabörn sem reyndust síður ánægð með vinum sínum en börn í samanburðarhópnum.

Sjálfsmynd Hjallabarna og samanb.barna í yngri hópi	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hj.börn	Samb.börn
Líðan heima	123	-0,155	8,26	8,28
Líðan í skóla	123	-0,431	6,70	6,82
Líðan í leik og vináttu	123	-2,457*	8,02	8,66
Heildarútkoma sjálfsmyndar	123	-0,934	7,78	7,96

Tafla 10. Sjálfsmynd Hjallabarna og samanburðarbarna í yngri hópi \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 10 sýnir að líðan barna í skóla fékk lægsta útkomu eða innan við 7 en líðan þeirra við aðrar aðstæður var með útkomu yfir 8. Eins og áður segir var útkoma samanburðarbarna hærri en Hjallabarna í leikjum með vinum sínum eða um 8,7 á móti 8.

Þegar svör stúlkna og drengja voru skoðuð óháð fyrrum leikskólagöngu reyndust þau vera sambærileg eins og sést á töflu 11.

Sjálfsmynd drengja og stúlkna í yngri hópi	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Líðan heima	123	0,859	8,36	8,18
Líðan í skóla	123	-0,833	6,62	6,86
Líðan í leik og vináttu	123	0,949	8,44	8,18
Heildarútkoma sjálfsmyndar	123	0,451	7,90	7,82

Tafla 11. Sjálfsmynd drengja og stúlkna í yngri hópi

Á töflu 11 hér að ofan sést að útkoma beggja kynja er lægri þegar þau svara til um líðan sína í skólum en heima eða með vinum sínum, þ.e. innan við 7 á móti rösklega 8. Útkoma stúlkna og drengja er hliðstæð eða 7,9 hjá drengjum en 7,8 hjá stúlkum.

Hér skal tekið fram að börnin í þessari rannsókn notuðu valkostinn „allt í lagi“ meira en börn í Ástralíu og Bandaríkjunum þar sem mælitækið hefur áður verið notað. Jafnframt kom í ljós að um 40% barnanna valdi svarkostinn „mjög glöð/glaður“ eða „mjög leið/ur“ til að skilgreina afstöðu sína. Um 30% barnanna valdi svarkostina „glöð/glaður“ eða „leið/ur“. Í upphaflegu útgáfunni var „mjög“ ekki fyrir hendi eins og fyrr segir heldur eingöngu í boði að svara til um jákvæðar og neikvæðar tilfinningar eða þá að nota svarkostinn „allt í lagi“.

## Sjálfsmynd eldri barna

Eldri börnin í rannsókninni lögðu mat á sjálfsmynd sína með kvarða Harters og er útkoman sýnd í töflu 12 hér að neðan.

Sjálfsmynd Hjallabarna og samanb.barna í eldri hópi	Frelsis-gráður	t-gildi	Meðaltal (1-10)	
			Hj.börn	Sam.börn
Vitsmunaleg færni	131	0,893	8,16	7,91
Félagsleg færni	131	1,612	7,84	7,44
Líkamleg færni	131	-0,495	7,82	7,94
Almenn sjálfsvirðing	131	2,317*	7,96	7,53
Heildarútkoma	131	1,326	7,93	7,71

Tafla 12. Sjálfsmynd Hjallabarna og samanburðarbarna í eldri hópi \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 12 hér að ofan sýnir að munur var aðeins fyrir hendi í einum þætti af fjórum milli eldri Hjallabarna og barna úr samanburðarhópi. Það var sjálfsvirðing þar sem útkoma þeirra fyrrnefndu var tæplega átta á móti 7,5 hjá þeim síðarnefndu. Þegar rannsóknarhópnum var skipt eftir kyni reyndist útkoma eldri Hjalladregja hærrí en samanburðardregja hvað varðaði sjálfsvirðingu ( $t(63)2,940$   $p \leq 0,05$ ) en slíkur munur var ekki milli Hjallastúlkna og stallsystra þeirra úr samanburðarhópi.

Sjálfsmynd stúlkna og drengja í eldri hópi	Frelsis-gráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Vitsmunaleg færni	131	-1,518	7,84	8,18
Félagsleg færni	131	2,658*	7,97	7,33
Líkamleg færni	131	1,356	8,05	7,72
Almenn sjálfsvirðing	131	2,190*	7,96	7,55
Heildarútkoma	131	1,529	7,96	7,70

Tafla 13. Sjálfsmynd Hjallabarna og samanburðarbarna í eldri hópi \* =  $p \leq 0,05$

Í töflu 13 eru sýndar niðurstöður úr svörum eldri stúlkna og drengja úr öllum rannsóknarhópnum. Kynjamunur reyndist á sjálfsmynd barnanna þar sem mat drengja var jákvæðara en stúlkna í tveimur af fjórum þáttum. Útkoma úr mati drengja á eigin félagsfærni var tæplega 8 á móti 7,3 hjá stúlkum og hvað varðaði sjálfsvirðingu var útkoma drengja einnig um 8 en stúlkna um 7,5. Kynjamunur reyndist hins vegar ekki á mati drengja og stúlkna á vitsmunalegri og líkamlegri sjálfsmynd og eins var heildarútkoma þeirra sambærileg ef allir þættirnir voru teknir saman.

#### Sjálfsmynd, mat foreldra

Í töflu 14 hér að neðan eru sýndar niðurstöður úr mati foreldra á sjálfsmynd barna sinna og reyndist það svipað hjá foreldrum fyrrum Hjallabarna og foreldrum barna úr samanburðarhópi. Sá munur á almennri sjálfsvirðingu sem mældist milli Hjallabarna og félaga þeirra úr samanburðarhópi í svörum barnanna kom því ekki fram í mati foreldra.

Mat foreldra á sjálfsmynd Hjallabarna og samanb.barna	Frelsis-gráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hj.börn	Sam.börn
Vitsmunaleg færni	150	0,606	8,17	8,02
Félagsleg færni	150	0,600	7,66	7,52
Líkamleg færni	150	0,811	7,64	7,45
Almenn sjálfsvirðing	150	0,621	8,20	8,08
Heildarútkoma	150	0,789	7,93	7,79

Tafla 14. Mat foreldra á sjálfsmynd Hjallabarna og samanburðarbarna

Tafla 14 sýnir útkomu Hjallabarna og samanburðarbarna og var ekki munur á svörum foreldranna.

Tafla 15 hér á eftir sýnir útkomu úr mati foreldra á sjálfsmynd stúlkna og drengja óháð leikskólagöngu.

Mat foreldra á sjálfsmynd drengja og stúlkna	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Vitsmunaleg færni	150	-3,347*	7,72	8,53
Félagsleg færni	150	-1,002	7,49	7,72
Líkamleg færni	150	0,858	7,46	7,66
Almenn sjálfsvirðing	150	-1,486	8,01	8,29
Heildarútkoma	150	-2,065*	7,69	8,07

Tafla 15. Mat foreldra á sjálfsmynd drengja og stúlkna \* =  $p \leq 0,05$

Mat foreldra reyndist mismunandi í einu tilviki af fjórum. Foreldrar stúlkna töldu vitsmunalega sjálfsmynd dætra sinna sterkari en foreldrar drengja. Að auki reyndist heildarútkoma stúlkna hærri en drengja, þ.e. rösklega 8 á móti 7,7 hjá drengjum. Trú foreldra á að sjálfsmynd stúlkna sé sterkari gengur þvert á þann mun sem mældist í mati barnanna sjálfra og sagt var frá hér á undan. Þar var útkoma piltanna hærri en stúlkanna hvað varðar félagslega sjálfsmynd og sjálfsvirðingu en að öðru leyti var útkoma þeirra svipuð.

#### Lunderni

Kennarar svöruðu spurningalista Keoghs um lunderni nemenda og lögðu mat á virkni og einbeitingu, félagslega aðlögun og tilfinningaviðbrögð. Enginn munur reyndist á fyrrum Hjallabörnum og félögum þeirra í samanburðarhópi. Skipti þar engu hvort niðurstöður væru metnar eingöngu út frá fyrrum leikskólagöngu eða hvort aldur og/eða kyn Hjallabarna væri einnig haft með í prófunum. Hins vegar var munur á öllum matsþáttum þegar útkoma kynjanna var borin saman óháð leikskólafortíð og sést það á töflu 16 hér á eftir.



Lunderni drengja og stúlkna í yngri og eldri hópi	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Drengir	Stúlkur
Virkni, einbeiting	204	-6,562*	6,49	8,29
Félagslegur sveigjanleiki	204	-4,560*	7,09	8,21
Tilfinningaviðbrögð	204	-4,686*	7,96	8,84
Heildarútkoma	204	-6,328*	7,08	8,40

Tafla 16. Mat kennara á lunderni stúlkna og drengja \* =  $p \leq 0,05$

Mat kennara á lunderni stúlkna og drengja var ólíkt að öllu leyti, þ.e. virkni og einbeiting barnanna, félagslegur sveigjanleiki þeirra og tilfinningaviðbrögð. Mestur munur var á mati þeirra á virkni og einbeitingu þar sem útkoman úr svörum fyrir stúlkur var vel yfir átta en svör fyrir drengi um 6,5. Munur var einnig á heildarútkomu stúlkna og drengja þar sem þær fyrrnefndu voru með 8,4 en drengirnir rösklega 7.

#### Samantekt á einstaklingsfærni

Lítill munur reyndist á Hjallabörnum og öðrum börnum. Ekki er því hægt að álykta að kynjaskipt kennsla í leikskólanum Hjalla hafi áhrif á gengi barna þegar í grunnskóla er komið. Svör barnanna sýndu að yngri Hjallabörn reyndust síður ánægð með vinum sínum, en eldri Hjallabörn reyndust með hærri útkomu hvað varðar sjálfsvirðingu. Þær niðurstöður styðja reyndar tilgátu rannsóknarinnar en þar sem munur mældist ekki hjá bæði yngri og eldri börnum er varlegt að fullyrða þar að lútandi. Svör forelda sýndu engan mun á áliti þeirra á sjálfsmynd Hjallabarna og annarra barna. Enginn munur reyndist á mati kennara á lunderni Hjallabarna og samanburðarbarna og þær niðurstöður styðja ekki fyrrnefnda rannsóknartilgátu.

Kynjamunur var fyrir hendi þar sem útkoma drengja var hærri en stúlkna hvað snerti félagslega sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Svör foreldra um

sjálfsmynd dætra sinna og sona var ekki samhljóma svörum barnanna sjálfra. Þannig var útkoman úr svörum foreldra stúlkna hærri en hjá foreldrum drengja hvað varðar vitsmunalega sjálfsmynd barnanna og hið sama gilti um heildarútkomu sem var hærri hjá foreldrum þeirra fyrrnefndu. Lunderni stúlkna fékk betri dóm en lunderni drengja hjá kennurum í öllum tilvikum. Þannig eru niðurstöður þessarar athugunar í meginráttum samdóma rannsóknum sem fjallað var um hér að framan.

## 5 C Líðan

Sérstakar spurningar voru gerðar fyrir þessa rannsókn og lutu þær að líðan barnanna með eigin kyni sem og gagnstæðu kyni og samskiptum þeirra. Spurningarnar voru lagðar fyrir yngri börnin í myndrænu formi en settar inn í spurningakannanir eldri barna, foreldra og kennara.

Líðan yngri barna í skólanum, með eigin kyni og gagnstæðu kyni  
Í verkefnum yngri barna teiknuðu þau mynd af sjálfum sér í leik við barn af eigin kyni og aðra í leik við barn af hinu kyninu. Einnig teiknuðu þau sitt hvora myndina af sér að vinna verkefni með börnum af eigin kyni og hinu kyninu. Þau tilgreindu einnig besta vin sinn og í 93,5% tilvika nefndu börn úr báðum hópum vini af eigin kyni.

Töflur 17 og 18 sýna líðan yngri Hjalladreggja og samanburðardreggja svo og yngri stúlkna í leikjum og störfum með eigin kyni.

Líðan yngri drengja	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjalladreggir	Sam.dreggir
Líðan með öðrum drengjum	55	-0,419	8,32	8,50
Líðan með stúlkum	55	-2,824*	5,28	6,8
Líðan í skóla	55	-1,221	6,36	6,92

Tafla 17. Líðan yngri drengja með stúlkum og öðrum drengjum \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 17 hér að framan sýnir að yngri Hjalladrengrir voru síður ánægðir í leikjum og vinnu með stúlkum en félagar þeirra úr samanburðarhópi en útkoma þeirra fyrrnefndu nam 5,3 á móti 6,8 hjá þeim síðarnefndu.

Tafla 18 hér að neðan sýnir líðan yngri Hjallastúlkna og stallsystra þeirra í samanburðarhópi í leik og starfi með drengjum og stúlkum.

Líðan yngri stúlkna	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjallastúlkur	Sam.stúlkur
Líðan með öðrum stúlkum	66	0,293	7,72	7,62
Líðan með drengjum	66	-0,145	6,42	6,48
Líðan í skóla	66	0,710	6,96	6,72

Tafla 18. Líðan yngri stúlkna með drengjum og öðrum stúlkum

Ekki var munur á svörum Hjallastúlkna og stúlkna úr samanburðarhópi hvað varðaði líðan þeirra með stúlkum og drengjum né heldur á líðan þeirra í skólanum.

Líðan eldri barna í skólanum, með eigin kyni og gagnstæðu kyni  
Eldri börn voru spurð um líðan sína með stúlkum og drengjum og einnig var spurt um almenna líðan þeirra í skóla, í kennslustundum, með kennara og hvort þau teldu að kennaranum þætti þau standa sig vel í námi. Tafla 19 hér á eftir sýnir útkomu úr svörum eldri drengja.

Líðan eldri drengja	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjalladrengrir	Sam.drengrir
Líðan með öðrum drengjum	63	2,096*	8,16	7,62
Líðan með stúlkum	63	-1,138	4,97	5,37
Líðan í skólum	63	-0,118	6,58	6,62

Tafla 19. Líðan eldri drengja með stúlkum, öðrum drengjum og í skóla \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 19 sýnir að eldri Hjalladrengir voru ánægðari með öðrum drengjum en félagar þeirra úr samanburðarhópi. Hins vegar var útkoma drengjanna sambærileg hvað varðar líðan þeirra með stúlkum. Almenn líðan þeirra í skóla var svipuð og útkoma úr svörum þeirra um 6,6.


Tafla 20 sýnir meðaltal úr svörum eldri stúlkna um líðan þeirra með stúlkum og drengjum sem og um almenna líðan þeirra í skólum.

Líðan eldri stúlkna	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjallastúlkur	Sam.stúlkur
Líðan með öðrum stúlkum	66	1,254	8,08	7,80
Líðan með drengjum	66	1,235	5,74	5,35
Almenn líðan í skólum	66	0,442	7,50	7,37

Tafla 20. Líðan eldri stúlkna með drengjum, öðrum stúlkum og í skóla

Á töflu 20 sést að enginn munur var á svörum eldri Hjallastúlkna og stúlkna úr samanburðarhópi. Líðan þeirra var best í leik og starfi með öðrum stúlkum og nam útkoma þeirra þar um 8. Líðan þeirra með drengjum var síðri en útkoma þeirra þar nam að meðaltali milli 5 og 6. Líðan stúlkna var sambærileg líðan drengja nema að stúlkum leið betur í skólunum en piltum ( $t(131) -3,720, p \leq 0,05$ ).

Mynd 4 sýnir skiptingu milli barna sem leið vel eða illa í leik og starfi með stúlkum og drengjum. Jafnframt sést skiptingin á svörum fyrrum Hjallabarna og félaga þeirra úr samanburðarhópi. „Vel“ stendur fyrir hlutfall þeirra sem svaraði að sér liði alltaf eða oftast vel í viðkomandi aðstæðum. „Illá“ er hlutfall þeirra sem leið sjaldan eða aldrei vel við sömu aðstæður. Svarkosturinn „stundum“ er til einföldunar ekki sýndur á myndinni.



Mynd 4. Hlutfall Hjallabarna og samanburðarbarna sem líður vel eða illa með eigin kyni, gagnstæðu kyni svo og í skóla.

Á mynd 4 sést að börn eru ánægðust í leik og starfi með öðrum börnum af eigin kyni en samsvarandi óánægð með börnum af gagnstæðu kyni. Benda má á að nær helmingi barnanna líður sjaldan eða aldrei vel með hinu kyninu og um 20% barnanna líður sjaldnast eða aldrei vel í skóla.

#### Kynjasamskipti barna að mati foreldra og kennara


Foreldrar voru spurðir álits á samskiptum barna sinna við önnur börn og að hversu miklu leyti samskiptin væru við börn af eigin kyni eða hinu kyninu. Í töflu 21 hér að neðan eru niðurstöður úr svörum foreldra drengjanna. Há meðalútkoma þýðir að foreldrar telja að synir þeirra kjósi fremur samneyti við drengi en stúlkur en útkoma um 5 bendir til að þeir hafi samskipti jafnt við stúlkur og drengi.

Mat foreldra á samskiptum drengja v. önnur börn	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjalladrengir	Sam.drengir
Samskipti í skóla	77	0,709	6,95	6,80
Samskipti og vinir heima	77	0,897	8,27	8,00
Viðhorf til stúlkna / drengja	77	0,662	6,63	6,48

Tafla 21. Álit foreldra drengja á samskiptum þeirra við önnur börn

Tafla 21 hér að ofan sýnir að enginn munur er á mati foreldra fyrrum Hjalladringja og foreldra drengja úr samanburðarhópi.

Mynd 5 hér á eftir sýnir hlutfallsskiptingu á svörum foreldra. Súlurnar á myndinni sýna hlutfall þeirra foreldra sem töldu að synir þeirra ættu alltaf eða oftast samneyti við drengi við þær aðstæður sem um var spurt. Um 80% foreldra töldu að synir þeirra umgengjust fyrst og fremst drengi heima en 35-40% töldu svo vera í skólum.




Mynd 5. Hlutfall foreldra sem telja syni sína hafa mest samneyti við drengi

Tafla 22 sýnir mat foreldra á samskiptum dætra sinna við önnur börn og mynd 6 sýnir hlutfallsskiptingu á svörum foreldra. Hátt meðaltal þýðir að stúlkurnar kjósa helst samskipti við aðrar stúlkur en meðaltal um 5 þýðir að þær kjósa samskipti jafnt við drengi og stúlkur.

Mat foreldra á samskiptum stúlkna við önnur börn	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjallastúlkur	Sam.stúlkur
Samskipti í skóla	71	0,245	7,40	7,34
Samskipti og vinir heima	71	-2,349*	8,18	8,83
Viðhorf til stúlkna / drengja	71	-0,033	7,12	7,13

Tafla 22. Álit foreldra stúlkna á samskiptum þeirra við drengi og aðrar stúlkur



Mynd 6. Hlutfall foreldra sem telja dætur sínar hafa mest samneyti við stúlkur

Tafla 22 og mynd 6 sýna að munur var á svörum foreldra fyrrum Hjallastúlkna og samanburðarstúlkna varðandi samskipti dætra þeirra við aðrar stúlkur. Innan við 80% foreldra Hjallastúlkna töldu að dætur þeirra kysu ávallt aðrar stúlkur sem leikfélaga heima á móti meira en 90% foreldra samanburðarstúlkna. Að öðru leyti var ekki munur á mati þeirra á samskiptum dætra sinna en yfir helmingur foreldra taldi að stúlkurnar hefðu jákvæðari viðhorf til annarra stúlkna en drengja.

Kennarar lögðu mat á samskipti allra barna í rannsóknarhópi og fara niðurstöður þeirra hér á eftir. Tafla 23 birtir svör kennara. Hátt meðaltal þýðir að þeir hafa metið að börnin bæði hefðu og vildu helst eiga samneyti við börn af eigin kyni en lágt meðaltal að börnin kjósi einnig samneyti við börn af gagnstæðu kyni.


Álit kennara á samskiptum við stúlkur og drengi	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hjallabörn	Sam.börn
Samskipti í skóla	204	0,617	6,57	6,73
Samskipti heima	204	0,407	8,52	8,69
Öryggi í samskiptum	204	2,136*	7,28	7,87

Tafla 23. Álit kennara á samskiptum barna við stúlkur og drengi \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 23 sýnir að samkvæmt svörum kennara var ekki munur á útkomu Hjallabarna og félaga þeirra úr samanburðarhópi hvað varðar samneyti í skóla og kyn besta vinar heima. Hins vegar var mat kennara að fleiri Hjallabörn en samanburðarbörn væru ófeimin og örugg í samskiptum við börn af hinu kyninu.

Myndir 7, 8 og 9 sýna niðurstöður úr mati kennara á áhuga beggja kynja fyrir samvistum og samvinnu við börn af eigin kyni og gagnstæðu kyni. Fyrst er mat þeirra á starfi innan skóla, næst er mat þeirra á kyni besta vinarins og samskiptum heima fyrir og loks er mat kennara á öryggi stúlkna og drengja í samskiptum.

Mynd 7 hér til hægri sýnir að kennarar telja um 7 af hverjum 10 nemendum eigi mest samneyti við börn af eigin kyni í skólum. Mat kennara var einnig að um



Mynd 7. Álit kennara á samskiptum barna í skóla

70% nemenda nyti sín best með eigin kyni. Um 3 af hverjum 10 eru taldir eiga góð samskipti við börn af báðum kynjum en nær engir kjósa samskipti við hitt kynið. Mynd 7 sýnir einnig að fleiri stúlkur en drengir kjósa nær eingöngu samskipti við börn af sama kyni. Hjalladrengir eru öðrum líklegri til að eiga samneyti við stúlkur.


Mynd 8 hér á eftir sýnir að vinalið barnanna er kynbundið en um 85-95% barnanna kjósa vin af eigin kyni að mati kennara.




Loks sýnir mynd 9 hér á eftir mat kennara á öryggi barna í samskiptum hvert við annað. Munur var á fyrrum Hjallabörnum og félögum þeirra úr samanburðarhópi en fleiri Hjallabörn voru talin örugg og ófeimin í samskiptum við stelpur jafnt sem stráka. Börn úr samanburðarhópi voru fremur talin örugg einvörðungu með börnum af eigin kyni.

#### Samantekt, líðan

Líðan yngri barna var svipuð hjá fyrrum Hjallabörnum og börnum úr samanburðarhópi. Yngri Hjalladrengrir voru þó síður ánægðir að leika sér og vinna með stúlkum en samanburðardrengrirnir. Enginn munur var á sambærilegum þáttum hjá eldri Hjallabörnum. Þessar niðurstöður styðja því ekki tilgátu rannsóknarinnar um að gengi fyrrum Hjallabarna sé frábrugðin stöðu annarra barna. Álit foreldra Hjallabarna og annarra foreldra á kynjasamskiptum barna sinna var hliðstætt. Foreldrar Hjallastúlkna töldu þó að dætur þeirra ættu í 25% tilvika jafnmikil samskipti við bæði kyn heima fyrir en sambærileg tala var 3% hjá samanburðarstúlkunum. Ekki var munur á mati kennara á samskiptum Hjallabarna og



Mynd 8. Álit kennara á vinasamskiptum barna heima



Mynd 9. Börn sem hann/hún eru einvörðungu örugg með og ófeimin við í skóla að mati kennara

samanburðarbarna nema þeir töldu þau fyrrnefndu öruggari og ófeimnari innan um börn af gagnstæðu kyni en þau síðarnefndu. Allir hóparnir þrír töldu að börnin hefðu mest samskipti og vináttutengsl við börn sama kyni og er það samhljóma öðrum rannsóknum eins og að framan greinir. Að lokum reyndust eldri drengir almennt óánægðari en stúlkur í leik og starfi með gagnstæðu kyni. Eldri drengir voru ánægðir í skólanum í aðeins 26% tilvika á móti 47% tilvika hjá stúlkunum. Sá munur er í samræmi við rannsóknir á líðan og ánægju stúlkna og drengja í skólum.

## 5 D Viðhorf

Spurt var um afstöðu barna og foreldra til atriða sem lúta að málefnum kynjanna. Má þar nefna viðhorf til staðalhugmynda um stelpur og stráka og afstöðu til samkennslu og kynjaskiptar kennslu. Loks var spurt um afstöðu foreldra til fyrrum leikskóladvalar barnsins þar sem Hjallabörn höfðu verið í kynjaskiptu leikskólastarfi en samanburðarbörnin verið í leikskólum þar sem var samkennsla stúlkna og drengja.

### Viðhorf eldri barna til hegðunar kynjanna

Í spurningalista til eldri barna voru orðaðar staðhæfingar um hegðun og börnin beðin að svara hvort þau teldu hegðunina tilheyra strákum, báðum kynjum jafnt eða þá stelpum. Staðhæfingarnar tilheyrðu ýmist „strákalegri“ hegðun, „stelpulegri“ hegðun eða lutu að ánægju stúlkna og drengja í skólum. Hugtökin lýsa þó ekki kynbundinni hegðun heldur voru valin af handahófi sem dæmi um staðalhugmyndir. Lág útkoma sýnir að hegðunin þótti strákaleg en há útkoma þýðir að hegðunin þótti stelpuleg. Tafla 24 sýnir viðhorf eldri drengja til staðalhugmyndanna og mat þeirra á líðan stúlkna og drengja.

Mat drengja á kynbundinni hegðun og skólalíðan	frelsisgráður	t-gildi	Útkoma	
			Hjalladrengrir	Sam.drengrir
„Strákaleg“ hegðun	63	-2,187*	20,05	22,35
„Stelpuleg“ hegðun	63	0,481	20,92	20,54
Líðan í skólum	63	-1,308	22,47	21,21


Tafla 24. Kynbundin hegðun og líðan; viðhorf eldri drengja \* =  $p \leq 0,05$

Tafla 24 hér að framan sýnir að Hjalladrengrir telja fremur en samanburðardrengrir strákalega hegðun tilheyra sínu kyni en að öðru leyti var ekki munur á afstöðu drengjanna. Tafla 25 hér að neðan sýnir að enginn munur var á afstöðu Hjallastúlkna og stallsystra þeirra úr samanburðarhópi til kynbundinnar hegðunar. Lág útkoma þýðir að hegðunin þótti strákaleg en há útkoma þýðir að hegðunin þótti stelpuleg.

Mat stúlkna á kynbundinni hegðun og skólalíðan	frelsisgráður	t-gildi	Útkoma	
			Hjallastúlkur	Sam.stúlkur
„Strákaleg“ hegðun	66	0,532	22,14	21,77
„Stelpuleg“ hegðun	66	-1,829	20,66	21,63
Líðan í skólum	66	0,221	20,84	20,72

Tafla 25. Kynbundin hegðun og líðan; viðhorf eldri stúlkna


Mynd 10 hér til hægri sýnir álit þátttakenda á strákalegri hegðun og hverjum hún tilheyri. Svör fyrrum Hjalladrengrja skera sig úr en yfir 60% þeirra taldi strákalega hegðun oft-



Mynd 10. Álit eldri barna á strákalegri hegðun

ast eða alltaf tilheyra strákum. Annars taldi um helmingur hinna barnanna að strákaleg hegðun tilheyrði strákum en fáir töldu slíka hegðun tilheyra stúlkum.


Mynd 11 hér til hægri sýnir hliðstæð svör og mynd 10 nema um stelpulega hegðun. Hér skera stúlkur sig úr þar sem 50-60% þeirra töldu stelpuhegðunina tilheyra stelpum. Ívið



Mynd 11. Álit eldri barna á stelpulegri hegðun

fleiri börn töldu stelpulega hegðun geta tilheyrt börnum af gagnstæðu kyni heldur en strákalega hegðun eða frá 6% og upp í rök 10%.

Mynd 12 hér til hægri sýnir mat barnanna á líðan stúlkna og drengja í skólum. Milli 50 og 60% barnanna töldu að báðum kynjum liði oftast eða alltaf vel í skóla og um og yfir



Mynd 12. Álit eldri barna á því hvort strákum eða stelpum líði betur í skóla

40% töldu að stúlkum liði oftast betur. Svör Hjalladrengja skáru sig úr þar sem sex af hverjum 10 álitu að stúlkum liði oftast eða alltaf vel í skóla. Nær engir töldu að drengjum liði oftast vel í skólum en stúlkum.

### Samkenndsla stúlkna og drengja eða kynjaskipt kenndsla

Foreldrar voru beðnir um að taka afstöðu með eða móti staðhæfingum um sam- og sérkenndslu kynjanna. Hér skal ítrekað að umræddar staðhæfingar voru samdar fyrir þessa rannsókn og fyrirvari hafður á flokkun þeirra í stuðning við kynjaskipta kenndslu annars vegar og samkenndslu stúlkna og drengja hins vegar. Hér er aðeins um tilraun að ræða sem valin var þar sem önnur mælitæki voru ekki á boðstólum. Að auki skal minnt á þann fyrirvara sem nefndur var í inngangi þessa verks, þ.e. tengsl rannsakanda við verkefnið og persónuleg kynni við helming þátttakenda.


Tafla 26 hér á eftir sýnir afstöðu fyrrum Hjallaforeldra og foreldra barna úr samanburðarhópi og er verulegur munur á afstöðu þeirra. Hins vegar mældist ekki munur á afstöðu foreldra stúlkna og drengja til sömu þátta.

Mat foreldra á sam- og kynjaskiptri kenndslu	frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hj.foreldrar	Sam.foreldrar
Stöðug samkenndsla stúlkna og drengja í skólum	150	-4,676*	4,92	6,32
Kynjaskipt kenndsla við ákv. aðstæður	150	5,469*	7,98	6,52
Drengir gjalda kynferðis síns í skólum.	150	1,971	6,33	5,58
Stúlkur gjalda kynferðis síns í skólum.	150	4,171*	6,60	5,09
Nauðsyn á nýjum leiðum til að bæta stöðu stúlkna og drengja	150	3,620*	9,26	8,10

Tafla 26. Viðhorf Hjallaforeldra og samanburðarforeldra til fullyrðinga varðandi sam- og kynjaskipta kenndslu og stöðu stúlkna og drengja í skólum \* =  $p \leq 0,05$

Í töflu 26 hér að framan sést að munur var á afstöðu foreldra Hjallabarna og samanburðarbarna hvað snerti samkennslu stúlkna og drengja eða kynjaskipta kennslu.


Mynd 13 hér til hægri sýnir hlutfall foreldra sem studdu fullyrðingar um kynjaskipta kennslu og samkennslu stúlkna og drengja. Svarkostirnir „mjög sammála“ og „sammála“ eru sýndir saman. Afstaða foreldra



Mynd 13. Hlutfall foreldra sem styðja fullyrðingar um sam- og kynjaskipta kennslu

samanburðarbarna skiptist í tvö horn milli þeirra sem töldu samkennslu góðan kost og hinna sem töldu kynjaskipta kennslu æskilega við ákveðnar aðstæður. Meirihluti fyrrum Hjallaforeldra áleit að kynjaskipt kennsla væri æskilegur kostur eða yfir 70%. Þegar svör allra foreldra voru skoðuð töldu um 30% að samkennsla stúlkna og drengja væri æskilegust en helmingi

fleiri töldu sérkennslu stúlkna og drengja við ákveðnar aðstæður æskilegri. Um 85% foreldra fannst að nýrra leiða væri þörf til að mæta þörfum stúlkna og drengja og voru Hjallaforeldrar sérlega vissir um það.



Mynd 14. Hlutfall foreldra sem styðja fullyrðingar um stöðu stúlkna og drengja í skóla

Mynd 14 sýnir hlutfall foreldra sem voru sammála eða andvígir fullyrðingum um að stúlkur og drengir gjaldi kynferðis síns í skólum. Hjallaforeldrar töldu að bæði stúlkur og drengir stæðu höllum fæti í yfir 40% tilvika en álit foreldra barna úr samanburðarhópi var að stúlkur gyldu kynferðis síns í 15% tilvika en drengir í tæplega 30% tilvika.

#### Upphaf skólagöngu og fyrrum leikskólaganga

Í lok spurningalista foreldra var spurt um gengi barnanna í upphafi skólagöngu og núverandi stöðu þeirra í skóla. Enginn munur var á mati foreldra Hjallabarna og barna úr samanburðarhópi. Einnig var beðið um mat foreldra á leikskóladvöl barnanna og undirbúningi þeirra fyrir grunnskóla. Þá var ávallt munur á svörum Hjallaforeldra og annarra foreldra eins og sést á töflu 27.

Álit foreldra á eftirtöldum þáttum í leikskólagöngu	Frelsisgráður	t-gildi	Meðaltal 1-10	
			Hj.foreldrar	S.foreldrar
Kröfur foreldra uppfylltar	150	5,405*	9,02	7,50
Undirbúningur f. grunnskóla	150	4,309*	8,92	7,50
Góð hegðun	150	4,976*	9,16	7,50
Sjálfbjarga	150	4,074*	9,13	7,77
Einbeiting	150	4,273*	8,72	7,32
Hlustun, fara e. fyrirmælum	150	4,460*	8,90	7,45
Fínhreyfingar	150	3,106*	8,74	7,72
Grófhreyfingar	150	5,243*	9,40	7,59
Líkamlegt úthald	150	5,290*	8,90	7,02
Að tala og tjá sig	150	5,237*	8,77	6,91
Sjálfsstjórn	150	3,493*	8,58	7,40

Tafla 27. Mat foreldra á fyrrum leikskólagöngu barnanna \* =  $p \leq 0,05$

Eins og áður segir reyndist munur í öllum tilvikum þegar svör fyrrum Hjallaforeldra og foreldra úr samanburðarhópi voru borin saman. Há

meðalútkoma þýðir að foreldrar hafa alltaf eða oftast talið að leikskólinn hafi uppfyllt kröfur þeirra og undirbúið börnin vel fyrir grunn-skólagöngu. Enginn munur var fyrir hendi þegar svör foreldra stúlkna og drengja voru borin saman óháð leikskólagöngu barnanna.

#### Samantekt, viðhorf

Enginn munur reyndist á afstöðu eldri Hjallabarna og annarra til strákalegrar og stelpulegrar hegðunar nema hvað Hjalladrengir öðrum fremur töldu strákalega hegðun strákalega. Ekki var heldur munur á áliti Hjallabarna og félaga þeirra úr samanburðarhópi á ánægju stúlkna og drengja í skólum. Þessar niðurstöður styðja ekki rannsóknartilgátu um að gengi Hjallabarna sé frábrugðið gengi annarra barna. Þegar svör barnanna voru metin óháð fyrrum leikskólagöngu töldu flest börnin að stúlkur væru helst ánægðar í skólum og síðan börn af báðum kynjum. Afstaða fyrrum Hjallaforeldra og annarra foreldra var ólík í fjórum tilvikum af fimm þar sem spurt var um málefni kynjanna í skólum. Þeir fyrrnefndu voru fremur fylgjandi kynjaskiptri kennslu en samkennslu en á heildina litið voru 30% foreldra fylgjandi samkennslu en 60% kynjaskiptri kennslu. Fyrrum Hjallaforeldrar voru einnig vissari en foreldrar barna í samanburðarhópi um að stúlkur gyldu fyrir kyn sitt í skóla og að úrbóta væri þörf en alls studdu 85% foreldra þá fullyrðingu. Loks var munur á svörum foreldra Hjallabarna og foreldra samanburðarbarna þegar spurt var um fyrrum leikskóladvöl barnanna; Hjallaforeldrar töldu í öllum tilvikum fremur en foreldrar samanburðarbarna að börn þeirra hefðu fengið nægilegan skólaundirbúning og leikskólinn uppfyllt kröfur þeirra. Engin tilgáta hafði verið sett fram um þennan þátt heldur var leitast við að bregða ljósi á afstöðu foreldra til kynjaskipts skólastarfs sem er eitt af aðaleinkennum Hjallastefnunnar.



## 5 E Samantekt á niðurstöðum

Lítill munur reyndist á Hjallabörnum og öðrum börnum á þeim sviðum sem mæld voru í þessari rannsókn svo á heildina litið styðja niðurstöður ekki rannsóknartilgátu um mun á fyrrum Hjallabörnum og öðrum börnum. Kynjamunur var hins vegar fyrir hendi og er það samhljóma rannsóknum og öðrum athugunum sem gerðar hafa verið. Því má segja að þessi athugun á kynjamuni styðji þau rök sem notuð hafa verið varðandi kynjaskipt leikskólastarf Hjalla.

Yngri Hjallabörn voru síður ánægð með vinum sínum, yngri Hjalladrengir voru síður ánægðir að leika sér og vinna með stúlkum en félagar þeirra úr samanburðarhópi og allir Hjalladrengir töldu öðrum fremur að strákaleg hegðun tilheyrði eingöngu strákum. Sjálfsvirðing eldri Hjallabarna og sér í lagi eldri Hjalladregja var meiri en féлага þeirra og eldri Hjallastúlkur sýndu meiri gagnúð en stallsystur þeirra. Námsgeta eldri Hjallabarna var talin meiri en samanburðarbarna en námsgeta yngri Hjallabarna var talin svipuð nema þau voru álitin lakari í stærðfræði. Foreldrar Hjallastúlkna töldu fremur en foreldrar samanburðarstúlkna að dætur þeirra ættu samneyti við stúlkur og drengi jafnt og kennarar töldu að Hjallabörn væru öðrum fremur örugg og ófeimin með börnum af gagnstæðu kyni. Fyrrum Hjallaforeldrar voru fremur fylgjandi sérkennslu en samkennslu stúlkna og drengja og voru einnig vissari um að stúlkur gyldu fyrir kyn sitt í skóla og að úrbóta væri þörf í jafnréttisstarfi skólanna. Fyrrum Hjallaforeldrar töldu einnig öðrum fremur að fyrrum leikskóli barnanna hefði uppfyllt kröfur þeirra og að börnin hefðu fengið nægilegan undirbúning fyrir grunnskólagöngu. Í fáum orðum sagt má segja að meirihluti niðurstaðna styðji ekki rannsóknartilgátuna um að munur sé á Hjallabörnum og öðrum börnum. Þar sem munur var fyrir

hendi reyndist hann fremur hjá eldri börnum en yngri börnum sem torveldar túlkun á niðurstöðunum.

Munur á útkomu stúlkna og drengja reyndist víða fyrir hendi samkvæmt þessari athugun. Útkoma drengja var hærri en stúlkna í félagslegri sjálfsmynd og sjálfsvirðingu en að öðru leyti var sjálfsmynd þeirra svipuð. Álit foreldra gekk þvert á þá niðurstöðu en þeir töldu stúlkur með sterkari vitsmunalega sjálfsmynd og almennt öflugri sjálfsmynd. Stúlkur voru félagslega færari að mati allra; færari í samvinnu, með meiri sjálfsstjórn og hærri heildarútkomu en drengir. Stúlkur voru taldar standa betur í námi en drengir og hegðun þeirra var talin betri en drengjanna. Lunderni stúlkna í skólum fékk einnig betri dóma en lunderni drengja. Niðurstöður þessarar athugunar eru því í fullu samræmi við rannsóknir og aðrar athuganir sem hafa bent til kynjamunar og fjallað er um hér að framan.

Samskipti barnanna voru í öllum tilvikum mest við börn af eigin kyni og vináttutengsl þeirra einnig. Eldri drengir voru óánægðari en stúlkur í leik og starfi með gagnstæðu kyni og eldri drengir voru síður ánægðir í skóla en eldri stúlkur. Var það í samræmi við álit eldri barna um að stúlkur væru helst ánægðar í skólum. Loks skal nefnt að um 30% allra foreldra voru fylgjandi samkenndu stúlkna og drengja en 60% töldu að kynjaskipt kennsla væri kostur við ákveðnar aðstæður. Alls töldu um 85% foreldra að úrbóta væri þörf í jafnréttisstarfi skóla.

## 6. Umræða

Niðurstöður voru í stuttu máli að lítil munur mældist á fyrrum Hjalla- börnum og félögum þeirra í samanburðarhópi og styðja því niðurstöður ekki rannsóknartilgátuna um að munur væri á gengi fyrrum Hjallabarna og annarra barna í grunnskóla. Í þessu verkefni var kynjamunur skoðaður en hann er forsendan fyrir tilurð Hjallastefnunnar. Niðurstöður þeirrar athugunar eru samhljóma rannsóknum sem benda til þess að kynjamunur nú við aldahvörf sé síst minni en áður hefur mælt í rannsóknum.

Niðurstöður sýndu smávægilegan mun á viðhorfum fyrrum Hjallabarna og samanburðarbarna, meðal annars töldu kennarar að fyrrum Hjallabörn væru öruggari og ófeimnari en félagar þeirra í samanburðarhópi gagnvart hinu kyninu. Sá munur bendir til þess að aðskilnaður kynjanna á Hjalla hafi að einhverju leyti styrkt þau og unnið gegn neikvæðni í garð hins kynsins. Hvað varðar færni og getu mældist munur á nokkrum sviðum milli eldri Hjallabarna og samanburðarbarna en staða yngri Hjallabarna var undantekningarlítið svipuð og annarra barna. Almenn sjálfsvirðing mældist meiri hjá eldri Hjallabörnum en samanburðar- börnum og eldri Hjallastúlkur töldu sig sýna meiri gagnúð en stallsystur þeirra. Einnig var mat kennara að námsgeta eldri Hjallabarna væri meiri en barna í samanburðarhópi.

Almennt má segja að munurinn gefi ekki tilefni til mikilla ályktana enda kom hann fram á hlutfallslega fáum af þeim þáttum sem voru skoðaðir. Margar skýringar mætti setja fram á því að munur milli hópanna mældist eins lítil og raun bar vitni.

- Í fyrsta lagi má líta svo á að þjálfunin á Hjalla hafi ekki framkallað mun milli barna sem hlutu slíka þjálfun og annarra barna. Sú skýring bendir þá til þess að kynjaskipt leikskólastarf og sérstök styrking stúlkna og drengja skili ekki langtímaáhrifum sem mælast eftir að leikskóladvöl lýkur. Er það t.d. í samræmi við niðurstöður Guðnýjar Guðbjörnsdóttur á jafnréttisverkefni í Myllubakkaskólanum sem skilaði sér lakar en vonir stóðu til (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-b). Á hinn bóginn sýna niðurstöður að kynjaskipta leikskólastarfið hefur heldur ekki haft neikvæð áhrif á gengi barnanna í grunnskóla eins og þeir hafa talið sem álíta skiptinguna varasama aðferð í skólastarfi.
- Í öðru lagi má velta fyrir sér hvort rétt mælitæki hafi verið valin til að meta árangur verkefnisins í grunnskóla. Rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (1994-b ) á fyrrnefndu Myllubakkaverkefni sýndi minni árangur en skýrslur kennara og athuganir höfðu bent til. Ályktaði hún að beita þyrfti fjölbreytilegum matsaðferðum til að nálgast árangur þróunarverkefna af þessu tagi.
- Í þriðja lagi má spyrja hvort forsendur í starfsemi Hjalla hafi breyst síðan eldri börnin dvöldu þar. Annars vegar getur áhugi og kraftur starfsfólks hafa dvínað eftir að brautryðjendastarfinu lauk og hins vegar er möguleiki að annars konar foreldrar velji Hjalla núna fyrir börnin sín þar sem leikskólinn er ekki lengur umdeildur tilraunaskóli. Þetta eru þó getgátur sem ekki er unnt að svara í þessari rannsókn - en eftir nokkur ár gæti hliðstæð rannsókn gefið vísbendingar, þ.e. þegar núverandi yngri rannsóknarbörn verða á sama aldri og eldri börnin eru nú. Ef þá mælist ekki sami munur og hjá eldri börnunum núna, má álykta að þessar getgátur eigi við nokkur rök að styðjast.

- Í fjórða lagi vaknar önnur spurning um þann mun sem mældist milli eldri barnanna en ekki þeirra yngri. Tímabundin afturför Hjallabarna í upphafi grunnskólagöngu er eitt mögulegra svara og að þau þurfi talsverðan tíma til að ná áttum við nýjar aðstæður. Að þeim tíma liðnum má þá ætla að munur sjáist á þeim og börnum sem hlutu ekki sambærilega þjálfun. Þessi tilgáta virðist í fljótu bragði langsótt en er þó samhljóma reynslu Söquist (1999) af gengi sænskra barna í grunnskóla sem komu úr kynjaskiptu starfi með samskonar þjálfun og er á Hjalla. Að mati hennar sýndu mörg barnanna afturför fyrstu mánuðina og jafnvel í 1-2 ár eftir að þau yfirlögðu leikskólann. Síðan mátti sjá þau taka upp þráðinn að nýju og sýna framkomu sem bar vott um styrk og sjálfstraust. Engin rannsókn hefur verið gerð á gengi þessara barna og því ber að taka álitum Sjöquist með þeim fyrirvara.

Þannig má segja að niðurstöður rannsóknarinnar gefi vísbendingar um að langtímaáhrif af kynjaskiptu leikskólastarfi Hjalla séu tiltölulega lítil. Auk þess benda niðurstöðurnar til að mun víðtækari rannsókna sé þörf til að meta árangur af tilraunum í kynjaskiptri kennslu á fullnægjandi hátt.

#### Félagsleg færni

Enginn munur reyndist á fyrrum Hjallabörnum og samanburðarbörnum hvað varðar félagslega færni með þeirri einu undantekningu að eldri Hjallastúlkur töldust sýna meiri gagnúð en stallsystur þeirra í samanburðarhópi. Námsgeta var svipuð hjá yngri börnum en eldri börnin voru talin með betri námsframmistöðu og námshæfileika. Eins og áður er nefnt er munurinn tæplega nægjanlegur til að styðja rannsóknartilgátuna um að kynjaskipt leikskólastarf Hjalla leiði til þess að gengi Hjallabarna sé frábrugðið gengi annarra barna í grunnskólum. Kynjamunur var fyrir

hendi og styðja þær niðurstöður fyrrnefnda rökfærslu fyrir tilurð og starfsháttum Hjallastefnunnar.

Félagsleg færni stúlkna var talin meiri en drengja að mati barnanna sjálfra, foreldra þeirra og kennara. Heildarútkoma stúlkna var einnig hærri en drengja fyrir þá fimm félagslegu þætti sem mældir voru. Stúlkurnar voru samvinnufærari en drengirnir að allra mati, þ.e. þær gátu betur hjálpast að, deilt efni og leikföngum án vandræða og þær fylgdu skólareglum og gegndu fyrirmælum. Þær voru jafnframt taldar hafa meiri stjórn á sér en drengir, ráða við átakaaðstæður og miðla málum þegar stefndi í óefni. Þessar niðurstöður eru samhljóma leikjarannsókn Francis þar sem hlutverk stúlkanna í samleikjum var að sýna skynsemi, miðla málum og fórna hugmyndum sínum til að halda friðinn (Francis 1998-a, 1998-b). Francis bendir á að stúlkurnar gjaldi skynsemi sinnar háu verði þar sem hlutverk þeirra leiði af sér valdaleysi og þar með undirmálsstöðu gagnvart drengjunum (sjá síðar). Áhugavert væri að skoða hvort þær gjaldi fyrir skynsemi sína á sama hátt í samkenndu og samleikjum.

Enginn munur mældist á mati barna, foreldra og kennara á ábyrgð og gagnúð stúlkna og drengja né heldur á hæfni þeirra til að hafa sig í frammi nema hvað kennarar töldu stúlkur standa þar drengjum frammar. Mat allra aðila var svipað fyrir Hjallabörn og önnur börn. Hins vegar mældist munur á svörum eldri Hjallastúlkna og stallsystra þeirra í samanburðarhópi. Þær fyrrnefndu töldu sig sýna meiri gagnúð, þ.e. að sýna umhyggju, hlusta og reyna að skilja aðra, sýna samúð og hrósa öðrum. Þessi niðurstaða kom á óvart, ekki síst með tilliti til þess að enginn kynjamunur var fyrir hendi en rannsóknir Fabes (1994) höfðu sýnt að stúlkur brygðust fyrr og sterkar við áreitum sem krefðust

samkenndar en drengir. Þó er varlegt að bera þessar rannsóknir saman þar sem rannsókn Fabes fólst í líkamlegum viðbrögðum barna við áreitum en í þessari rannsókn svöruðu börnin spurningum sem lutu að gagnúð í víðari merkingu þess orðs. Útkoma Hjallastúlkna bendir þó til þess að vera þeirra í stúlknaþópi í leikskóla hafi styrkt framangreinda eiginleika sem hafa flestir ef ekki allir verið taldir kvenlægir. Í kjölfar þess liggur beint við að álykta að það markmið hafi ekki náðst að styrkja þá eiginleika sem venjulega eru taldir tilheyra hinu kyninu en fyrirvara verður að hafa á notkun merkimiðanna „kvenlægt“ og „karllægt“ á eiginleikum barna. Minna má á að 20 ára gömul hugtök Bem til að mæla kven- og karllægni í sjálfsmynd þykja nú ekki tæk til þess arna þar sem viðhorf hafa breyst til eiginleika kynjanna (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-a). Í þessari rannsókn var notaður kvarði Gresham og Elliott frá 1990 og hugtökin ekki tengd einu kyni öðru fremur þó svo að gagnúð sé oftast kennd stúlkum en drengjum.

Námsgeta, námsáhugi og námsstuðningur drengja var talin minni en stúlkna í nær öllum tilvikum. Í næsta kafla verður nánar fjallað um ánægju og áhuga barna í skólum. Yngri Hjallabörn voru svipuð samanburðarbörnum í námsgetu. Munur var á getu þeirra í stærðfræði en þar sem munur á námsgetu mældist aðeins í einu tilviki af tíu eru líkur á að um tilviljun sé að ræða og varasamt að álykta út frá því. Hins vegar mældist munur á eldri börnum í nær helmingi tilvika. Námsframmistaða og námshæfileikar Hjallabarna voru að meðaltali taldir meiri en samanburðarbarna, geta þeirra var að meðaltali meiri í lestri og stærðfræði og heildarútkoma þeirra fyrir alla þættina var einnig hærri. Varlegt er að tengja þessa frammistöðu Hjallabarna við fyrrum leikskólagöngu - ekki síst þar sem eldri börnin eiga í hlut. Nær væri að tengja þessa niðurstöðu við þá hugmynd hér að framan að fyrsti barnahópurinn sem dvaldi í

Hjalla hafi á einhvern hátt verið frábrugðinn öðrum börnum. Þessu til stuðnings er bent á að leikskólinn var umdeildur í upphafi og má ætla að munur sé á foreldrum sem setja börn sín í umdeildar tilraunaaðstæður og foreldrum sem velja hefðbundnari leiðir. Engra upplýsinga var aflað um stöðu foreldra og þessari spurningu því ekki svarað að sinni.

#### Einstaklingsfærni

Eins og áður segir mældist sjálfsmynd yngri Hjallabarna svipuð og barna í samanburðarhópi. Hjá eldri börnum var munur á einum þætti af þeim fjórum sem metnir voru, almenn sjálfsvirðing eldri Hjallabarna mældist meiri en féлага þeirra úr samanburðarhópi. Sú niðurstaða ein og sér dugar þó ekki til að styðja hugmyndir um að sérstök styrking stúlkna og drengja í kynjaskiptum hópum á Hjalla skili sér þar sem þessi munur sást aðeins hjá eldri börnunum.

Niðurstöður athugunar á kynjamuni benda til þess að þau rök Hjallastefnunnar standist að þörf sé á mismunandi styrkingu fyrir stúlkur og drengi. Stúlkur koma betur út hvað varðar ýmsa mikilvæga þætti í skólum og er því síst að undra að stúlkur séu ánægðari í skólum en drengir. Það sem kemur á óvart í þessari athugun er að þessi sterka staða stúlkanna endurspeglast ekki í mati þeirra á sjálfum sér, þ.e. í sjálfsmynd þeirra eins og hún mældist í rannsókninni. Þrátt fyrir yfirburðastöðu í námi þar sem kennarar telja þær standa drengjum framar þegar á heildina er litið var ekki munur á vitsmunalegri sjálfsmynd kynjanna. Hins vegar var munur á mati foreldra þar sem foreldrar töldu dætur sínar með öflugri sjálfsmynd á því sviði en foreldrar drengja. Þessar niðurstöður virðast styðja ályktun Howe (1997) um að viðvarandi mismunun stúlkna og drengja í skólum, þar sem stúlkum er veitt lítil athygli og hvatning, hafi ekki áhrif á námsgetu



þeirra heldur dragi úr almennu sjálfstrausti. Í framhaldi af því má álykta að rannsóknir sem hafa sýnt að stúlkur beri skarðan hlut frá borði í skóla, gildi einnig um hafnfirski skóla og skýri að sjálfsmynd stúlkna samrýmist ekki námsárangri þeirra, félagsfærni, áliti foreldra og viðurkenningu kennara á góðri hegðun þeirra. Þó töldu kennarar að stúlkur liðu yfirleitt ekki af hegðunarerfiðleikum sem beinast inn á við eins og kvíða, leiða eða einmanaleika. Slík vanlíðan stúlkna kom fram í rannsókn á 14 og 15 ára börnum í grunnskólum Reykjavíkur, þ.e. einkenni vanlíðunar, þunglyndis og kvíða en þær niðurstöður byggja á svörum stúlkanna sjálfra en ekki kennara (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998:18-19). Hér er líklegt að aldur skipti máli en reykvísku stúlkurnar voru 2-3 árum eldri en stúlkurnar í þessari rannsókn og unglingavandamálin ekki skollin á þeim síðarnefndu af fullum þunga.

Félagsleg sjálfsmynd eldri drengja mældist sterkari en eldri stúlkna. Það gengur þvert á mat kennara á nemendum þar sem félagsleg færni stúlkna var metin meiri og hegðun þeirra og samskipti talin betri en drengja. Félagsleg færni stúlkna var einnig meiri en drengja samkvæmt svörum barnanna sjálfra en sú færni endurspegladist ekki í sjálfsmynd þeirra. Loks mældist sjálfsvirðing hafnfirskra drengja meiri en stúlkna sem er samhljóma rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur þar sem sjálfsmat stúlkna var lægra en drengja (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998). Þessar niðurstöður koma þó ekki heim og saman við norrænu rannsóknina sem vitnað er til hér að framan. Þar mældist sjálfsmynd stúlkna og drengja svipuð nema í Finnlandi þar sem sjálfsmat drengja var hærra en stúlkna (Ogden 1998:126).

Mat foreldra á sjálfsmynd barna sinna var ekki samhljóma svörum barnanna, en eins og fyrr segir töldu þeir að vitsmunaleg sjálfsmynd

stúlkna væri sterkari og einnig var heildarútkoman úr svörum foreldra sú að stúlkur hefðu sterkari sjálfsmynd en drengir.

Síðasti þátturinn sem börnin lögðu mat á var líkamleg sjálfsmynd og þar er veigamikil undantekning á niðurstöðum þessarar rannsóknar og norrænu rannsóknarinnar. Líkamleg sjálfsmynd barna í löndunum fimm var sterkari hjá drengjum en hjá stúlkum en þar stóðu hafnfirsku börnin jafnt að vígi.

Svör foreldra og kennara hér að framan voru bæði fyrir yngri og eldri börn í rannsókninni og eldri börnin mátu sjálfsmynd sína í framan- greindum þáttum. Yngri börnin mátu sjálfsmynd sína með myndrænum aðferðum sem hafa verið notaðar fyrir börn á sama aldri í Ástralíu og Bandaríkjunum og voru svör hafnfirsku barnanna um margt ólík. Hafnfirsku börnin reyndust vera ánægðari með föður sinn og lýstu vellíðan sinni heima fremur en börn í þeim löndum þar sem mælitækið hafði áður verið notað. Að öðru leyti voru svör hafnfirsku barnanna hliðstæð varðandi líðan þeirra með öðrum á heimilinu. Hins vegar kom á óvart að börnin í þessari athugun voru glaðari og ánægðari með vinum sínum en börn í fyrrnefndum þjóðlöndum (Juhász og Munshi 1990:697-698). Hér má velta fyrir sér ástæðum þess að hafnfirsku börnin voru ánægðari heima og með vinum sínum en áður hafði mælst. Íslenskir foreldrar vinna langan vinnudag og fjölskyldan er því að heiman meirihluta dagsins. Því eru íslensk börn vön löngum skóladegi og mögulega þreyttari en önnur börn á veru í fjölmennum hópum innan skólastofnana. Ef til vill er þá ánægja barnanna meiri þegar heim er komið eða þá að óánægja þeirra í skólum (sjá hér á eftir) geri vistina heima meira aðlaðandi en ella. Allt eru þetta þó vangaveltur og settar fram sem slíkar.

## Líðan barna í skólum

Enginn munur reyndist á áhuga og námsánægju fyrrum Hjallabarna og barna í samanburðarhópi. Sú niðurstaða styður ekki rannsóknartilgátu um að gengi Hjallabarna sé frábrugðið gengi annarra barna.

Niðurstöður athugunar á kynjamuni sýndu mun á ánægju stúlkna og drengja með skólagönguna og voru eldri stúlkur ánægðari en piltar. Kynjamunur var ekki hjá yngri börnum varðandi ánægju þeirra í skólum en minnihluti yngri barna var ánægður með kennslustundir og kennara sína. Kynjamunur var hins vegar á óánægu þeirra í skólum. Af þeim börnum sem töldu sig ekki ánægð lýstu fleiri drengir beinni óánægju með kennslustundir og kennara en stúlkur voru hlutlausari og völdu fremur svarkostinn „allt í lagi“. Hafnfirsku drengirnir reyndust ósáttari við skólana en drengir á sama aldri í Ástralíu og Bandaríkjunum þó svo að nær 25% þeirra síðarnefndu væru óánægðir (Juhász og Munshi 1990:697-698). Yngri börnin í rannsókninni voru reyndar öll óánægðari í skólum en jafnaldrar þeirra í Bandaríkjunum og Ástralíu (sama rit). Hér ber þó að túlka þennan samanburð með gætni þar sem aðeins 47 börn voru í áströlsku rannsókninni og 90 börn í þeirri bandarísku á móti 125 börnum í Hafnarfirði.

Niðurstöður þessarar athugunar varðandi óánægju hafnfirsku drengjanna ber að sama bruni og niðurstöður Guðrúnar Kristinsdóttur á áhuga barna á skólagöngu. Áhugi íslenskra drengja var minni en stúlkna og auk þess reyndust íslenskir drengir hafa minni áhuga á skólagöngunni en jafnaldrar þeirra í Noregi og Svíþjóð þar sem kynjamunur hafði þó komið fram (Guðrún Kristinsdóttir 1998:197). Áhugaleysi og óánægja drengjanna er samhljóma því að námsárangur þeirra er lakari en stúlkanna og er einnig samhljóma þeim rannsóknum sem hafa sýnt marktæka

fylgni milli áhuga og viðhorfs barna og árangurs þeirra í skóla (Orr 1992).

Óánægja drengja í skólum og með kennara sína var gagnkvæm af hálfu kennara. Eins og fyrr segir töldu kennarar að drengir stæðu undantekningarlítið höllum fæti í náminu miðað við stúlkur en eldri Hjalladrengir voru þar undantekning. Kennarar álitu einnig að drengir höguðu sér verr en stúlkur í skólum og þeir ættu fremur við hegðunarerfiðleika að stríða sem hefðu truflandi áhrif á skólastarfið. Jafnframt álitu kennarar að geta piltanna væri minni í þáttum sem eru mikilvægir í skólastarfinu. Má þar nefna einbeitingu, sveigjanleika og hæfni til að starfa með öðrum án átaka. Mat drengjanna sjálfra var einnig að þeir væru slakir í félagslegri færni og þá sérstaklega sjálfsstjórn og samvinnu og var álit foreldra á sama veg. Þessar niðurstöður eru í meginráttum samhljóma rannsóknnum og fyrri athugunum á stöðu drengja.

Námsárangur drengja er í flestum tilvikum minni en stúlkna (Inga Dóra Sigfúsdóttir 1998, Ofsted 1996) og hegðunarvandkvæðin tilheyra fremur piltum en stúlkum (Dammert 1995). Á grundvelli þessa þarf hvorki að undra að drengir séu lítt áhugasamir um skólann né að kennarar telji drengina annars flokks nemendur í samanburði við stúlkur. Hér verður ekki reynt að skýra orsakir þessa en minna má á rannsóknir um þroska kynjanna og heilastöðva sem hafa sumar bent í þá átt að stúlkur þroskist hraðar en drengir og hjá stúlkum þroskist einnig fyrr þær heilastöðvar sem mikilvægastar eru fyrir hefðbundið skólanám (Wirsén-Meurling 1996). Reynt hefur verið að útskýra slaka stöðu drengja í skólum með þroskamun af þessu tagi en Wirsén-Meurling telur að stúlkur séu um tveimur árum á undan drengjum í þroska frá upphafi grunnskólagöngu og fram undir tvítugt. Þetta mat er reyndar samhljóma almennum

hugmyndum um seinþroska drengja í samanburði við þroskaferli stúlkna og nægir þar að minna á fermingardrengina og fullvöxnu stúlkurnar á fermingarmyndum þjóðarinnar. Vissulega eru skiptar skoðanir á ágæti þessara rannsókna því eins og áður segir hafa margir varað við gagnrýnislausri notkun á niðurstöðum þeirra til að skýra mun á stúlkum og drengjum. Þar á meðal hafa Yates og Weiner bent á að námsárangur drengja sé hliðstæður því sem verið hefur en stúlkur hafi bætt árangur sinn á liðnum árum (sjá Francis 1998-a). Auk þess má nefna að árangur íslenskra stúlkna og drengja er hinn sami í ensku (Amalía Björnsdóttir 1999) sem samrýmist ekki kenningum um að þroski heilans orsaki kynjamuninn. Mahony (1999) hefur einnig haft varnagla á því að staða drengja sé í raun eins slæm og margir vilja vera láta. Hún hefur vakið máls á því að með efnahagslegum breytingum sé karllæg hegðun orðin óæskileg og lítt nothæf á vinnumarkaði og þess vegna sé núna gert veður út af hegðun og frammistöðu drengja sem hafi þó sjálfir ekki breyst í tímans rás.

Hér að framan hefur staða drengja verið gerð að umtalsefni með þeim formerkjum að hún sé lakari en staða stúlkna. Slík uppsetning er varasöm þar sem hún gefur tilefni til ályktana um að drengir og hegðun þeirra sé vandamál sem þurfi að takast á við. Því er full ástæða til að skoða svör bæði barna og kennara í öðru ljósi en í samanburði við svör stúlkna - ekki síst þegar rannsóknir á mismunandi þroskaferli kynjanna eru hafðar í huga. Þannig er t.d. hægt að skoða stöðu piltanna og getu þeirra í ljósi þeirrar hegðunar sem þeir sýna við aðstæður sem fullorðnir stýra ekki, þ.e. í leikjum. Leiða má getum að því að leikir barna endurspegli flestu betur áhuga, þarfir og getu barnanna og sýni best hvaða athafnir og aðferðir séu þeim tiltækar til að afla sér reynslu og þekkingar. Þegar stráka- og stelpuleikir eru bornir saman kemur í ljós að

þeir eru ólíkir - en draga hins vegar dóm af þeirri ólíku hegðun stúlkna og drengja í skólum sem var niðurstaðan úr þessari athugun. Drengja-leikir einkennast af hraða, líkamlegum átökum, mikilli hreyfingu og óyrstum skilaboðum sem Gulbrandsen hefur nefnt mállausa strákaleiki (Gulbrandsen 1996, Kvalheim 1980, Nordahl 1997-a, Rithander 1991). Engir þessara þátta eru almennt notaðir við kennslu í grunnskólum. Jafnframt kom í ljós að piltarnir réðu illa við að hlusta og sitja kyrrir, þeir voru sagðir slást og áreita og vera örir og einbeitingarlitlir. Allt þetta kemur heim og saman við leiki drengja þar sem þeir skipta ört um hlutverk, nota líkamleg skilaboð í stað munnlegra, hraðinn er mikill og skemmtunin í fyrsta sæti. Hefðbundin skólakennsla gerir hins vegar kröfur um að börn tileinki sér reynslu og þekkingu á allt annan máta. Því má spyrja hvernig drengirnir geti mætt kröfum skólanna án þess að láta af eigin forsendum - og hvort skólakerfið eigi að taka tillit til getu, áhuga og þarfa drengjanna í auknum mæli.

Stelpuleikir eru ólíkir strákaleikjum og þannig þjálfast stúlkurnar í annars konar hegðun og færni en drengirnir. Stelpuleikir þjálfra fínhyfingar, sköpun og einbeitingu og þær þroska málið stöðugt í leikjum sínum. Í mömmuleikjunum æfa þær skilning á öðrum og umhverfi sínu og þjálfar þær með félags- og tilfinningalega færni sína. Allir þessir þættir koma stúlkunum til góða í skólum. Félagsleg færni þeirra gerir þær að þrúðum nemendum sem taka tillit til annarra og mat kennara í þessari athugun var einmitt að stúlkurnar hegðuðu sér betur en drengirnir. Geta þeirra í máli, þ.e. að hlusta, skilja og tjá sig, gerir þær einnig færari um að nýta sér leiðsögn kennaranna, tileinka sér námsefnið og koma þekkingu sinni frá sér.

Á framangreindan máta endurspeglar niðurstöður þessarar athugunar þá leiki og leikaðferðir sem stúlkur og drengir hafa sýnt í margnefndum leikjarannsóknum. Því þarf engan að undra að hegðun og færni barnanna breytist ekki daginn sem grunnskólaganga hefst. Færni stúlkna hentar kröfum skólanna en færni drengja hentar síður. Hins vegar má spyrja hvort skólarnir henti stúlkum jafnvel. Þar má nefna ályktanir hér að framan um valdaleysi stúlkanna og að sjálfsmynd þeirra endurspegli ekki hæfni þeirra, sérstaklega ekki hjá þeim eldri. Einnig má spyrja hvort skynsamleg hegðun stúlkna í skólum sé að einhverju leyti fórnarkostnaður þeirra í samskiptum við drengina en þessi athugun var gerð á börnum í samkenndu. Rannsókn Francis leiddi í ljós að í samleikjum stúlkna og drengja breyttu stúlkur hegðun sinni og sýndu einmuna skynsemi og fórnarlund til að skapa frið og sjá til þess að hægt væri að hefja leikinn (Francis 1998-a, 1998-b). Ef sú niðurstaða er borin saman við ánægju kennara með stúlkurnar má álykta að hegðun þeirra komi fram vegna láta og leiðinda hjá drengjum. Einnig má ætla að þær velji hegðun til að afmarka sig frá drengjunum með því að vera eins ólíkar þeim og hægt er (Kruse 1992, Mahony 1985). Á grunni þessa má hafa uppi efasemdir um að skólarnir henti stúlkum jafnvel og þær henta þeim. Þar má minna á reynsluna úr tilraunaverkefnum þar sem stúlkurnar hafa hagað sér verr í upphafi kynjaskiptrar kenndu en þær gerðu í samkenndunni (Berge 1996, Valgerður H. Bjarnadóttir 1991).

#### Viðhorf til hins kynsins og hegðunar stúlkna og drengja

Viðhorf barna í garð stúlkna og drengja og afstaða þeirra til strákalegrar og stelpulegrar hegðunar var mikilvægur þáttur í rannsókninni þar sem eitt af markmiðum Hjallastefnunnar er að vinna gegn stöðluðum hugmyndum um kynhlutverk. Undantekningarlaust töldu börnin sjálf, foreldrar þeirra og kennarar að vinnaval væri kynbundið og að stúlkur

léku sér og störfuðu með öðrum stúlkum og drengir léku sér og störfuðu með öðrum drengjum. Þetta er samhljóma niðurstöðum úr rannsóknum og öðrum athugunum (Delamont 1980, Fabes 1994, Kruse 1992, Maccoby 1994, Powlishta 1995, Serbin 1994). Jafnframt var viðhorf barnanna jákvæðast í garð barna af eigin kyni en þó var munur á því að stúlkur voru ívið jákvæðari en drengir í garð barna af hinu kyninu. Þá niðurstöðu má heimfæra á kenningar um stöðu stúlkna í karlstýrðu samfélagi. Þar eru konur og þar af leiðandi stúlkur taldar minnihluta-hópur í þeirri merkingu að þær hafa minni áhrif, völd og virðingu en karlar og drengir (Colwill 1982, Kohlberg 1978, Riordan 1990 o.fl.). Á grundvelli þess er talið að stúlkur bregðist jákvæðar við drengjum sem fulltrúum valds og yfirráða en drengir líti fremur niður á stúlkur. Á sama hátt er talið að karllægir eiginleikar séu eftirsóknarverðari en kvenlægir. Að auki ýtir enn undir kynniðrandi viðhorf drengja að kennarar veita stúlkum minni athygli, þær þurfa fremur að bíða eftir aðstoð og sætta sig við að kennarinn hefur ekki allan hugann við að leiðbeina þeim og aðstoða og er að sinna drengjunum í leiðinni (Andresen 1985). Þetta dulda ferli hefst í leikskóla þar sem framangreinds mismunar gætir sbr. rannsókn Andresen sem hér er vitnað til og valdastaða drengja verður viðurkennd sem „eðlilegt“ ástand þar sem hvorki nemendur né kennarar þekkja annað svo vitnað sé til Kruse (1992).

Í framhaldi af þessu má rifja upp fyrri umfjöllun um mál barna svo og eðli þeirra samskipta sem stúlkur og drengir ástunda í leikjum sínum, bæði saman og sitt í hvoru lagi. Leaper (sjá Fabes 1994) hefur bent á að tjáskipti pilta einkennist af tilraunum þeirra til að ná yfirráðum og valdi á umhverfi sínu en slík málnotkun sést varla hjá stúlkum. Ályktun Francis (1998-a, 1998-b) á grundvelli rannsóknar hennar á leikjum barna var að stúlkur sýndu skynsemi og fórnfýsi í sameiginlegum leikjum og



löguðu sig að kjánaskap og eigingirni drengja. Niðurstaðan varð að drengirnir höfðu valdið í hendi sér en stúlkurnar voru valdalaus undir-  
málshópur í leiknum. Valdaleysi stúlkna kom einnig fram í rannsókn  
Kvalheim (1980) þar sem þær létu sér lynda að verða neðstar í gogg-  
unarröðinni ef átök komu upp en drengir brugðust við af afli og réðust  
að bæði leikfélögum og leikföngum. Athuganir á nýtingu stúlkna og  
drengja á leikrými og samantekt á slíkum rannsóknum má túlka á sama  
veg, þ.e. að drengir sýni valdsmannslega hegðun og breiði úr sér í  
miðjum stofum og leikvöllum en stúlkur fari fremur með veggjum  
(Howe 1997, Mahony 1982, Spender 1989). Niðurstöður allra þessara  
rannsókna sýna valdaleysi stúlkna og yfirráð drengja. Rannsókn  
Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (1994-a) sýndi að meiri líkur væru á að  
stúlkur sýndu einkenni sem samkvæmt hefðinni tilheyrðu sjálfsmynd  
hins kynsins en drengir. Þó rannsókn Guðnýjar hafi tekið til framhalds-  
skólanema má einnig túlka þær niðurstöður í ljósi valda og áhrifa, þ.e. að  
karllægir þættir þyki æskilegri en kvenlægir þættir og því tileinki stúlkur  
sér fremur karllæga eiginleika en drengir kvenlæga.

Nú má segja að ályktun um valdaleysi stúlkna sé hæpin á grundvelli  
þessarar rannsóknar, þ.e. þess eins að stúlkur sýni drengjum meiri já-  
kvæðni en drengir sýni stúlkum. Hins vegar geta framangreindar hug-  
myndir um valdaleysi stúlkna einnig útskýrt að sjálfsmynd stúlkna er  
lakari en sjálfsmynd drengja þrátt fyrir að staða stúlkna sé sterkari en  
staða drengja hvernig sem á málin er litið.

Viðhorf barnanna til hegðunar kynjanna var nokkuð frábrugðið framan-  
greindri afstöðu þeirra til stúlkna og drengja í sjálfu sér, þ.e. óháð  
hegðun og eiginleikum. Þeir þættir sem venjulega eru eignaðir stöðl-  
uðum kynhlutverkum voru í meira en helmingi tilvika taldir tilheyr

viðeigandi kyni. Innan við helmingur barnanna áleit að bæði kyn jafnt gætu sýnt þessa hegðun en aðeins örfá töldu hana geta tilheyrt hinu kyninu. Athyglisvert var að stúlkur töldu kvenlæga hegðun fremur tilheyrta sínu kyni en drengir. Hjalladrengirnir skáru sig úr þar sem mikill meirihluti þeirra taldi strákalega hegðun helst sjást hjá strákum. Svör foreldra sýndu þó að Hjalladrengir og samanburðardrengir áttu helst samskipti við aðra drengi og svör kennara sýndu engan mun á hegðun þessara tveggja drengjahópa. Þetta ósamræmi gefur tilefni til ályktana um það hvort afstaða Hjalladrengjanna lýsi betur raunverulegri hegðun drengja og að meira samræmi sé milli afstöðu og hegðunar þeirra en samanburðarpiltanna. Slík ályktun fellur að kenningu þeirra Davies og Banks (1995) um flokkun á viðhorfum barna til stráka- og stelpulegrar hegðunar eftir því hvort samræmi er milli hins fyrr- og síðarnefnda eða hvort viðhorfin stangist á við hegðun þeirra. Loks má rifja upp niðurstöður jafnréttisverkefnisins í Myllubakkaskóla þar sem viðhorf nemenda til starfa og launa varð raunhæfara en áður (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994-b). Hér skal þó tekið fram að álit Hjallastúlkna var ekki samhljóma skoðun Hjalladrengja um að staðalhegðun tilheyrði viðkomandi kyni þannig að ekkert verður fullyrt um þessar niðurstöður.

#### Samskipti stúlkna og drengja

Munur reyndist á samskiptum Hjallabarna og féлага þeirra í samanburðarhópi við börn af sama kyni og gagnstæðu kyni. Mat kennara var að bæði eldri og yngri Hjallabörn væru öruggari og ófeimnari en samanburðarbörnin í samskiptum við gagnstætt kyn. Auk þess töldu foreldrar Hjallastúlkna að dætur þeirra ættu meiri samskipti jafnt við börn af báðum kynjum en foreldrar samanburðarstúlkna. Einnig reyndist munur á Hjalladrengjum og samanburðardrengjum en þeir fyrrnefndu kváðust ánægðari að leika og starfa með öðrum drengjum en stúlkum.

Samskipti þeirra mældust þó ekki meiri við drengi en var hjá samanburðarpiltunum.

Þessar niðurstöður benda til þess að kynjaskipting Hjalla hafi skipt máli fyrir samneyti kynjanna. Rök fyrir Hjallastarfinu í tengslum við samskipti kynjanna voru meðal annars að aðskilnaður stúlkna og drengja gæti stuðlað að jákvæðum viðhorfum gagnvart hinu kyninu þar sem þörfin fyrir að afmarka sig og kynímynd sína með ýktri kynbundinni hegðun myndi minnka. Jafnframt var nefnt að aðskilnaðurinn myndi skapa stúlkum og drengjum aðstæður á eigin forsendum til að vinna gegn neikvæðum þáttum í samspili kynjanna. Þar með myndi afstaða beggja kynja verða jákvæðari í garð barna af gagnstæðu kyni þar sem stúlkur og drengir hittast daglega til að æfa jákvæð samskipti við verndaðar aðstæður í stað stöðugra samvista þar sem neikvæðni og óvinamyndir fá að þróast (Margrét Pála Ólafsdóttir 1992, 1995, 1998). Öryggi Hjallabarna í samskiptum við börn af gagnstæðu kyni benda til að þessi markmið hafi að einhverju leyti náðst og að framangreind rök eigi nokkurn rétt á sér. Þessar niðurstöður eru samhljóma tilgátu Kruse um að afleiðing stöðugra samvista stúlkna og drengja geti orðið sú að aðskilnaðarþörf beggja aukist og þar með náist þveröfugur árangur við það sem ætlað var. Í stað þess að samvistirnar kenni samskipti og auki samkennd, eykst fjarlægðin milli stúlkna og drengja og óvinamyndir styrkjast hjá báðum kynjum. Niðurstöðurnar eru einnig í samræmi við tilraunir sem skiluðu ekki aukinni samvinnu í leik og starfi stúlkna og drengja þrátt fyrir markmið þar að lútandi (Lloyd og Duveen 1992, Riordan 1990). Ályktun Howe er að aðskilnaður milli kynja aukist þrátt fyrir samvistir kynjanna í skólastofum þar sem drengjum er ávallt gert hærra undir höfði en stúlkum (Howe 1997). Með tilliti til niðurstaðna þessarar rannsóknar má taka í sama streng og fyrrnefndir fræðimenn og

álykta að stöðugar samvistir stúlkna og drengja skapi í sjálfu sér ekki samkennd og samvinnu og að aðskilnaður kynjanna ýti ekki undir neikvæðni og staðalmyndir af gagnstæðu kyni, fremur þvert á móti!

#### Samkennsla eða kynjaskipt kennsla

Lokaþáttur þeirrar athugunar á kynjamuni sem var felldur inn í verkefnið var að leita eftir álit barna, foreldra og kennara á stöðu stúlkna og drengja í skólum. Álit kennara var að 7 af hverjum 10 börnum hefðu mest samneyti við önnur börn af sínu kyni og að sama hlutfall myndi njóta sín best í kennslu með eigin kyni. Um 85% foreldra taldi þörf á að leita nýrra leiða til að bæta hag stúlkna jafnt sem drengja í skólum. Um 60% foreldra töldu að kynjaskipt kennsla við ákveðnar aðstæður væri mögulegur kostur til þess en tæplega helmingi færri töldu að núverandi samkennsla við allar aðstæður væri nægileg. Þeir foreldrar sem höfðu reynslu af kynjaskiptri kennslu í leikskóla voru fremur hvetjandi til kynjaskiptrar kennslu eða 70% á móti 50% foreldra samanburðarbarna. Er það samhljóma reynslu foreldra í Akureyrartilrauninni. Hér skal einnig nefnt að foreldrar Hjallabarna voru ánægðari með leikskólagöngu barna sinna en foreldrar barna í samanburðarhópi. Má ætla að jákvæð reynsla af kynjaskiptu leikskólastarfi veki jákvæðni gagnvart aðferðinni og þeim kennslu- og stjórnunarháttum sem kynjaskiptu starfi tilheyra. Þó er erfitt að fullyrða að ánægja fyrrum Hjallaforeldra sé eingöngu til komin vegna kynjaskiptingarinnar. Einnig verður að slá varnagla við þessum niðurstöðum þar sem fyrrum Hjallaforeldrar eru kunnugir rannsakanda og þau kynni gætu haft áhrif á svör þeirra.

Svör foreldra, kennara og barnanna sjálfra voru samhljóma hvað það varðar að bæði stúlkur og drengir eigi mest samneyti við börn af sínu kyni bæði heima og heiman. Svör þessara aðila bentu öll í þá átt að

samkennslan skapi ekki raunveruleg samskipti og gagnkvæma þekkingu eins og til var ætlast um síðustu aldamót. Ályktun Howe (1997) um að aðskilnaður kynjanna aukist í skólastofum þrátt fyrir samskipan kynjanna virðist því eiga við nokkur rök að styðjast samkvæmt þessari athugun. Hið sama gildir um tilgátu Kruse um að stöðug samskipan og samkennsla stúlkna og drengja tryggi ekki samskipti heldur geti aukið á neikvæð viðhorf og raunverulega fjarlægð milli kynjanna. Miðað við svör samanburðarbarnanna sem hafa verið samtíða báðum kynjum í leikskóla- og grunnskólastarfi hefur fjarlægðin eða kynjagjáin ekki minnkað við það.

## 7. Að lokum

Rannsóknartilgáta þessa verkefnis laut að gengi eða farsæld grunnskólabarna og gerði ráð fyrir að gengi fyrrum Hjallabarna, þ.e. færni, líðan og viðhorf væru frábrugðin gengi annarra barna þar sem þau fyrrnefndu hefðu að baki dvöl í kynjaskipta leikskólanum Hjalla. Í meginráttum mældist ekki munur milli fyrrum Hjallabarna og annarra barna og því styðja rannsóknarniðurstöður ekki tilgátuna. Að auki var athugun á kynjamuni felld inn í verkefnið þar sem kynjamunur og neikvæðar afleiðingar hans eru forsendur fyrir Hjallastarfinu. Niðurstöður þeirrar athugunar voru samhljóma rannsóknum á kynjamuni sem reyndar hafa fáar verið gerðar á Íslandi. Því bendir athugun þessa verkefnis til þess að kynjamunur sé síst minni nú við aldahvörf en verið hefur og síst minni á Íslandi en úti í hinum stóra heimi. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki horft og engar meðaltalsaðferðir fyrir bæði kyn geta brúað þá gjá sem aðskilur stúlkur og drengi í skólum. Mikilvægt er því að gaumgæfa alla kosti sem gætu leitt til framfara og dregið úr neikvæðum afleiðingum kynjamunarins. Þannig er brýnt að rannsaka árangur af jafnréttis-

verkefnum í skólum en rannsóknir einar og sér leysa þó í sjálfu sér engan vanda. Aðgerða er þörf í hverjum skóla, hverri leikskóladeild og hverri skólastofu og þar má enginn skorast úr leik.

Jafnhliða hvatningu til jafnréttisverkefna er brýnt að verkefnin verði metin á fjölbreytilegan hátt - einnig meðan þau standa yfir til að vísbendingar fái ekki aðeins um langtímaáhrif þeirra á nemendur eins og þau sem hér var leitað eftir. Þannig þarf að meta staðbundin áhrif jafnréttisverkefnanna á skólastarfið; má þar nefna áhrif þeirra til bóta eða vansa fyrir starfsanda í nemendahópum, námsáhuga, áhrif á stjórnun og nemendaaðhald. Slíkt mat hefur t.d. ekki farið fram á Hjallaverkefninu, þ.e. á áhrifum þess á nemendur, starfsfólk og daglega starfsemi skólans. Traustar upplýsingar um möguleg langtímaáhrif sem og staðbundin áhrif geta lagt grunn að jafnréttisstarfi sem styrkir skólana og nemendur samhliða, - þar sem veruleiki hvernar skólastofnunar felur í sér þá jafnréttishugsjón sem hver lýðræðisþjóð þarf á að halda og hvert barn fær tækifæri til að njóta sín án þess að vera bundið á klafa kynhlutverka og staðlaðra hugmynda um getu sína og möguleika í lengd og bráð.

## Heimildaskrá

- Acker, Sandra. 1994. *Gendered Education: Sociological Reflections* [...] (formáli eftir af Miriam E. David). Philadelphia, Open University Press.
- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Amalía Björnsdóttir. 1999. *Kynjamunur á samræmdum prófum*. Dreifirit. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Andresen, Ragnhild. 1985. Barneheten som arena for forskning om kjønnsidentitet. *Debatt I-1985*, bls. 10-19. Oslo.
- Arnesen, Anne-Lise. 1998. Inngangur. *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi*, bls. 11-16. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Askew, Sue og Ross, Carol. 1987. *Anti-sexist Work with Boys*. London, Hackney Downs School.
- Berge, Britt-Marie. 1998. Skall vi skolas tilsammans [...]. *Líkt og ulíkt* [...] (Anne Lise Arnesen ritstýrði og skrifaði inngang), bls. 75-90. Oslo, Høgskolen i Oslo.
- Berge, Britt-Marie (ritstj.). 1996. *Jämställdhetspedagogik på Storsjöskolan i Holmsund - ett aktionforskningsprojekt*. Arbetsrapporter från Pedagogiska institutionen nr. 115 1996. Umeå, Umeå Universitet.
- Berger, Peter L. 1980. *Inngangur að félagsfræði*. Reykjavík, Mál og menning.
- Carli, Barbro. 1996. Myt och verklighet; Genusperspektiv [...]. *Skolbarn* 6,6:40-45. Stockholm, FortbildningsFörlagen.
- Coleman, James S. 1990. Foreword. Formáli í bók Riordan, *Girls & Boys in School, Together or Separate?* New York and London, Teachers College Press, Columbia University.
- Colwill, Nina Lee. 1982. *The New Partnership, Women and Men in Organizations*. Palo Alto, Mayfield Publishing Company.
- Dammert, Lauri (ritstj.). 1995. Appendices. *Towards New Masculinities* [...], bls. 108-121. Kaupmannahöfn, Nordic Council of Ministers.
- Davies, Bronwyn og Banks, Chas. 1995. The Gender Trap: A Feminist Post Structuralist [...]. *Debates and Issues in Feminist Research and Pedagogy*. (Ritstýrt af Holland og Blair). Clevedon, Avon, Multilingual Matters.

- De Jean, J., Upitis, R., Koch, C. og Young, J. 1999. The Story of PQ; How girls respond to a prototype language [...]. *Gender and Education* 2,11:207-224.
- Delamont, Sara. 1980. *Sex Roles and the School, Contemporary Sociology of the School*. London, Methuen & Co.
- Eidem, Christina og Halsius, Gunilla. 1994. *Bland primadonnor och strömkarlar* [...]. Stockholm, Skolverket.
- Fabes, Richard A. 1994. Physiological, Emotional and Behavioral Correlates of Gender Segregation. *Childhood Gender Segregation* [...] (Campbell Leaper ritstýrði og skrifaði formála), bls. 19-34. San Francisco, Jossey-Bass.
- Fagot, Beverly I. 1994. Peer Relations and the Development of Competence. *Childhood Gender Segregation* [...] (Campbell Leaper ritstýrði og skrifaði formála), bls. 53-66. San Francisco, Jossey-Bass.
- Francis, Becky. 1998-a. *Power Plays: Primary School Children's Constructions of Gender, Power and Adult Work*. Stoke on Trent, Trentham Books.
- Francis, Becky. 1998-b. Power Plays: Children's Constructions of Gender and Power in Role Plays. *Gender and Education* 2,9:179-194.
- Gall, M.D., Borg, W.R. og Gall, J.P. 1996. *Educational Research; An Introduction*. New York, Longman.
- Gresham, F.M. og Elliott S.N. 1990. *Social Skills Rating System. Manual*. Circle Pines, American Guidance Service.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. 1994-a. Sjálfsmyndir og kynferði. *Fléttur, rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*, bls. 135-200. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. 1994-b. Strákar og stelpur í takt við tímann. *Uppeldi og menntun* 3:29-52.
- Guðrún Kristinsdóttir. 1995. *Daglegar aðstæður og félagsleg færni barna. Áfangaskýrsla*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir. 1998. Var och en i sin värld: Vardagsvilkor och bekymmer [...]. *10-åringar i Norden* [...] (Backe-Hansen og Ogden ritstýrðu og skrifuðu hluta bókarinnar), bls. 187-211. Kaupmannahöfn, Nordisk Ministerråd.
- Gulbrandsen, Jorun. 1996. Vem är skolan till för? *Skolbarn* 6,6:17-21. Stockholm, FortbildningsFörlagen.
- Harter, Susan. 1982. The Perceived Competence Scale for Children. *Child Development* 53:87-97.



- Holthe, Vibeke Glaser. 1993-a. *Om å stimulere til variasjon og mangfold i jenters og gutters lek [...]*. Trondheim, DMMH.
- Holthe, Vibeke Glaser. 1993-b. *Om å stimulere til variasjon og mangfold i jenters og gutters lek [...]*. Delrapport 2. Trondheim, DMMH.
- Howe, Christine. 1997. *Gender & Classroom Interaction: A Research Review*. Edinborg, The Scottish Council for Research in Education.
- Hultinger, Eva-Stina. 1998. På lika villkor i Norden. *Likt og ulikt [...]* (Anne Lise Arnesen ritstýrði og skrifaði inngang), bls.157-167. Oslo, Høgskolen i Oslo.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir. 1998. Strákarnir sendir í skammarkrókinn en stelpurnar skammast sín. *Strákar í skóla. Erindi frá málþingi [...]*, bls. 6-20. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Kohlberg, Lawrence. 1978. A Cognitive-Developmental Analysis [...]. *The Development of Sex Differences*, bls. 82-171. Tavistock Publications.
- Kragh-Müller, Grethe. 1995. Problemer og konflikter i drenge- og pige grupper. *Nul til Fjorten, Pædagogisk Tidsskrift [...]* 5,1:57-64.
- Kristján M. Magnússon, Valgerður H. Bjarnadóttir, Baldvin Jóh.Bjarnason, Magnús Aðalbjörnsson og Sigríður K. Bjarnadóttir. 1991. *Kynjaskiptar deildir, 8. bekkur Gagnfræðaskóla Akureyrar 1990-1991, lokaskýrsla*. Akureyri, Gagnfræðaskóli Akureyrar.
- Kruse, Anne-Mette og Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Hjalli, en usædvanlig børnehave*. Kaupmannahöfn, Q-media og Cekvina, Universitetet Århus.
- Kruse, Anne-Mette. 1989. Pigeskole eller fællesskole, Debatten omkring århundredeskiftet. *Pigernes Skole* (Adda Hilden og A-M Kruse ritstýrðu), bls. 43-73. Århus, KLIM.
- Kruse, Anne-Mette. 1995. Piger og drenge har forskellige skoleliv. *Nul til Fjorten, Pædagogisk Tidsskrift for Daginstitutioner og Klubber* 5,1:69-74.
- Kruse, Anne-Mette. 1996. Flickors och pojcars olika skolliv. *Skolbarn* 6,6:9-13. Stockholm, FortbildningsFörlagen.
- Kruse, Anne-Mette. 1996. Approaches to Teaching Girls and Boys: Current Debates, Practices and Perspectives in Denmark. *Women's Studies International Forum* 19,4:429-446.
- Kryger, Niels. 1995. Wild boys in the schools of manners. *Towards New Masculinities [...]* (Lauri Dammert ritstýrði og skrifaði formála), bls. 47-48. Kaupmannahöfn, Nordic Council of Ministers.

- Kvalheim, Ingeborg Lödrup. 1980. *Barns læring av sosiale roller*. Oslo, Universitetsforlaget.
- Leikskólinn Hjalli. Óbirtar niðurstöður úr foreldrakönnunum 1994-1999.
- Lloyd, Barbara og Duveen, Gerard. 1992. *Gender Identities and Education; The Impact of Starting School*. London, Harvester Wheatsheaf.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28, 1991.  
Netið.<http://www.althingi.is/lagas/122a/1991028.html>.
- Maccoby, Eleanor E. 1978. Sex Differences in Intellectual Functioning. *The Development of Sex Differences*, bls. 25-54. Tavistock Publications.
- Maccoby, Eleanor E. 1994. Commentary. *Childhood Gender Segregation* [...] (Campbell Leaper ritstýrði og skrifaði formála), bls. 87-98.  
San Francisco, Jossey-Bass.
- Mahony, Pat. 1985. *Schools for the Boys?* London, Hutchinson Education.
- Mahony, Pat. 1999. Girls will be girls and boys will be first. *Failing Boys?* [...], bls. 37-55. (Epstein, Elwood, Hey og Maw ritstýrðu. Fyrsta útg. 1998). Buckingham og Philadelphia, Open University Press.
- Mahony, Pat og Frith, Ruth. 1996. Equality in the English Marketplace. *Women's Studies International Forum* 19,4:381-394.
- Marecek, Jeanne. 1995. Psychology and Feminism: Can This Relation Be Saved? *Feminisms in the Academy*, (Stanton og Stewart ritstýrðu). Michigan, The University of Michigan Press.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann, leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Reykjavík, Mál og menning.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1995. Børnehaven Hjalli, Island. *Nul til Fjorten, Pædagogisk Tidsskrift for Daginstitutioner og Klubber* 5,1:33-44.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1998. Kynjaskipting í leikskólanum Hjalla. *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi*, [...] (Anne Lise Arnesen ritstýrði og skrifaði inngang), bls. 59-71. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Martin, Carol Lynn. 1994. Cognitive Influences on Gender Segregation. *Childhood Gender Segregation* [...] (Campbell Leaper ritstýrði og skrifaði formála), bls. 35-52. San Francisco, Jossey-Bass.
- McCreary Juhasz, A. og Munshi, N. 1990. „Faces and Feelings“; A Projective Technique [...]. *Perceptual and Motor Skills* 70:691-702.

- Miller, Mary. 1998. All Girls' Education: Is It a Good Idea? *The Minnesota Women's Press*, May 1998. Minnesota, The Minnesota Women's Press.
- Moir, Anne og Jessel, David. 1991. *Brain Sex: The Real Difference Between Men & Women*. New York, Carol Publishing Group.
- Nordahl, Bertill. 1997-a. *Tarzan i Damejunglen*. Samsø, Forlaget Nielsens.
- Nordahl, Bertill. 1997-b. *Pigerne & drengene - ni samtaler om kønnets betydning*. Samsø, Forlaget Nielsen.
- Ofsted. 1996. *The Gender Divide, Performance differences between boys and girls in school*. London, HSMO Publications Centre fyrir Office for Standards in Education og Equal Opportunities Commission.
- Ogden, T. 1998. Nordiske 10-áringers kompetanse i et komparativt perspektiv. *10-áringar i Norden* [...] (Backe-Hansen og Ogden ritstýrðu og skrifuðu hluta bókarinnar), bls. 103-150. Kaupmannahöfn, Nordisk Ministerråd.
- Ogden, T. og Backe-Hansen, E. 1998. Metode. *10-áringar i Norden* [...] (Backe-Hansen og Ogden ritstýrðu og skrifuðu hluta bókarinnar), bls. 59-69. Kaupmannahöfn, Nordisk Ministerråd.
- Orr, Patrick. 1992. Sex bias in Schools: National Perspectives. *Girl friendly* [...] (Whyte, Deem, Kant og Cruickhank ritstýrðu). London, Routledge.
- Paley, Vivian Gussin. 1986. *Boys & Girls, Superheroes in the Doll Corner*. Chicago, The University of Chicago Press.
- Palmer, Donald D. 1997. *Structuralism and Poststructuralism for Beginners*. New York, Writers and Readers Publishing.
- Powlishta, Kimberly K. 1995. Gender Segregation among Children [...]. *Young Children* 50,5:61-69. Washington, NAEYC.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. 1996. Kynferði, jafnrétti og þroski barna. *Uppeldi og menntun* 5:105-119.
- Reed, Lynn Raphael. 1999. Zero tolerance: Gender performance and school failure. *Failing Boys?* [...] (Epstein, Elwood, Hey og Maw ritstýrðu, fyrsta útg. 1998), bls. 56-76. Buckingham og Philadelphia. Open University Press.
- Reisby, Kirsten. 1998. Kønssensitiv pædagogik. *Likt og ulikt* [...] (Anne Lise Arnesen ritstýrði og skrifaði inngang), bls. 16-38. Oslo, Høgskolen i Oslo.
- Riordan, Cornelius. 1990. *Girls & Boys in School, Together or Separate?* New York and London. Teachers College Press. Columbia University.

- Rithander, Susanne. 1991. *Flickor och pojkar i förskolan. Hjälpfröknar och rebeller*. Stockholm, Almqvist & Wiksell Förlag AB.
- Serbin, Lisa A., Powlishta, K. 1994. The Emergence of Gender Segregation in Toddler Playgroups. *Childhood Gender Segregation [...]* (Campbell Leaper ritstýrði og skrifaði formála), bls. 7-18. San Francisco, Jossey-Bass.
- Shaw, Jenny. 1995. *Education, Gender and Anxiety*. London, Taylor and Francis.
- Sjöquist, Kajsa. 1998. *Jämställdhetsvidgade könsroller för pojkar och flickor i förskolan. En projektbeskrivning*. Gävle, Tittmyran og Björntomten.
- Smithers, A. og Robinson, P. 1995. *Co-educational and Single-Sex Schooling*. Manchester, Centre for Education and Employment Research, University of Manchester.
- Spender, Dale. 1989. *Invisible Women; The Schooling Scandal*. London, The Women's Press.
- Stanworth, Michelle. 1988. *Gender and Schooling: A study of sexual divisions in the classroom* (fyrsta útg. 1981). London, Hutchinson.
- Stenberg, Ann. 1997. *Flickor och pojkar i samma skola*. Solna, Svíþjóð, Ekelunds Förlag AB.
- Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir*. 1985. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Valgerður H. Bjarnadóttir. 1991. Stelpnabekkir og strákabekkir fyrr og nú, hér og þar. *Kynjaskiptar deildir, 8. bekkur Gagnfræðaskóla Akureyrar [...]*, bls. 24-37. Akureyri, Gagnfræðaskóli Akureyrar.
- Ve, Hildur. 1998. Aksjonsforskning som grunnlag for likestillingsarbeid i skolen. *Likt og ulikt [...]* (Anne Lise Arnesen ritstýrði og skrifaði inngang), bls. 93-112. Oslo, Høgskolen i Oslo.
- Veraldarvefurinn. 1999. *Reports finds separating by sex not the solution to gender inequity in schools*. 11. mars 1999.  
<http://www.aauw.org/2000/ggpr.html>.
- Wirsén-Meurling, Ann. 1996. Är hjärnan jämlik? *Skolbarn* 6,6:26-31. Stockholm, FortbildningsFörlagen.

## **Munnlegar heimildir / viðtöl**

María Ölversdóttir (leikskólastjóri í Reykjakoti, Mosfellsbæ). Um kynjaskipt leikskólastarf í Reykjakoti og í öðrum leikskólum. 4. des. 1999.

Sjöquist, Kajsa (leikskólakennari í leikskólanum Björntomten, Tröje í Svíþjóð). Um kynjaskipt leikskólastarf í Björntomten og samvinnu við grunnskóla. 2. des. 1999.

# Fylgiskjöl

1. Myndræn spurningakönnun fyrir yngri börn - drengjaútgáfan  
Faces and feelings e. McCreary Juhasz, A. og Munshi, N. 1990.  
*Staðfærð útgáfa vegna rannsóknarinnar á gengi Hjallabarna.*
2. Spurningalisti fyrir eldri börn - stúlknaútgáfan  
Spurningar samdar fyrir rannsóknina á gengi Hjallabarna:  
*Það sem mér finnst um stelpur og stráka.*  
*Hvernig líður mér með öðrum.*
3. Spurningalisti fyrir foreldra  
Spurningar samdar fyrir rannsóknina á gengi Hjallabarna:  
*Það sem foreldrar telja um viðhorf síns barns til kynjanna.*  
*Það sem foreldrum finnst um málefni stelpna og stráka í skólum.*  
*Um sérþarfir og fötlun sem hafa áhrif á skólagöngu.*  
*Um leikskólagöngu og undirbúning fyrir skólagöngu.*
4. Spurningalisti fyrir kennara  
Spurningar samdar fyrir rannsóknina á gengi Hjallabarna:  
*Viðhorf nemandans gagnvart hinu kyninu.*